

FERÐA- OG SAMGÖNGUNEFD LH

Skýrsla 2018.



Á Vatnsnesi, riðið úr Katadal upp Kattarófu.

Ljósmynd Magnús Ólafsson

Starfslýsing fyrir reiðveganefndir landssvæða.

1. Landinu skal skipt í sjö svæði og reiðveganefndir skipaðar á hverju þeirra.
2. Reiðveganefndirnar skulu skipaðar fulltrúa frá hverju hestamannafélagi innan hvers svæðis.
3. Reiðveganefndirnar velja sér formann og varaformann
4. Ferða- og samgöngunefnd LH skal skipuð formönnum reiðveganefnda hvers svæðis.
5. Stjórn LH skipar formann og varaformann Ferða- og samgöngunefndar
6. Reiðveganefndirnar sækja um reiðvegafé ár hvert til LH.
7. Reiðveganefndirnar vinna að framkvæmdaáætlun reiðvega á sínu svæði til a.m.k. fjögurra ára í senn.
8. Reiðveganefndirnar skulu skila inn framkvæmdaskýrslu ár hvert til skrifstofu LH um þegar unnin verk og gera grein fyrir úthlutuðu fjármagni til reiðvegagerðar innan síns svæðis.
9. Reiðveganefndirnar sem trassa að skila inn framkvæmdaskýrslum og greinagerð vegna reiðvegaframkvæmda eiga á hættu að vera ekki með við næstu úthlutun reiðvegafjár.
10. Reiðveganefndirnar leitast við að efla tengsl við Vegagerðina, funda a.m.k. einu sinni á ári með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar á viðkomandi svæðum.
11. Reiðveganefndirnar kynna sér framkvæmdaáætlanir Vegagerðarinnar í sínu umdæmi og bregðast við þeim eftir sem við á.
12. Reiðveganefndirnar kynna Vegagerðinni sínar reiðvegaáætlanir.
13. Reiðveganefndirnar skulu fylgjast vel með skipulagsmálum í sínu umdæmi og gera viðeigandi athugasemdir á vinnslustigi skipulags, er varðar reiðvegi, reiðleiðir eða áningahólf.
14. Hestamannafélögum sem kjósa að vera utan samstarfs reiðveganefndanna skulu ekki útilokuð frá að sækja um reiðvegafé á sitt starfssvæði.

FERÐA- OG SAMGÖNGUNEFND.

Ferða- og samgöngunefnd LH skipa formenn svæðisbundnu reiðveganefndanna ásamt formanni skipuðum af LH, þessi skipa nefndina árið 2018.

Nöfn:	Tölvupóstföng:	Símar:
Halldór H. Halldórsson formaður	bilamalunh@gmail.com	892 8678
Sæmundur Eiríksson SV svæði varaform.	klopp@simnet.is	699 7747
Einar Á. Sæmundsen Suðursvæði 1	einar@thingvellir.is	891 6764
Marteinn Hjaltested Suðursvæði 2	hestahof@hestahof.is	696 1332
Marteinn Valdimarsson Vestursvæði	marteinn@loftorka.is	860 9004
Kristján Þorbjörnsson N.V.svæði	kirgilst@simnet.is	892 1713
Örn Viðar Birgisson N.A. svæði	ornvidarbirgisson@gmail.com	844 1045
Halldór Halldórsson Austursvæði	bilamalunh@gmail.com	892 8678



Ferða- og samgöngunefnd LH:

Störf Ferða- og samgöngunefndar voru með hefðbundnum hætti sl. starfsár. Fundur í nefndinni var haldinn 16. mars sl. í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal, fundargerð þess fundar er hér aftar í skýrslunni. Að öðru leyti hafa samskipti nefndarmanna verið með rafrænum hætti eða símleiðis. Ekki hefur enn verið skipaður formaður sameiginlegrar reiðveganefndar á austursvæði. Formaður Ferða- og samgöngunefndar gætir hagsmuna félaga á austursvæði meðan það ástand varir.

Kallað var eftir umsóknum um reiðvegafé frá hestamannafélögunum fyrir árið 2018 og greinagerðum vegna reiðvegaframkvæmda ársins 2017. Framlengdur umsóknarfrestur í reiðvegaskjóð var til og með 28.febrúar.

Reiðveganefndir hestamannafélaganna sækja um reiðvegafé í gegnum kortasjana á sérstökum eyðiblöðum sem þar er að finna. Einnig að gera grein fyrir framkvæmdum liðins árs. Talsverðar endurbætur hafa verið gerðar á umsóknarferlinu sérstaklega er varðaði teiknun reiðleiða í kortasjana. Vel hefur tekist til með að umsóknir um reiðvegafé berist LH með rafrænum hætti, en sem kunnugt er ber félögunum að senda umsóknir um reiðvegafé um kortasjana, einnig skil á greinagerðum um unnar reiðvegaframkvæmdir.

LH stóð fyrir málþingi um úrbætur í reiðvegamálum þann 14. október 2017 í Borgarnesi. Þar voru mörg góð erindi flutt er varða reiðvegi og reiðleiðir, betur er gert grein fyrir því hér aftar í skýrslunni.

Samstarfsnefnd var skipuð til að fylgja eftir ályktunum málþings um úrbætur í reiðvegamálum.

LH átti í samstarfi við Bláskógabyggð um merkingar reiðleiða á Kili, útbúnir voru 15 stk. vegprestar með samtals 42. stk. vegvísun og 4 stk. fræðslu- og upplýsingaskilti sem eru bæði á íslensku og á ensku.

Fundur í Ferða- og samgöngunefnd var boðaður föstudaginn 16. mars sl. fundargerð fundarins fer hér eftir:



Ferða- og samgöngunefnd LH 2018

Fundargerð.

Frá fundi Ferða- og samgöngunefndar LH föstudaginn 16. mars 2018, kl. 13:00 í 16:00 fundarstaður íþróttamiðstöðin Laugardal salur A.

Mætt til fundarins voru:

Halldór H. Halldórsson formaður Samgöngunefndar, Sæmundur Eiríksson Suðvestursvæði, Marteinn Valdimarsson Vestursvæði, Magnús Ólafsson Norðursvæði 1, Örn Viðar Birgisson Norðursvæði 2, Þröstur Sigurðsson Suðursvæði 2 og Einar Á. Sæmundsson Suðursvæði 1. Enginn fulltrúi hefur verið skipaður fyrir Austursvæði og sér HH um þeirra mál.

1. Skýrsla síðasta starfsárs.

Lögð fram skýrsla síðasta starfsárs til skoðunar og umræðu.

Rafræn skýrsla var send til formanna hvers svæðis í tölvupósti, einnig eiga skýrslur Samgöngunefndar að vera aðgengilegar á vef LH : <https://www.lhhestar.is/>

2. Reiðvegir 2017- uppgjör / Fjárheimildir 2017.

HH fór yfir samantekt á fjárheimildum og framkvæmdum vegna reiðvega 2017.

Samtals voru framkvæmdir hestamannafélaganna kr. 57.489.148,-. Af heildarupphæðinni kr. 60.000.000,- til reiðvegamála voru ónýttar kr. 2.510.852 í sjóði Vegagerðarinnar.

Suðursvæði 2 : Kópur fékk úthlutað kr. 1.200.000,- sem ekkert var notað. Sindri fékk úthlutað kr. 1.000.00,- en framkvæmdi fyrir kr. 1.675.703,- ónotað var á þessu svæði kr. 585.031,-

Suðursvæði 1 : Úthlutun og framkvæmdir nánast á sléttu. Aukafjárveiting frá Vegagerðinni í nýja reiðleið á Þingvöllum milli Sleðaás og Gjábakka kr. 1.500.000,- og kr. 1.500.000,- til Sleipnis vegna reiðvegar í Uppsálandi, ferðaleiðir.

Suðvestursvæði : Á suðvestursvæði er Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna rekið sem fyrirtæki. Reikningar frá félögunum eru skrifaðir á RK sem sendir reikning til VR að viðbættu 1% álagi vegna umsýslu og ljósrit af reikningi hvers félags fylgir með. Þeir peningar sem þannig safnast saman eru síðan nýttir til framkvæmda innan suðvestursvæðis. Hluti af þessum sjóði var notaður þetta árið til viðhalds á reiðleið frá Fellsendaflóa og til Skógarhóla kr. 415.003,-

Vestursvæði : fjárveitingar fullnýttar, aukafjárveiting frá Vegagerðinni til Storms kr. 400.000,-

Norðursvæði 1 : fjárveitingar fullnýttar, aukafjárveiting frá Vegagerðinni til Þyts kr. 1.500.000,- Hringvegur milli 714 og 715.

Norðursvæði 2 : fjárveitingar fullnýttar.

Austursvæði : fjárveitingar fullnýttar.

HH : enn og aftur er brýnt fyrir mönnum að nota alla úthlutaða peninga og stefna að því að klára verkin fyrir haustið áður en vetrarveður fara að skella á.

ES : á fundi með Vegagerðinni á Suðursvæði kom fram að gengið verður harðar á eftir því að menn séu í sambandi við verkstjóra Vegagerðar á viðkomandi svæði við upphaf og lok framkvæmda og að verkin séu tekin út af starfmönnum Vegagerðar við verklok.

3. Skil á greinagerðum.

Af 35 hestamannafélögum sem fengu úthlutað framkvæmdafé árið 2017 eru 11 sem ekki skila greinagerð vegna framkvæmda síðasta árs. Greinagerðir sem eru rétt útfylltar eru 18. Minnt er á að greinagerðum má skila inn strax þegar verki er lokið.

4. Skil á umsóknum.

Af 44 hestamannafélögum eru 35 sem senda inn umsóknir um reiðvegafé og þar af eru 15 rétt útfylltar. Umsóknir með teiknaðar reiðleiðir í kortsjá eru alls 25.

5. Málþing um úrbætur í reiðvegumálum.

Sagt frá málþingi sem haldið var í Borgarnesi. Fundargerð, ályktun og erindi sem flutt voru á málþingi eru aðgengileg á veg LH : <https://www.lhhestar.is/>
Í kjölfar Málþings var skipuð Samráðsnefnd um úrbætur í reiðvegumálum og hafa verið haldnir tveir fundir. Beiðni hefur verið send í Samgöngumálaráðneytið um fund með ráðherra Sigurði Inga, ekki hefur enn verið orðið við þeirri beiðni.

HH : vegna breytinga á umferðalögum var fundað með fyrrverandi samgöngumálaráðherra Jóni Gunnarssyni. Ráðherra gaf vilyrði fyrir því að reiðvegir yrðu skilgreindir betur í breyttum umferðalögum. Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir er ekkert talað um reiðvegi.

Einnig var rætt við ráðherra um aukin framlög til reiðvegumál, það hefur ekki enn skilað sér.

6. Þjófadalir, Kjölur, Hveravellir merkingar reiðleiða.

Á nýlega samþykktu aðalskipulagi Bláskógabyggðar er ekki sýnd reiðleið vestan við Þjófafell um Þjófadali. Sent var erindi til Bláskógabyggðar og haldinn fundur með fulltrúa sveitarfélagsins Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir í Bræðratungu og Einar Sæmundssen frá Hestamannafélaginu Loga. Ákveðið var að gera tillögur um merkingar á leiðum og uppsetningu fræðsluskilta. Einnig var sett fram tillaga að sérmerkingum á reiðleiðum í kortasjá þar sem ekki mætti vera með rekstur á lausum hrossum. Sett var upp lokuð kortasjá sem sýnir þær leiðir.

Merkingar og lokuð kortasjá : <http://omar.map.is/lh/> sýnt nú á fundi Samgöngunefndar og voru fundarmenn samþykkir þessum tillögum og framsetningu. Upplýst að til merkinga á reiðleiðum á Kili hefur fengist aukafjárveiting frá Vegagerðinni upp á kr. 2.000.000,-

Eftir fund Samgöngunefndar voru sendar til Guðrúnar upplýsingar um lokaða kortasjá vegna reiðleiða á Kili til skoðunar og athugasemda hjá sveitarfélaginu.

7. Úthlutun reiðvegafjár ársins 2018 var eftirfarandi.

Tillaga að úthlutun til ferðaleiða :

Ferðaleiðir 2018							
Hestamannafélag:	R.nr:	Reiðleið	Umsókn 2018	Úthlutun 2018	Mótframl. Sveitarfél, aðrir	Fjárbörf	Fé til ráðstöfunar
Adam	R 407.01	Leggjárbjórtsleið; Botnsá - Sýslumörk	3.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.
Hörður	R 10.06	Þingvallaleið; Kjósarskarð - Skógarhólar	5.250.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.	5.250.000 kr.	1.000.000 kr.
Hörður	R407.01	Leggjárbjórtsleið; Svartagil - Þórisgil	3.900.000 kr.	0 kr.	0 kr.	3.900.000 kr.	0 kr.
Fákur			0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Sóti	xx	Færsla reiðvegjar frá akvegi við Breiðumýri	620.000 kr.	0 kr.	120.000 kr.	500.000 kr.	120.000 kr.
			0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
			0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ljófur	R 13.08	Bæjarþorpsheiði; Undirgöng - Þorlákshafnarveg	4.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	4.000.000 kr.	0 kr.
Smári	R 18.18	Árnesleið; Gunnbjarnarholt - Þrándarholt	7.000.000 kr.	0 kr.	850.000 kr.	6.150.000 kr.	0 kr.
Logi	R 10.15-1	Kjalvegur merkingar	2.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.
Sleipnir og Smári	R 18.17	Skeiðavegur; Kílhraun Suðurlandsvegur	12.540.000 kr.	1.500.000 kr.	6.000.000 kr.	6.540.000 kr.	7.500.000 kr.
Suðursvæði 2	R 32.01	Með Landvegi, Þjóðvegur 1 - Galtalækur	19.900.000 kr.	1.500.000 kr.	0 kr.	19.900.000 kr.	1.500.000 kr.
Suðursvæði 2	R 213.16		0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
			0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Snæfellingur	XX	Prestahraun; Prestahraun - Sveinsstaðir	4.500.000 kr.	0 kr.	300.000 kr.	4.200.000 kr.	300.000 kr.
Borgfirðingur	R 23.02	Eskiholt Uxahryggir; Eskiholt - Hvítá v/Síki	1.300.000 kr.	0 kr.	0 kr.	1.300.000 kr.	0 kr.
Borgfirðingur	R 23.01	Eskiholt - Löngufjörur, Laxholt - Hagahraun	3.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.	3.000.000 kr.	1.000.000 kr.
Stormur	XX	Dýrafjörður; Ketilseyri - Hvammur	2.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.
Skagfirðingur	R 35.17-8	Vatnsskarð; Gýgjarfoss - Valadalur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
			0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Léttir	áning	Kaupangur; Áningastaður	2.000.000 kr.	0 kr.	500.000 kr.	1.500.000 kr.	500.000 kr.
Þráinn	R 38.16	Skuggabjargarleið; Gamla Fnjóskábrú - Þjóðveg	6.300.000 kr.	1.500.000 kr.	400.000 kr.	5.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Freyfaxi	R -XXX	Íðavellir; Íðavellir - Uxalækur	2.512.000 kr.	0 kr.	300.000 kr.	2.212.000 kr.	300.000 kr.
			0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Grani	R 32.21	Hvamsheiði; Laxamýri - Ysti Hvammur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
			79.822.000 kr.	6.500.000 kr.	8.470.000 kr.	71.352.000 kr.	14.970.000 kr.

Tillaga að úthlutun í samþykkt samhljóða

Landssamband hestamannafélaga						
Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2018						
Svæði:	Umsókn 2018	Úthlutun 2018	Mótframlag Sveitarfélag, aðrir	Til ráðstöfunar Alls	Hlutfall af úthl.	Hlutfall af heild
Suðvestursvæði, Reykjanes:	61.190.040 kr.	8.300.000 kr.	35.636.640 kr.	43.936.640 kr.	16,60%	32,50%
Suðursvæði 1, Suðurland vestur:	58.050.000 kr.	7.000.000 kr.	18.550.000 kr.	25.550.000 kr.	14,00%	18,90%
Suðursvæði 2, Suðurland austur:	25.350.000 kr.	5.000.000 kr.	4.800.000 kr.	9.800.000 kr.	10,00%	7,25%
Vestursvæði Vesturland / Vestfirðir	29.324.323 kr.	6.500.000 kr.	2.350.000 kr.	8.850.000 kr.	13,00%	6,55%
Norðursvæði 1, Norðvesturland:	14.030.000 kr.	6.400.000 kr.	2.600.000 kr.	9.000.000 kr.	12,80%	6,66%
Norðursvæði 2, Norðausturland:	26.577.000 kr.	7.300.000 kr.	6.600.000 kr.	13.900.000 kr.	14,60%	10,28%
Austursvæði, Austurland:	5.840.000 kr.	3.000.000 kr.	700.000 kr.	3.700.000 kr.	6,00%	2,74%
Ferðaleiðir	79.822.000 kr.	6.500.000 kr.	8.470.000 kr.	14.970.000 kr.	13,00%	11,07%
Reiðvegaskráning	5.500.000 kr.	0 kr.	5.500.000 kr.	5.500.000 kr.	0,00%	4,07%
Samtals kr.	305.683.363 kr.	50.000.000 kr.	85.206.640 kr.	135.206.640 kr.	100,00%	100,00%

Tillaga að úthlutun á reiðvegfé til landssvæða í samþykkt samhljóða

8. Önnur mál :

HH : lesið upp bréf frá Hrönn Hákonsson um viðmót ferðþjónustuaðila á Hvervöllum gangvart hestamönnum. Þar sem fram kom að ekki sé hægt að hafa almenna ferðamenn í sama húsi og hestaferðamenn. Hestaferðamenn verði því að borga fyrir allt gistirými í húsi óháð stærð hópsins. Er þetta eitthvað sem aðrir hafa reynslu af ?

ES : ég veit til þess að Tungnamenn sem alltaf höfðu aðstöðu á Hveravöllum í smölun á haustin eru hættir því vegna mikils kostnaðar og halda nú til í Gíslaskála.

HH : lesin upp beiðni frá Guðjóni Fjeldsted landfræðingi sem er að vinna landfræðilegan grunn í kringum ferðþjónustu á Vesturlandi um að fá afhentar reiðleiðir úr kortasjá af öllu landinu.

SE : mér list ekkert á þessa beiðni í fundarmenn sammála.

ES : vegna sérmerkinga á reiðleiðum þar sem ekki má vera með lausa hesta þá munum við hjá Þingvallabjóðgarði skoða hvort banna eigi rekstur á hrossum um Hrauntún og milli Gjábakka og Langastígs.

MV, ES : lagt til að umsóknir og úthlutun á reiðvegafé verði fyrir á ferðinni. Oft er tíðarfar þannig fyrri hluta árs að gott er að nota frostakafla til þess að keyra út efni á viðkvæma reiðvegi.

MV : haldið verður áfram að leggja bundið slitlag á akveg um Lundarreykjadal. Að hafa reiðveg við hlið akvegur er ekki góð hugmynd og munum við leggja áherslu á að reiðleiðin verði með Grímsá og þá í samráði við landeigendur og veiðifélagið.

Til upplýsinga : reiðleið með Grímsá er á samþykktu aðalskipulagi Borgarbyggðar og er sýnd þannig í kortasjónni með ánni - SE

Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða : Hestamannfélagið Neisti og Hestmannafélagið Skuggi sendu inn umsóknir síðasta haust. Úthlutun ætti að liggja fyrir í þessum mánuði.

Skráð : Sæmundur Eiríksson.

Nokkrir fundir hafa verið haldnir með Vegagerðinni á starfsárinu og fer efni þeirra hér á eftir:



Vegagerðin:

Fundur hjá Vegagerðinni Fundargerð:

Frá fundi hjá Vegagerðinni Borgartúni 7, fimmtudaginn 1. mars 2018, kl.10.00 í 11.00.

Mættir til fundarins voru :

Stefán Erlendsson framkvæmdarstjóri stoðsviðs hjá Vegagerðinni, Halldór H. Halldórsson formaður samgöngunefndar LH og Sæmundur Eiríksson formaður reiðveganeftndar SV-svæðis.

STE : Reiðvegafé til úthlutunar er óbreytt frá síðasta ári 60 milljónir og skipting er óbreytt 50 milljónir til úthlutunar hjá LH og 10 milljónir til úthlutunar hjá Vegagerðinni.

Lagt fram yfirlit um úthlutun úr Reiðvegasjóði Vegagerðar árið 2017 alls kr. 7.447.215,-

HH : Við fengun á síðasta ári úthlutað úr sjóði Vegagerðar til kortasjár kr. 3.500.000,- og óskum eftir sömu upphæð þetta árið. Leyfisgjöld til Loftmynda vegna kortasjá eru um kr. 1.500.000,- á ári.

Nú eru Loftmyndir að vinna í viðbót í kortasjána þannig að mögulegt verði fyrir notendur að setja inn lýsingar og myndir af ferðum sínum, kostnaður samkvæmt tilboði kr. 986.000,-.

SE : Í lok síðasta árs og það sem af er þessu ári hefur verið unnið í endurskoðun og breytingum á reiðleiðum í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu vegna nýrra og breyttra aðalskipulagsupphátta. Það er stefna Samgöngunefndar LH að Kortasjáin sýni ávallt reiðleiðir eins og þær eru hverju sinni samkvæmt gildandi aðalskipulagi hvers sveitarfélags.

HH : Á nýju aðalskipulagi Bláskógabyggðar er auk ýmissa breytinga á reiðleiðum búið að taka út reiðleið um Þjófadali vegna þess að hestaferðahópar hafa verið að fara þar um með hrossarekstra sem er bannað. Við höfum verið í sambandi við fulltrúa sveitastjórnar, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir í Bræðratungu um þetta mál og lagt til að með góðum merkingum verði hrossarekstrum beint inn á ákeðnar reiðleiðir á Kili eins og austan við Þjófafell og þá yrði farið einhesta um Þjófadali austan við Þjófafell. Sett yrðu upp fjögur fræðsluskilti við skálana, Fremstaver, Árbúðir, Gíslaskála og Hveravelli, einnig yrðu settir upp 11 vegprestar með um 35 vegvísunum á leiðinni frá afréttarhliði ofan við Gullfoss og til Hveravalla. LH mun sjá um að útbúa skilti og merkingar, sveitarfélagið mun sjá um uppsetninguna. Áætlaður kostnaður er kr. 2.000.000, og er óskað eftir því framlagi úr Reiðvegasjóði Vegagerðar.

HH : Í sumar á að leggja bundið slitlag á Grafningsveg frá Nesjavallavegi í Hagavík. Reiðleið liggur með og á þessum vegi að hluta, ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum til þess að útbúa reiðleið með vegi þar malarvegur hefur verið notaður sem reiðleið eins og um Klungur. Hvert á að senda erindi um það að reiðleið verði lögð með vegi samhliða lagningu á bundnu slitlagi ?

STE : Sendu erindið til mín.

HH : Fundur verður hjá Samgöngunefnd LH þann 16. mars og væri gott að vera búið að fá svör við beiðnum um framlög úr Reiðvegssjóði Vegagerðar fyrir þann tíma.

Skráð Sæmundur Eiríksson

Vegagerðin

Stefán Erlendsson deildarstjóri Stoðsviðs

Reykjavík 5. mars 2018

Efni:

Grafningsvegur 360

Á fundi Reiðveganeftndar SV svæðis með umdæmisstjóra, deildarstjóra og yfirverkstjóra starfstöðvar Vegagerðarinnar í Hafnarfirði þann 22. febrúar sl. var farið yfir þær framkvæmdir sem eru á döfinni hjá Vegagerðinni í ár og gætu skarast á við hagsmuni hestaumferðar.

Í máli Svans G. Bjarnasonar kom m.a. fram að Vegagerðin áformar lagningu bundins slitlags á Grafningsveg 360 frá Nesjavöllum í Hagavík. Að sögn SGB er ekki gerðar ráðstafanir vegna ríðandi umferðar samhliða lagningu bundins slitlags á akveginn, engin fjárveiting er til þess. Á hluta leiðarinnar frá Nesjavöllum í Hagavík þarf ríðandi umferð að fara eftir akveginum, á öðrum stöðum eru reiðslóðar utan við akveg. Um Klungur þ.e. milli Hagavíkurvalla og Hagavíkur er ástandið sérstaklega slæmt og ekki fært ríðandi umferð annars staðar en um akveginn, einnig frá Hagavík um Líktjarnarhál. Reiðvegur á þessu svæði er á skipulagi Grafnings- og

Grímsneshrepps og ófært að ekki sé hugað að ríðandi umferð samhliða lagningu bundins slitlags á akveginn.


All mikil ríðandi umferð er um Grafning, umferð af höfuðborgarsvæðinu kemur um Jórúkleif og fer með Grafningsvegi framhjá Villingavatni áður en hún beygir út að og hjá Steingrímsstöð á Driftir og Lyngdalsheiði. Þá er nokkur hestaumferð úr Ölfusi auk þess sem hestaferðafyrirtæki (Eldhestar o.fl.) eru með hestaferðir um þessar slóðir.

Á meðfylgjandi mynd úr Kortasjá LH má sjá hvernig og hvar akvegur og reiðleið skarast á þeim kafla sem áform eru um að leggja bundið slitlag 2018.

Reiðveganefnd SV svæðis og LH fara þess á leit við Vegagerðina að fjárframlög í fyrirhugaða framkvæmd við Grafningsveg 360 verði aukin til að unnt verði að greiða leið fyrir ríðandi umferð. Það hlítur að vera hagkvæmara að gera úrbætur vegna reiðvegarinnar þegar öll tæki eru á staðnum.

Virðingarfyllst

Halldór H. Halldórsson formaður Ferða- og samgöngunefndar LH
Sæmundur Eiríksson formaður Reiðveganeftndar SV svæðis



Grafningsvegur 360 frá Nesjavöllum um Hagavík.

Lítið bólaði á svörum frá Vegagerðinni vegna ofangreindrar fyrirspurnar, en eftir var gengið að áliðnu sumri og framkvæmdir hafnar við undirbúning lagningu slitlags á Grafningsveg. Tölvusamskipti fara hér á eftir.

Sæll Stefán

Hver er afgreiðsla Vegagerðarinnar á erindi sem Ferða- og samgöngunefnd LH ásamt Reiðveganeftnd SV svæðis sendu til Vegagerðarinnar þann 8. mars sl. og varðar Grafningsveg efri 360. Framkvæmdir eru hafnar varðandi undirbúning að lagningu slitlags á þann kafla vegarinnar sem um ræðir í erindinu, verða reiðleiðir bættar eða lagðar samhliða?

Með kveðju

Halldór Halldórsson

Sælir.

Afsakið að viðbrögð hafi ekki borist fyrir.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar tók málið fyrir á fundi 12.03. 2018 og tók jákvætt í það en vísaði því til svæðis til nánari úrvinnslu og skoðunar. Í þeirri umfjöllun kom fram að mjög erfitt verði að koma reiðleið meðfram vegi um Hagavík vegna þrengsla, bæði vegna fornleifa og svo vegna þess að landeigendur vilji halda öllu raski í lágmarki.

Best er að þið eigið samtal við svæðisstjóra, eða annan umsjónarmann verksins sem hann tilnefnir, um það hvort unnt sé að leysa úr þessu vandamáli. Öll aðstoð vel þegin í því sambandi. Set afrit á svæðisstjóra sem verður þá í sambandi við ykkur í framhaldinu en hann er að klára sumarfrí í vikunni.

Kveðja

Stefán Erlandsson hdl., LL.M

Forstöðumaður lögræðideildar.

Sæll Svanur

Hverjir eru möguleikar á að greiða leið ríðandi umferðar á þeim vegkafla sem um ræðir meðfram Grafningsvegi 360. Er möguleiki á breiðari vegöxl eða að fara með steinbrjót meðfram vegi?

Bestu kveðjur

Halldór Halldórsson

Samgöngunefnd LH

Sælir

Við erum allir af vilja gerðir en það er illmögulegt að koma reiðvegi meðfram þessum kafla í Hagavík. Það er spurning hvort leita eigi leiða við að koma hestaumferðinni Ábakvið fjöllinn í þeirri viðleitni að koma reiðvegum frá aðalveginum.

Kaflinn milli rauðu punktana (1,4 km) er erfiður, nema kannski rétt á 3-400 m kafla við vatnið.



Grafningsvegur 360

Kveðja

Svanur Bjarnason Svæðisstjóri Suðursvæðis

Erindi hefur verið sent sveitarstjóra Grímnæs og Grafningshrepps vegna málsins.

Minna má á meðfylgjandi samkomulag milli Vegagerðarinnar og LH frá 1982 sem því miður virðist ekki gagnast í reynd nema þá í undantekningartilvikum.

Fylgiskjal 3

**SAMKOMULAG
MILLI LANDSSAMBANDS
HESTAMANNAFÉLAGA OG
VEGAGERÐAR RÍKISINS
UM GERÐ REIÐVEGA**

1. gr.

Þegar stofnbrautir eða þjóðbrautir með bundnu slitlagi eru lagðar út frá þéttbýlissvæðum eða annars staðar, þar sem búast má við mikilli umferð, skal þess gætt að haga framkvæmdum á þann veg, að umferð ríðandi manna megi verða sem greiðust, t.d. með gerð reiðvega á vegsvæði meðfram vegum, ef þess er kostur, enda hafi komið um það tillaga frá samstarfsnefnd, sbr. 2. og 3. gr.

2. gr.

Í hverju umdæmi skal starfa samstarfsnefnd skipuð fulltrúa Vegagerðar ríkisins og tveim fulltrúum frá Landssambandi hestamannafélaga.

3. gr.

Samstarfsnefndir skulu fylgjast með áætlun um gerð þjóðvega með bundnu slitlagi og semja álitserðir um lausn á umferðarmálum ríðandi manna, sem lagðar skulu fyrir hönnunaraðila til athugunar og eftirbreytni með hæfilegum fyrirvara.

Samstarfsnefnd skal jafnan eiga aðgang að upplýsingum um áformaða reiðvegi hjá hönnunaraðila.

Samstarfsnefndir skulu jafnframt, þar sem þörf krefur, gera tillögur um gerð reiðleiða meðfram stofnbrautum og þjóðbrautum, sem þegar hafa verið byggðar.

Þá skal samstarfsnefnd fylgjast með reiðleiðum, sem gerðar verða samkvæmt framanskráðu og gera tillögur um viðhald þeirra, eftir því sem þörf krefur.

4. gr.

Ágreiningi sem upp kann að koma innan samstarfsnefndar, er heimilt að vísa til vegamálastjóra eða fulltrúa hans og stjórnar LH, sem ber að fjalla sameiginlega um ágreiningsmál og leita lausnar á þeim.

Reykjavík 07. 05. 1982

F.h. Landssambands hestamannafélaga
Stefán Pálsson (sign)

F.h. Vegagerðar ríkisins
Gunnar Gunnarsson (sign)

Reiðvegahandbókin:

Hafin er vinna við endurskoðun Reiðvegahandbókarinnar sem kom út árið 2006. Reiðvegahandbókin er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga. Ýmsar aðstæður hafa breyst og því talin þörf á endurskoðun og uppfærslu bókarinnar. Þrír fundir þar af tveir vinnufundi hafa voru haldnir sl. vor, framhald verksins verður svo með haustinu. Verkið leiðir Haraldur Sigursteinsson frá Vegagerðinni, frá LH Ferða- og samgöngunefnd eru þeir Halldór H. Halldórsson og Sæmundur Eiríksson. Vonast er til að endurskoðun verði lokið og ný útgáfa bókarinnar líti dagsins ljós á vordögum 2019.



Skipulagsmál:

Athugasemd var gerð við deiliskipulag Vesturlandsvegar vegna breikkunar vegarinnar.

Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssviðs,

09.05.2018

Borgartúni 12-14

101 Reykjavík

skipulag@reykjavik.is

Efni : Vesturlandsvegur, nýtt deiliskipulag

Fyrir hönd Samgöngunefndar Landssambands hestamannafélaga og Reiðveganeftndar í Kjalarnesþingi hinu forna eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg.

Vantar að sýna reiðleið um undirgöng við Móaberg.

Vantar að sýna reiðleið um undirgöng við Saltvíkurveg.

Vantar að sýna tengingu á reiðleið milli vegar að Vallá og norður að vegi sem liggur að Litlu Vallá.

Vantar að sýna reiðleið um undirgöng vestan Arnarhamars.

Óskað er eftir að reiðleið við Arnarhamar verði færð fjær vegi.

Allar breytingar á reiðvegum, tilfærslur og tengingar við undirgöng vegna breikkunar Vesturlandsvegar skulu kostaðar af framkvæmdafé viðkomandi hluta Vesturlandsvegar.

Virðingarfyllst

Samgöngunefnd Landssambands hestamannafélaga

Haldór H. Halldórsson formaður

Reiðveganeftnd í Kjalarnesþingi hinu forna

Sæmundur Eiríksson formaður

Í Reykjavík var áratuga gamall reiðvegur aflagður og breytt í hjólastíg án þess að neitt komi í staðinn þrátt fyrir öflug mótmæli Fáksmanna. Reiðvegurinn sem um ræðir liggur frá gamla Faki við Bústaðaveg um Elliðaárdal að Höfðabakka. Gömlu hesthúsin við Bústaðaveg gegna enn sínu hlutverki, hestahald er stundað þar enn, engar reiðleiðir liggja þaðan eins og staðan er í dag. Samkvæmt nýjum upplýsingum frá formanni Fáks Hirti Bergstað stendur til að friða gömlu hesthúsin og verið er að skoða mögulega með nýja reiðleið í Elliðaárdal eftir tillögu Dagnýjar Bjarnadóttur formanns reiðveganeftndar Fáks.

Á Akureyri varð uppi fótur og fit þegar skyndilega stóð til að loka á ríðandi og gangandi umferð um gömlu brýrnar svokölluðu vegna uppsetningar nýs landingabúnaðar við Akureyraflogvöll. Til stendur að gera nýja göngu- og reiðleið samhliða lagningu jarðstrengs en það yrði bara ekki á næstunni. Léttismenn mótmæltu þessari ráðagerð kröftuglega við bæjaryfirvöld og vakti Sigfús Helgason framkvæmdastjóri Léttis athygli á málinu með grein í Fréttablaðinu þann 24. mars sl.

Lendingarbúnaður lokar leiðum úr bænum

Nýr landingarbúnaður við Akureyrarflugvöll gæti lokað útivistarleið um Eyjafjörð en gömlu brýrnar hafa borið ferðalanga yfir Eyjafjörð síðan árið 1923. Óvíst hvenær ný vegur verður lagður fyrir þann sem tapast undir landingarbúnaðinn.

AKUREYRI Nýr ILS-landingarbúnaður, sem setja á við Akureyrarflugvöll til að styðja betur við millilandaflug um völinn, gæti lokað fyrir göngu- og reiðleið um Eyjafjörð. Hestamenn á Akureyri eru slegnir yfir áformunum og vilja að bætt sé fyrir veginn hið snarasta.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti á fundi sínum 20. febrúar breytingu á skipulagi til að koma búnaðinum fyrir. Segir í tillögunni að það loki núverandi göngu- og reiðleið. „Hins vegar opnast tækifæri við uppbyggingu nýrrar leiðar samhliða lagningu jarðstrengs yfir vesturkvísl Eyjafjarðará,“ segir í tillögunni. Hins vegar er ekki ljóst hvenær farið verður í þær framkvæmdir.

Samkvæmt samþykktu skipulagi hefði því þurft að loka veginum þar sem búnaðurinn yrði staðsettur á gönguleiðinni. Þar með yrði hvorki

Við höfum átt fundi með bænum og viljum auðvitað ekki standa í vegi fyrir millilandaflugi.

Sigfús Helgason, framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Léttis



hægt að fara gangandi né ríðandi yfir gömlu brýrnar svokölluðu sem smíðaðar voru árið 1923 og voru gamli þjóðvegurinn yfir Eyjafjarðará.

Sigfús Helgason, framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Léttis, segir að ef vegurinn verði aflagður

þurfi að leggja nýjan veg hið snarasta. Hestamenn á Akureyri verði innlyksa með þessum aðgerðum. „Við höfum átt fundi með bænum og viljum auðvitað ekki standa í vegi fyrir millilandaflugi. Hins vegar þarf að finna bót á þessu sem allra fyrst,“ segir Sigfús.

Ingibjörg Ólöf Isaksen, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins á Akureyri, segir að málið sé unnið hratt innan bæjarkerfisins. „Í fyrstu var okkur tjáð að landingarbúnaðurinn myndi loka leiðinni. Eftir mikil fundahöld með Isavia og Landsneti hefur hins vegar komið í ljós að möguleiki er til þess að halda veginum opnum. Við erum að skoða alla möguleika í þessum efnum,“ segir Ingibjörg. „Það er okkar kappsmál að svæðið verði áfram nýtt sem útivistarsvæði og því leggjum við ríka áherslu á að finna lausnir á málinu.“
sveinn@frettabladid.is

Það hefur dregist að setja upp landingarbúnaðinn sem verður vonandi til þess að nýja reiðleiðin verði tilbúinn þegar núverandi reiðleið verður lokað.

Málþing um úrbætur í reiðvegamálum:

Í október 2017 stóð LH fyrir vel heppnuðu málþingi um úrbætur í reiðvegamálum þar voru mörg góð erindi flutt m.a. um öryggismál, reiðvegi í þjóðgöðum, gamlar götur ofl. alls tíu erindi.

Í lok málþingsins var samþykkt samhljóma ályktun og starfshópur skipaður til að fylgja ályktun málþingsins eftir, formaður starfshópsins er Vilhjálmur Ólafsson. Dagskrá málþingsins var þessi:

Jóna Dís Bragadóttir ráðstefnustjóri,
Mæting og skráning 10.00 – 10.30

10.30 Setning

Ávarp : Ásta Þorleifsdóttir samgönguráðuneyti.

Erindi:

- 10:45 LH Ferða- og samgöngunefnd í Halldór H. Halldórsson
- 11:00 Reiðvegir flokkun og skráning í kortasjá LH í Sæmundur Eiríksson
- 11:15 Reiðvegir gerð og uppbygging Vegagerðin í Haraldur Sigursteinsson
- 11:30 Reiðleiðir í Þingvallabjórðgarði - Einar Á Sæmundsen
- 11:40 Reiðleiðir í Vatnajökulsþjóðgarði í Þórður H Ólafsson
- 11:50 Umræður / fyrirspurnir

12:00 - 13:00 Hádegisverður

Erindi:

- 13:00 Umferðaröryggi; reiðvegir / akvegir Ólafur Kr. Guðmundsson
- 13:15 Veghald reiðvega í Arnór Halldórsson
- 13:30 Hestaferðafyrirtæki í Begga Rist
- 13:45 Landvernd / náttúruvernd í Landgræðslustjóri Árni Bragason
- 14:00 Mosfellsheiðagötur í Bjarki Bjarnason
- 14:15 Umræður / fyrirspurnir

Kaffihlé

15:00 – 16:00 Vinnuhópar

- **Hugmyndir um úrbætur í reiðvegamálum**
- Fjármögnun reiðvega.
- Hestaferðir almennt.
- Hestaferðir um þjóðgarða.
- Bætt umferðaröryggi.

Samantek og útbúin áskorun um úrbætur í reiðvegamálum til yfirvalda.

Lokaorð varaformaður LH Jóna Dís Bragadóttir.

16:15 -16:30 Ráðstefnuslit



Í aðdraganda málþingsins átti undirritaður ásamt Helgu B. Helgadóttir fund með samgönguráðherra Jóni Gunnarssyni, efni fundarins fer hér á eftir.

Fundur LH með samgönguráðherra 30.08.2017.

Fundarstaður Samgönguráðuneytið Sölvhólsgötu 7 í Tómithúsum, salur á 4. hæð. Viðstaddir; frá Samgönguráðuneyti; Jón Gunnarsson samgönguráðherra (JG), Sigurbergur Björnsson deildarstjóri í ráðuneytinu (SB) og Ólafur E. Jóhannsson aðstoðarmaður ráðherra (ÓEJ) frá LH voru þau Helga B. Helgadóttir stjórnarmaður (HBH) og Halldór H. Halldórsson Ferða-og samgöngunefnd (HHH). Fundartími kl. 9:00 í 9:45.

HHH opnaði á umræður um úrbætur í reiðvegamállum ekki síst með tilliti til gífurlegrar aukningar í hestaferðum og hestatengdri ferðaþjónustu. Vitnaði í að nú væri svo komið að sveitarfélög eru farin að fella út reiðleiðir við skipulagsbreytingar hjá sér m.a. vegna ágangs hestaferða. Nefndi nýleg dæmi um skipulagsbreytingar á reiðleiðum í Bláskógabyggð, frá Hvítárnesi og Árbúðum norður á Kjalveg. Breytingar sem eru vegna ágangs stórra hestaferðahópa. 164 aðilar eru með leyfi frá Ferðamála-stofu fyrir hestaferðir.

HHH ræddi Samgönguáætlun. 2015 í 2018, 60. m.kr. á ári til reiðvega eins og verið hefur frá 2010, árið 2009 var reiðvegafé orðið 70. m.kr. Í samgönguáætlunum 2019 í 2026 sem liggja fyrir Alþingu er gert ráð fyrir sömu fjárframlögum þ.e. 60. m.kr. á ársgrundvelli. Dugir engan veginn til viðhalds þeirra reiðvega sem fyrir eru og hvað þá til nýframkvæmda. Í samgönguáætlun er 50% hækkun á framlögum til göngu- og hjólastíga 2017 sem er vel.

JG ræddi samgönguáætlun og vilja til að auka við reiðvegafé, unnið er að samgönguáætlun 2018- 2030 í ráðuneytinu. Hann sagði ljóst að framlög til reiðvega hefðu setið eftir og að finna þyrfti leiðir til að bæta úr því. Hann gæti engu lofað en vilji væri til þess, allt aukið fjármagn sem til yrði í þjóðarbúinu færu til velferðar- og heilbrigðismála. Níu milljarðar aukalega hefðu fengist til viðhalds vegakerfisins sem væri í molum. JG nefndi að á haustmánuðum yrðu væntanlega kynntar tillögur um úrbætur á vegakerfinu út frá höfuðborgarsvæðinu og hvernig þær yrðu fjármagnaðar.

HBH ræddi hestaleigur og hvernig þær gerðu út á reiðvegi sem hestamannafélögin byggðu upp með opinberu fjármagni og ómældri sjálfböðavinnu, **HHH** það er nefnt hjá Vegagerðinni að hestamenn leggi 5 mtr. af reiðvegum fyrir hverja 2 mtr. sem Vegagerðin leggur. **JG** við í ráðuneytinu erum tilbúin að funda með hestamönnum um það hvernig eða hvort hægt er að finna leiðir til að bæta úr þessum málum. Tók sem dæmi ljósleiðaraverkefni sem verið er að vinna um landið. **HHH** benti á að þjóðarbúið nyti gífurlegra tekna af hestamennsku og hestatengdri ferðaþjónustu svo að hleypur á milljörðum á ársgrundvelli og vitnaði í skýrslur nefnda samgönguráðherra um reiðvegamál. 1998 um reiðvegi, 1999 um reiðvegi á miðhálandi Íslands, 2003 um aukið fjármagn til reiðvega. LH hefur í samstarfi við Vegagerðina fylgt eftir ýmsum tillögum sem hafa komið frá þessum nefndum. M.a. útgáfa reiðvegahandbókar og skráning og flokkun reiðvega í kortasjá. **HHH** nefndi einnig samkomulag milli LH og Vegagerðarinnar frá 1982 um að þar sem vegir eru lagðir bundnu slitlagi og liggja frá þéttbýli eða annars staðar þar sem vænta má mikillar umferðar skuli gerður reiðvegur samhliða og að Vegagerðin færi ekki eftir þessum samkomulagi nema að takmörkuðu leyti.

HHH sagði frá skráningu reiðleiða í kortasjá www.map.is/lh hjá Loftmyndum ehf í samstarfi við Vegagerðina. Þar koma m.a. fram nafn reiðleiðar og lengd í km. Hægt er að sækja gps hnit fyrir reiðleiðir og skála í kortasjána og hlaða niður í gps tæki. Gerð er grein fyrir reiðvegaframkvæmdum í kortasjánni. Samningur hefur verið gerður við Neyðarlínuna um afnot af reiðleiðaferlum í kortasjánni. Reiðleiðaferlarnir hafa einnig verið afhentir Umhverfissráðuneyti vegna undirbúningsvinnu við stofnun miðhálandisþjóðgarðs.

HHH ræddi umferðarlög, ekkert er minnst á reiðvegi eða reiðstíga í gildandi umferðarlögum, 1987 nr.50 30. mars með síðari breytingum. Það eina sem sem lítur að hestum í umferðarlögum er í 45.gr. 3. mgr. og segir *Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða reyna að stjórna hesti, ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna, að hann geti eigi stjórnað hjólinu eða hestinum örugglega.*

Hestamenn hafa í mörg ár barist fyrir því að reiðvegir fái skilgreiningu í umferðarlögum og að réttarstaða ríðandi umferðar verði tryggð. Meðal annars með því að akstur vélknúinna ökutækja verði bannaður á skilgreindum reiðvegum og stígum, eins og á við m.a. um gangstíga og gangstéttir.

HHH sagði frá nefndaráli meirihluta Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til umferðarlaga frá 12. mars 2013 á 141. löggjafarþingi þar sagði í ákvæði um reiðstíga. Eins og fram hefur komið í umsögnum og í umræðu á Alþingi vilja hestamenn tryggja réttarstöðu ríðandi umferðar í umferðarlögum þannig að akstur vélknúinna ökutækja á reiðstígum verði bannaður. Þeir hafa bent á að ekki sé að finna skilgreiningu á reiðvegum eða neitt er varðar réttarstöðu hestaumferðar á skilgreindum reiðvegum, stígum eða slóðum. Að þeirra mati verði að rúmast í nýjum umferðarlögum ákvæði þess efnis að akstur vélknúinna ökutækja sé óheimill á skilgreindum reiðstígum og slóðum. Hugtakið reiðstígur er hvorki í umferðarlagafrumvarpinu eða núgildandi umferðarlögum. Meirihlutinn gerir af þessu tilefni tillögu að breytingu á 16. gr. frumvarpsins þannig að nýjum málslíð verði bætt við 1. mgr. 16. gr.: **Sama á við um almenna reiðstíga sem skipulagðir hafa verið á vegum sveitarfélaga og eru merktir sem slíkir.**

Því miður þá þá náðist ekki klára frumvarp til umferðarlaga á 141. löggjafarþingi 2012 í 2013 og ekkert varð úr að þetta ákvæði næði inn í Umferðarlög.

JG við vitum af þessu hér í ráðuneytinu og erum að vinna í breytingum á umferðarlögum, beindi orðum að **SB**, verður þetta ákvæði ekki inni í breytingunum? **SB** býst við því, en hestamenn eru hvattir til að senda inn erindi vegna þessa, best að fá svona ákvæði inn strax á vinnslustigi. Gert er ráð fyrir að ný umferðarlög verði lögð fyrir Alþingi á nýju ári, en þau verða til umsagnar frá 29. september. LH þarf að fylgjast vel með og senda umsagnir og athugasemdir til vinnuhópsins.

HHH ræddi vegalög, og þá helst veghald reiðvega og vitnaði í 12. og 13 gr. vegalaga.

■ 12.gr. *Almennt.*

☐ Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma.

■ 13.gr. *Veghaldarar.*

☐ Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega.

☐ Eigendur einkavega hafa veghald þeirra.

En hver telst veghaldari reiðvega. Óvissa er í lögum í dag hver telst veghaldari reiðvega, vilji er til þess hjá Vegagerðinni að skýrt verði í endurskoðun á vegalögum að veghald reiðvega verði hjá hestamannafélögunum. **HHH / HBH** lýstu andstöðu við að hestamannafélög hafi veghald reiðvega. **JG** hver teljið þið að eigi að hafa veghald reiðvega? Teljum það eiga að vera hjá ríki eða sveitarfélögum, fjármagn kemur frá þeim aðilum og sveitarfélögin skipuleggja reiðvegi. **JG** það verða þá að vera sveitarfélögin.

HBH / HHH ræddu málþing um reiðvegi 14. október 2017 í sal Menntaskólans í Borgarnesi kl. 10:30 í 15:00.

Er Samgönguráðherra reiðubúinn að flytja ávarp við opnun málþingsins? **JG** er tilbúinn til þess, en óskar eftir að formlegt erindi vegna þessa verði sent á aðstoðarmann sinn olafur.einar.johannsson@srn.is

Fulltrúum ráðuneytisins var afhent eintak af Reiðvegahandbókinni, umhverfisstefnu LH, umferðar- og umgengnisreglum LH og samantekt yfir úthlutanir reiðvegafjár frá 1995 til dags í dag.

HHH / HBH

Í framhaldi fundar með ráðherra var sent ítrekað erindi til samgönguráðuneytisins með beiðni um að við endurskoðun á umferðarlögum verði tillit tekið til óska hestamanna um skilgreiningu reiðvega í umferðarlögum.

Sigurbergur Björnsson

Samgönguráðuneytinu.

Landssamband hestamannafélaga ítrekar fyrri athugasemdir og leggur fram óskir um að við endurskoðun umferðarlaga í Samgönguráðuneytinu skuli gert ráð fyrir skilgreiningu á reiðvegi í frumvarpi til umferðarlaga og að réttarstaða ríðandi umferðar tryggð í því frumvarpi með banni við akstri vélknúinna ökutækja á skilgreindum reiðvegum. Það er einörð krafa hestamanna að fullt tillit verði tekið til krafna um að reiðvegir verði skilgreindir í umferðarlögum, sem og var í drögum 0709 að umferðarlögum, og réttarstaða ríðandi umferðar verði þannig tryggð. Það er mat hestamanna að í umferðarlögum eigi reiðvegir heima, þar eru hjóla- og göngustígar sem eru flokkaðir sem almennir stígar ásamt reiðstígum í Vegalögum.

LH bendir á nefndarálit meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar frá 12. mars 2013.

Ekki var að sjá að ráðuneytið ætlaði að verða við þessu óskum okkar amk. var það ekki að sjá í drögunum þann 15 mars sl. Eftirfarandi póstur var því sendur á stjórn LH og Samgöngunefnd, en frestur til að gera aths. var að renna út.

Ég var að renna yfir drög að nýjum umferðarlögum, ég sé ekkert um Reiðstíga eða annað hestatengt í drögunum, nema þá um rekstur búffjár. Gefið var loforð fyrir því á fundi sem við Helga B. Helgadóttir áttum með samgönguráðherra Jóni Gunnarssyni þann 30 ág.sl. að í nýjum Umferðarlögum yrði skilgreining á Reiðstígum og að akstur vélknúinna ökutækja yrði bannaður á skilgreindum reiðstígum, og á málþinginu í Borgarnesi áréttaði fulltrúi ráðuneytisins það. Frestur til að skila inn umsögnum rennur út á morgun, hægt er að skoða drög að nýjum umferðarlögum og gera athugasemdir á heimasíðu samgönguráðuneytisins, endilega gerið athugasemdir við drögin. Kveðja Halldór H.

Endurteknar athugasemdir voru sendar inn til ráðuneytisins þar sem þess var krafist að reiðvegir yrðu skilgreindir í umferðarlögum og að akstur vélknúinna ökutækja yrði bannaður á skilgreindum reiðvegum. Það var því ánægjulegt þegar ný drög að umferðarlögum voru kynnt um miðjan júlí sl.



Ný umferðarlög verða lögð fram á Alþingi nú á haustdögum. Við fljótlega yfirferð er að sjá að skilgreining á reiðvegi sé komin í drög að nýjum umferðarlögum.

Þriðja og sextánda grein nýrra umferðarlaga taka á þessu.

3 gr. Skilgreiningar

30. *Reiðstígur*: Sérstakur vegur eða stígur skipulagður af sveitarfélagi sem ætlaður er sérstaklega fyrir umferð hesta og er merktur þannig.

IV. KAFLI

Umferðarreglur fyrir ökumenn.

16. gr.

Notkun akbrauta

Ökumaður skal aka á akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt, göngustíg, hjólastíg og göngugötu, sbr. þó 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 45. gr. Sama á við um almenna reiðstíga sem skipulagðir hafa verið á vegum sveitarfélags og merktir sem slíkir.

Þetta er í þá veginn sem við hestamenn höfum leitað eftir að sett verði í umferðarlög allt frá því 2006, ef af verður og samþykkt á Alþingi þá öðlast ný umferðarlög gildi 1. janúar 2020.



Málþing um úrbætur í reiðvegumálum.

Fundargerð.

Formaður LH.

Lárus Ástmar Hannesson formaður LH bauð gesti velkomna og þakkaði skipuleggjendum málþingsins fyrir undirbúning þingsins. Lárus afhenti stjórnina í hendur fundarstjóra, Jónu Dísar Bragadóttur, varaformanns LH.

Fundarstjóri tekur við.

JDB óskaði þátttakendum til hamingju með daginn og þakkaði öllum sýndan áhuga á málaflöknum og að gefa sér tíma til að taka þátt í að móta framtíðarsýn. JDB sagði frá skemmtilegri og fræðandi rútuferð reiðveganevndanna á hbsvæðinu. Ástríðan fyrir málefnum var mögnuð og áþreifanleg. Náman. Kynntust steinbrjótnum. JDB kynnti dagskrá þingsins. Sjá dagskrá. Markmið þingsins að þrýsta á stjórnvöld að veita meira fé í málaflökinn. JDB kynnti Ástu Þorleifsdóttur starfsmann samgögnuráðuneytisins.

Fulltrúi samgönguráðuneytisins:

Ásta Þorleifsdóttir

Ásta Þorleifsdóttir starfsmaður samgönguráðuneytisins setti svo þingið formlega og bað fyrir kveðjur frá Jóni Gunnarssyni ráðherra. Hún minntist hestsins í sögu þjóðar sem er samofin sögu landsins. Hlutverk hans hefur breyst en þó er það ennþá mikilvægt.

Í nýju frumvarpi til umferðarlaga, þar koma inn ákvæði um reiðstíga. Að óheimilt sé að aka vélknúnum ökutækjum á reiðstígum. Lengi verið beðið eftir. Farið eftir ályktunum hestamanna og samgögnunefndar.

Aðdáunarvert hversu vel fjárveitingar hafa verið nýttar í meðförum hestamanna.

Ferðamennskan: reiðleiðir mikið nýttar af ferðaþjónustuaðilum, eru um 160-170 fyrirtæki skilgreind sem þannig fyrirtæki. Tugþúsundir gesta þessara aðila nýta reiðstígana.

Taka upp samtal um hvernig best skuli staðið að þessu. Samgönguáætlun var tekin upp í fyrri. Í umræðu um fjárlög voru svo 10 milljarðar skornir af.

Komin hingað til að hlusta á hestamenn og vonast til að læra af þeim. Endar svo á ljóðinu *Skúlaskeið* eftir Grím Thomsen.

Ferða- og samgöngunefnd LH:

Halldór Halldórsson, formaður

Ráðstefnustjóri kynnti næsta framsögumann, Halldór Halldórsson formann ferða- og samgöngunefndar LH.

Halldór fór yfir stöðu mála, söguna, ferðamennsku á hrossum, fjárveitingar frá ríkinu, úthlutanir og umsóknir hestamannafélaganna.

Á tveimur linkum hér að neðan má sjá erindi Halldórs og glærurnar sem hann studdist við í erindinu.

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%202/Glærusýningar%202/PDF%20glærur%20nota/Málþing%20erindi%20HH.pdf>

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%20/Glærusýningar%20/PDF%20glæur%20nota/1.%20Kynning%20Reiðvegir%20Málþing%20Halldór.pdf>

Kortasjá LH – skráning og flokkun:

Sæmundur Eiríksson, varaformaður ferða- og samgöngunefndar LH

Sæmundur fór yfir verkferla við skráningu og flokkun reiðleiða í Kortasjá. Staðan í dag er sú að eftir er að skrá inn reiðleiðir á Vestfjörðum og Austurlandi. Í dag er búið að skrá 12.350 km reiðleiða á landinu.

SE sýndi líka einfalda notkun Kortasjárinnar við að skoða leiðir og fleira.

Yfirflokkun skráningar:

1. Reiðleiðir
2. Áning
3. Framkvæmdir

Einnig er hægt að merkja inn sína leið, áningarstaði á henni, mæla lengdir, teikna svæði og sjá stærð þess. Svo er hægt að hlaða valdri leið, þ.e. skránni niður í GPS tæki og hefja ferðalagið!

Á tveimur linkum hér að neðan má sjá erindi Sæmundar og glærurnar sem hann studdist við.

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%20/Glærusýningar%20/PDF%20glæur%20nota/Reiðvegir%20flokkun%20og%20skráning%20i%20kortasjá%20LH-141017.pdf>

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%20/Glærusýningar%20/PDF%20glæur%20nota/Reiðvegir%20flokkun-myndir-málþing-141017.pdf>

Vegagerðin:

Haraldur Sigursteinsson

Haraldur starfar á hönnunardeild Vegagerðarinnar og fjallaði um ÁGerð og uppbyggingu reiðvega. HS fór líka yfir afstöðu reiðvega við þjóðvegi í dag. Þar er ástandið ekki alltaf gott og reiðvegir liggja of nærri þjóðvegum þar sem oft er mikil umferð.

Hann kynnti einnig steinbrjótinn sem er bylting í reiðvegagerð. Hann malar um 100-300 m/klst. og kostnaður á hverja klukkustund er 45.000kr. Best er að hann fari yfir fingert eða milligróft efni, ekki yfir 20-30cm steina. Brjóturinn vinnur einnig betur ef efnið er hæfilega blautt. Fyrsti steinbrjóturinn kom til Vegagerðarinnar 2005. Nú eru til nokkrir brjótar í eigu verktaka.

Á linknum hér að neðan má sjá þær glærur sem Haraldur studdist við í erindinu

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%20/Glærusýningar%20/PDF%20glæur%20nota/Haraldur-Reiðvegir-uppbygging-14-10.pdf>

Reiðleiðir í þjóðgördum:

Einar Sæmundsen þjóðgarðsvörður á Þingvöllum

Hestar og menn í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Einar sýndi gestum leið Þorgeirs ljósvefningagoða úr Eyjafirði. Ferðamenn koma ennþá á hestum en mest á bílum. Þjóðgarðurinn er stofnaður 1928 og í 1. grein laga hans er tekið fram að hann skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Einar fór yfir aðstöðuna á Skógarhólum, stærð þjóðgarðsins og reiðleiðir á svæðinu, bæði eldri og nýjar.

Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs

Þórður fór bæði yfir reiðleiðir í þjóðgarðinum Snæfellsjökli og í Vatnajökulspjóðgarði

Á linknum hér að neðan má sjá þær glærur sem Þórður studdist við í erindinu

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%202/Glærusýningar%202/PDF%20glærur%20nota/4.%20Vatnajökulþjóðgarður%20Þórður%20Ólafsson.pdf>

Umferðaröryggi og hestamenn:

Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB

Ólafur sagði skráningu slysa er oft ekki rétta. Slysu væru oft skráð sem frístundaslys, vegna þess að þau gerast ekki á reiðvegum og enginn bíll kemur við sögu. Sama með reiðhjólaslys. EuroRap er verkefni sem metur og rannsakar öryggi vega. Bendir á að við þurfum að skoða þetta varðandi reiðvegi.

Samantekt:

- Umverðarslys vegna reiðmanna fátíð.
- Lausaganga hrossa og stærri dýra eru vandamál.
- Meiri lýkur á að lenda í hefðbundnu umferðarslysi.
- Erlendir ferðamenn óvandi reiðmönnum á vegum.
- Mikil umferðaraukning á öllum vegum og öllum árstímum!
- Skipuleggja rekstur á vegum betur.
- Tillitssemi

Á linknum hér að neðan má sjá þær glærur sem Haraldur studdist við í erindinu

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%202/Glærusýningar%202/PDF%20glærur%20nota/LSH-2017-01%20nota.pdf>

Veghald reiðvega:

Arnór Halldórsson, hdl

Arnór Halldórsson talaði um veghald reiðvega og benti á að takmörkuðu fé væri varið í reiðstíga og reiðvegir beri þess vitni. Hann benti einnig á að í 26. gr. Í samgönguáætlun væri heimilt að veita fé til almennra reiðstíga samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög. Hann sagði reiðvegi vera með heldur tæpa stöðu skv. vegalögum. Þeir falli ekki beint undir skilgreiningu hugtaksins Ávegur. Það sem við köllum reiðvegi geti hæglega lent utan vegalaga. Til þess að falla undir vegalög þurfi reiðstígar að vera ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar og vera haldið við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Ákvæði laganna um vegi gilda einnig um almenna stíga (þ.m.t. reiðstíga) eftir því sem við á. Hvað er þá veghald? Áforræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Hvernig getur aðkoma ríkis, sveitarfélaga, hestamannafélaga leitt til veghalds þeirra?

Ríkið: 1) fjárveiting og ákvarðanir um reiðvegagerð, 2) helgunarsvæði þjóðvega, 3) reiðvegagerð, þjónusta og viðgerð.

Hestamannafélög: 1) þátttaka í reiðvegagerð t.d. fyrir reiðvegafé (hönnun? ákvörðun um staðsetningu, vinnuframlag, merking (lögregla), verkkaupar? Geta hæglega talist veghaldarar fyrir vikið.

Sveitarfélög: 1) Þátttaka í reiðvegagerð, hönnun, þjónusta ofl. 2) 2) forræði yfir vegasvæði, 3) skipulagsvald (háskalegt vegstæði).

Aðrir: Sjá 3. gr. laganna. Gætu tveir eða fleiri verið veghaldarar?

Hann fór einni yfir kkyldur veghaldara og ábyrgð

ÁGirða beggja vegna vegar við tiltekna aðstæður.

ÁTryggja viðhald i skal svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru í umferð, láta gera við þær eða merkja ...

56. gr. Veghaldari ... ber ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni.

Hæstaréttarmál nr. 483/2006.

Mótorhjólamaður slasaðist 2004, þegar hross slapp úr girðingu og gæslu á bæ einum. Á grundvelli 56. gr. vegalaga var lausaganga búfjár bönnuð við bæinn. Hrossið komst í umrætt sinn í gegnum opið hlið sem lá við vegaslóða frá bænum og þjónaði hagsmunum stefnda. Hliðið uppfyllti ekki kröfur 37. gr. vegalaga. Þar sem þess var eigi gætt af hálfu stefnda að hliðið væri lokað átti hesturinn greiða leið á þjóðveginn umrætt sinn. Af þeim sökum var G talin bera skaðabótaábyrgð á tjóni H. Var H gert að bera þriðjung tjóns síns vegna eigin sakar.

Á linknum hér að neðan má sjá þær glærur sem Arnór studdist við í erindinu

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%202/Glærusýningar%202/PDF%20glæur%20nota/Arnór%20Halldórsson.pdf>

Hestatengd ferðaþjónusta:

Begga Rist – Íslenski hesturinn

Begga byrjaði á að setja fram spurninguna Ær ferðaþjónusta jákvæð fyrir hestamennsku? Og tiltók nokkur atriði sem studdi það. Einnig kallaði hún eftir vitundarvakningu um úrbætur í reiðvegamállum og fá hestinn nær þjóðinni. Það þurfi að halda leiðum opnum t.d. um þjóðgarða og þjóðleiðir, huga að deiliskipulögum í þessu sambandi. Einnig benti hún á mikilvægi umferðaröryggis og leiðbeiningar og kennslu í þeim efnum. Sem og góðri umgengni við náttúruna. Lagning og viðhald reiðvega sé einnig mikilvægt og að aukið fjármagn komi í þann málaflokk. Hún sagði að nú væri tækifæri að taka saman höndum og kallaði eftir samstöðu um að hjálpast að við að ná fram úrbótum í reiðvegamállum og fjármagni til þess.

Á linknum hér að neðan má sjá þær glærur sem Begga studdist við í erindinu

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%202/Glærusýningar%202/PDF%20glæur%20nota/Begga%20Rist%20-%20MÁLÞING%20UM%20ÚRBÆTUR%20Í%20REIÐVEGAMÁLUM.pdf>

Jarðvegsvernd og reiðvegir:

Gústav M. Ásbjörnsson – Landgræðslu ríkisins

Gústav benti á að Landgræðslu ríkisins beri að vinna að verndun gróður- og jarðvegsauðlindarinnar m.a. með aðstoð við skipulag nýtingar hennar t.d. með fræðslu og ráðgjöf, umsagnir um skipulag sveitafélaga, úttektir og aðstoð við úrbætur. En hvernig koma reiðvegir þessu við? Ráðgjöf landgræðslunnar hefur lengst af einskorðast við beitarhólf en með aukinni umferð um reiðvegi hafa komið upp tilvik þar sem óskað er eftir úttekt landgræðslunnar. Þær úttektir hafa miðast við jarðvegsrof og mögulegar úrbætur þar. Hann benti einnig á að of mikið álag á vegi og slóðir hafi oft í för með sér gróðurskemmdir og jarðvegsrof og að hönnun og gerð vega hafi einnig áhrif. Síðast liðin ár hefur Landgræðslan aflað sér þekkingar á leiðum til úrbóta og forvarna vegna álags af völdum ferðamanna svo hægt sé að veita viðeigandi ráðgjöf. Gústav nefndi nokkur dæmi um leiðir í þessum efnum sem má sjá á linknum hér að neðan. Að lokum sagði hann að ferðamenn sæki í íslenska hestinn sem auki álag á reiðvegi og gotu. Það leiði til þess að aukið fjármagn þarf til málaflokksins sem og aukið skipulag. Hann sagði Landgræðsluna fúsa til að leggja til ráðgjöf við gerð og skipulag vega ef þess væri óskað.

Á linknum hér að neðan má sjá þær glærur sem Gústav studdist við í erindinu

file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%202/Glærusýningar%202/PDF%20glæur%20nota/8.%208.%20Jarðvegsvernd%20og%20reiðvegir_Gústav_Erindi%2014.%20okt.pdf

Mosfellsheiðarleiðir:

Bjarki Bjarnason

Bjarki fjallaði um Mosfellsheiði og hvers vegna svo margar þjóðleiðir finnast þar. Því til stuðnings nefndi hann að margir áttu leið á Alþingi í aldanna rás og að bændur af Suðurlandi og úr Borgarfirði hafi átt erindi til Reykjavíkur sem varð kaupstaður á 18.öld. Vermenn hafi sótt í verstöðvar í Reykjavík, Suðurnesjum og í Þorlákshöfn. Algengustu þjóðleiðirnar yfir heiðina hafi verið Stardalsleið, Bringnaleið, Seljadalsleið og Dyravegur. En með varanlegri vegagerð og breyttu samfélagi á 19. og 20. öld urðu gömlu þjóðleiðunum að bráð. Bjarki kynnti einnig væntanlega bók sem hann ásamt Jóni Svanþórssyni og Margréti Sveinbjörnsdóttur eru að vinna að. Sú bók mun bera nafnið Mosfellsheiðarleiðir og verður byggð upp á lykilstöðum þar sem þjóðleiðirnar hefjast.

Á linknum hér að neðan má sjá þær glærur sem Bjarki studdist við í erindinu

<file:///C:/Users/Notandi/Documents/Reiðvegaráðstefna%202/Glærusýningar%202/PDF%20glæur%20nota/Mosfellsheiðarleiðir%20-%20fyrirlestur.pdf>

Umræður og fyrirspurnir.

Í lok erindanna stýrði Jóna Dís Bragadóttir umræðum og fyrirspurnum.

1. Kristín Bjarnadóttir Geysi spurði:

a. Á að koma veghaldinu á hestamannafélögin? Gengur það upp? Sem þriðji aðili?

Arnór Halldórsson svarar því til að því verði ekki breytt nema með lagabreytingu og við ættum því ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að hestamannafélögin verði veghaldarar á reiðvegum

b. Hver ber ábyrgð þegar ekki er pláss fyrir reiðveg t.d. meðfram vegum þar sem varla er pláss vegna t.d. skurða eða girðinga og reiðvegur þá komin of nálægt umferð?

Arnór Halldórsson svara því til að þarna þyrfti að kalla Vegagerðina til og hún ætti að laga þetta“

Halldór Halldórsson tók til máls og sagði að það hafi komið upp á fundi hjá Vegagerðinni sú hugmynd að hestamannafélög yrðu veghaldarar. Hann sjálfur væri alfarið á móti því og lagði til að hestamenn stæðu saman á því.

Haraldur Sigursteinsson frá Vegagerðinni kallaði eftir nánari upplýsingum frá Kristínu og ætlaði að kanna málið betur.

2. Upp kom umræða um ábyrgð á reiðvegum, þá tók Vilhjálmur Ólafsson í Sörla nefndi atvik þar sem kona sem var á reiðnámskeiði í reiðhöll Sörla. Hún sé komin út úr reiðhöllinni, hesturinn fælist við aðra reiðmenn og hún missir stjórn á hestinum sínum, dettur af baki og slasast. Hún fór í mál við félagið á þeim grundvelli að hún hafi verið á námskeiði á vegum félagsins. Konan tapaði málinu þar sem hún var á eigin ábyrgð á reiðveginum. Hún hafi verið komin út af námskeiðinu og því ekki lengur á ábyrgð félagsins.

3. Dagný Bjarndadóttir reiðveganefnd Fákis spurði:

a. Má nota Kortasjá LH til að gera tillögur að reiðleiðum?

Sæmundur svararði því til að það væri leyfilegt en það þurfi að biðja Loftmyndir um formlegt leyfi og það sé veitt í þessum tilgangi.

b. Einnig benti hún á að nýta tækifærin sem felast í hestaferðaþjónustunni og styðja við þá uppbyggingu.

4. Eggert Hjartarsson reiðveganefnd Sörla spurði:

a. Beggu Rist varðandi takmörkun á stærð hópa hjá ferðaþjónustuaðilum í byggð, það væri oft truflandi að mæta stórum hópum. Hvað væri hæfilegt? Begga svarar því til að það sé ekki gott að hafa of stóra hópa það dragi t.d. úr upplifun ferðamannsins. Eggert kallaði þá eftir reglum um stærðir hópa frá ferðaþjónustuaðilum á reiðvegum í þéttbýli.

- b. Beggu Rist hvort aðilar í atvinnustarfsemi á félagsvæðum hestamannafélga eigi að borga hærra gjald en hinn almenni félagsmaður? T.d. borgi Íshestar í Hafnafirði sem nemur tíu félsgsgjöldum. Begga svarar, hverjir þá?; tamningamenn, reiðskólar og ferðapjónustaðilar? Í kjölfarið var rætt um hóffjaðragjald sem einhverntíma hafi verið í umræðunni að greiða eftir.
5. Halldór Halldórsson formaður ferða- og samgöngunefndar LH spurði:
 - a. Þórð Ólafsson um Vonarskarð hvort það væri hægt að fá reiðleið þar um, austan megin Köldukvíslar. Þórður svaraði því til að tillaga 2, leggi það til.
6. Ása Hólmarsdóttir formaður Dreyra spurði:
 - a. Harald Sigursteinsson um efni í reiðvegum það væri oft ekki gott og stundum ónothæft. Hún spurði einnig hvernig eftirliti væri háttað með undirverktökum? Haraldur svaraði því til að oft væri gott að fara með steinbrjót á grófa vegi og benti á að senda athugasemd á Vegagerðina í Borganesi og Stefán Erlendsson lögfræðing Vegagerðarinnar og óska eftir rökstuðningi af hverju þetta væri ekki lagað. Hann kallaði svo eftir nánari upplýsingum frá Kristínu og ætlaði að kanna málið betur.
7. Guðrún Fjeldsted spurði:
 - a. Sæmund Eiríksson um liti á leiðum í Kortasjónni hvort hægt væri að merkja sérstaklega þær leiðir sem aðeins mætti fara einhesta eða með hross í taumi. Sæmundur svaraði því til að það mætti vel skoða.
8. Aðalheiður Auðunsdóttir spurði:
 - a. Sæmund Eiríksson hvenær leiðir á Vestfjörðum komist inn á Kortasjá LH? Sæmundur svaraði því til að skiljanlega hafi verið byrjað á fjölförnustu svæðunum og það sér erfitt að segja nákvæmlega hvenær leiðir á Vestfjörðunum komi inn en vonandi innan eins og hálfis árs.
9. Arnór Halldórsson spurði:
 - a. Harald Sigursteinsson um fyrirkomulag á eftirliti með ástandi á reiðvegum og hve oft slíkt eftirlit fari fram? Haraldur svaraði því til að það væri misjafnt eftir svæðum.
10. Páll Guðmundsson Hornfirðirngi spurði:
 - a. „Þegar það eru lagðir nýjir vegir eru þá lagðir reiðvegir með?“ Halldór Halldórsson svaraði því til að það væri í gildi samkomulag mill LH og Vegagerðarinnar frá 1982 að þegar reiðleið er inni á aðalskipulagi þá er lagning hennar fjámögnuð af Vegagerðinni.
11. Dagný Bjarnadóttir reiðveganefnd Fáks spurði:
 - a. Eigum við talsmann í skipulagningu og undirbúningi á einum þjóðgarði á miðhálandi Íslands? Halldór Halldórsson svaraði því til að við værum aðilar að Samút (Samtök útivistarfélaga) og þannig höfum við rödd þar.

Ályktun málþingsins til yfirvalda:

Við lok umræðna og fyrirspurna var samin ályktun til að senda til yfirvalda. Málþingið kom sér saman um og samþykkti eftirfarandi ályktun:

Málþing um úrbætur í reiðvegamálum Haldið í Borgarnesi 14. október 2017 ályktar:

- 1) Að reiðvegafé verði að lágmarki tvöfaldað frá því sem nú er og fylgi verðlagsþróunum.
- 2) Að reiðvegir verði skilgreindir í umferðarlögum og að réttarstaða ríðandi umferðar verði tryggð.
- 3) Að veghald reiðvega verði hjá ríki og sveitarfélögum.
- 4) Að tryggja öryggi ríðandi umferðar gagnvart annarri umferð.
- 5) Að reynt verði með öllum ráðum að hafa ríðandi umferð eins fjarri akandi og hjólandi umferð eins og kostur er.
- 6) Að ekki verði þrengt frekar að reiðleiðum á hálendinu en orðið er.
- 7) Að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrki reiðvegagerð og aðstöðu í tengslum við hestatengda ferðapjónustu.

Auk þess var settur saman starfshópur til að fylgja ályktuninni eftir, í þann starfshóp buðu sig fram eftirfarandi:

Vilhjálmur Ólafsson reiðveganefnd Sörla (formaður starfshóps) hamrabrekka@simnet.is
Halldór Halldórsson ferða- og samgöngunefnd LH bilamalunh@gmail.com
Sæmundur Eiríksson ferða- og samgöngunefnd LH klopp@simnet.is
Eggert Hjartarson reiðveganefnd Sörla eggerthorse@hotmail.com
Begga Rist Íslenski hesturinn - info@islenskihesturinn.is
Sveinn Atli Sveinsson Íslenski hesturinn - info@islenskihesturinn.is
Guðrún Feldsted reiðveganefnd Faxe fjeldsted@emax.is
Ása Hólmarsdóttir formaður Dreyra - asaholm@gmail.com
Steingrímur Viktorsson reiðveganefnd Ljúfs grani@simnet.is

Jóna Dís Bragadóttir fundarstjóri sleit málþinginu um 17:00

Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir

Starfshópur um úrbætur í reiðvegamálum hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu, fundargerðir starfshópsins fara hér á eftir.

1. fundur starfshóps um úrbætur í reiðvegamálum

17.nóvember 2017 í íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Vilhjálmur Ólafsson, Halldór Halldórsson, Sæmundur Eiríksson, Eggert Hjartarson, Begga Rist, Sveinn Atli Sveinsson og Steingrímur Viktorsson.
Fjarverandi: Guðrún Fjeldsted og Ása Hólmarsdóttir

Vilhjálmur Ólafsson leiðir starfshópinn og lagði fundinn upp út frá ályktuninni sem samþykkt var á málþinginu í Borganesi.

1. ályktun: Að reiðvegafé verði að lágmarki tvöfaldað frá því sem nú er og fylgi verðlagsþróunum.

Vilhjálmur lagði til að samgöngunefnd LH fylgi þessari ályktun eftir. Halldór sagði að samgöngunefnd LH hafi gert það síðustu ár með litlum árangri. Gert væri ráð fyrir 60 milljónum í reiðvegamál og nú væri búið að leggja fram drög til næstu 8 ára og þar væri enn áætlaðar 60 milljónir í reiðvegamál þrátt fyrir aukna umferð hesta t.d. með með auknum fjölda hestatengdra ferðaþjónustuaðila.

Ákveðið var að senda ályktunina með rökstuðningi á samgönguráðuneytið, samgöngunefnd og samgönguráð í nafni ferða og samgöngunefndar LH, starfshópsins og frá ferðaþjónustuaðilum í hestatengdri ferðaþjónustu.

Vilhjálmur leggur til að mótuð verði tillaga að texta sem nefndarmenn starfshóps sendi á milli sín og komi með athugasemdir. Tillagan þurfi að vera tilbúin til að senda í janúar og lagði til að næsti fundur starfshópsins verði um miðjan janúar

Begga Rist tók að sér að hafa samband við önnur hestaferðaþjónustufyrirtæki til að styðja við ályknunina.

Halldór vísaði í skýrslu nefndar „viðbótarfjáröflun til reiðvega febrúar 2003ð um tekjur af hestatengdri ferðaþjónustu og ætlar að senda nefndarmönnum eldri skýrslur sem hann hefur safnað saman.

Begga Rist leggur til að fara á fund ráðherra í kjölfarið í janúar, Vilhjálmur og Halldór saman og svo fari Begga með sem fulltrúa hestatengdrar ferðaþjónustuaðila.

2. ályktun: Að reiðvegir verði skilgreindir í umferðarlögum og að réttarstaða ríðandi umferðar verði tryggð.

Halldór segir að þetta sé í nokkuð góðum farvegi, reiðstígar séu ekki skráðir í umferðalögum.

Það væri verið að skrifa ný umferðalög í ráðuneytinu og þar var lofað að þetta væri inni í.

Gerðum ráð fyrir að þetta frumvarp verði lagt fyrir eftir áramót.

Begga spyr hvar sé hægt að sjá það,

Halldór bendir á að þetta sé á vinnslustigi og það þurfi bara að muna að fylgjast með og ætlar að senda tillögunar sem lofað var að yrðu settar í umferðalög á starfshópinn svo allir geti fylgst með.

3. ályktun: Að veghald reiðvega verði hjá ríki og sveitarfélögum.

Allir sammála.

4. ályktun: Að tryggja öryggi ríðandi umferðar gagnvart annarri umferð.

Umræða um vegaxlir að það sé erfitt að tryggja öryggi þar og rætt um hvernig hægt sé að tryggja öryggi.

Það verði að reyna að halda fólki vakandi við að sýna tillit og gá að sér með tilmælum

Halldór ætlar að skrifa upp tilmæli til hestamanna og senda á starfshópinn sem hægt verður að setja á heimasíðu LH og hægt verði að vísa í. Þetta þarf ekki að vera tilbúið fyrr en í vor

Þrýsta stöðugt á og er í vinnslu

5. ályktun: Að reynt verði með öllum ráðum að hafa ríðandi umferð eins fjarri akandi og hjólandi umferð eins og kostur er.

Rætt var um að viðkomandi reiðveganefndir verði að vera í sambandi við Vegagerðina til að finna leiðir til sameigilegra lausna þar sem reiðvegir eru nálægt bílvegum.

Bæta aðgengi við ræsi svo ekki þurfi að fara upp á akveginn.

Má horfa til hvernig Þytur og Neisti hafa verið að leysa þessi mál, en þá þarf að semja við landeigendur

Beina til hestamannafélaganna að reyna að leysa úr málum þar sem reiðvegir liggja nálægt umferð og benda á leiðir þess efnis.

Ferða og samgöngunefnd tekur það að sér að senda á reiðveganefndir og skrifstofa LH til formanna hestamannafélaganna

Vilhjálmur byrjar að setja saman texta og senda á nefndina.

6. ályktun: Að ekki verði þrengt frekar að reiðleiðum á hálendinu en orðið er.

Talað um að senda áskorun á umhverfisráðuneyti, og fara á fundi með ráðherrum og veita skýringar fyrir áskoruninni.

7. ályktun: Að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrki reiðvegagerð og aðstöðu í tengslum við hestatengda ferðaþjónustu.

Halldór leggur til að starfshópurinn fari inn á heimasíðu sjóðsins og skoði vel bæði lög og reglugerð um sjóðinn og upplýsingasíður um umsóknir og skoða það mjög vel.

Slóð á Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða:

<https://www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/framkvaemdastofur-ferdamannastada>

Slóð á kynningarmyndband vegna umsókna úr sjóðnum:

<https://www.youtube.com/watch?v=vwhqKTuhNyA&feature=youtu.be>

Lögð verður áhersla á að vanda vel til við umsóknirnar.

Mikilvægt að sækja um fyrir leiðir sem eru líklegar til að skora hátt

Sendi á fulltrúa reiðveganefnda landshlutanna til að koma með tillögur að reiðleiðum sem uppfylla þessi skilyrði og séu vænleg til að sækja um fyrir.

Næsti fundur 19.janúar kl 15:00 í íþróttamiðstöðinni Laugardal

Hjörný Snorradóttir ritaði fundargerð

2.fundur starfshóps um úrbætur í reiðvegamállum

26. janúar 2018 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal kl. 15:00.

Mættir: Vilhjálmur Ólafsson, Halldór Halldórsson, Sæmundur Eiríksson, Guðrún Fjélsted og Steingrímur Viktorsson.

Fjarverandi: Eggert Hjartarson, Begga Rist, Sveinn Atli Sveinsson og Ása Hólmarsdóttir

Halldór ræddi og sagði frá erindum og fundum sem send höfðu verið samgönguráðherrum og á nefndasvið Alþingis sl. áratug.

Erindi vegna samgönguáætlana og stöðu reiðvegafjár í samgönguáætlunum. Einnig vegna umferðarlaga og stöðu reiðvega í umferðarlögum.

Erindi send og fundað með Ögmundi Jónassyni samgönguráðherra 2010, Kristjáni Möller samgönguráðherra 2010, og Jóni Gunnarssyni samgönguráðherra 2017.

Þá hafa fulltrúar LH verið kallaðir nokkrum sinnum fyrir Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna innsendra athugasemda við samgönguáætlanir og breytinga á umferðarlögum.

Niðurstaða fundarins var að boða fund með Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ákveða svo í kjölfar þess fundar næstu skref.

Fundi slitið kl. 16:00

Vilhjálmur Ólafsson ritaði fundargerð

3. fundur starfshóps um úrbætur í reiðvegamállum

27. júní 2018 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Frá fundi Starfshóps um úrbætur í reiðvegamállum miðvikudaginn 27 júní 2018, kl. 14.00 til kl. 15.00, fundarstaður Íþróttamiðstöðin Laugardal salur A.

Mættir: Vilhjálmur Ólafsson, Halldór Halldórsson, Sæmundur Eiríksson, Steingrímur Viktorsson. Sveinn Atli Sveinsson kom á fundinn um 14.30.

Fjarverandi: Guðrún Fjélsted, Ása Hólmarsdóttir, Eggert Hjartarson, Begga Rist.

VÓ : Á síðasta fundi var ákveðið að fá fund með ráðherra samgöngumála Sigurði Inga. Ekki hefur enn fengist áheyrn, búið er að senda inn þrjú erindi, móttaka þeirra staðfest en engin önnur svör.

Samkvæmt upplýsingum frá Hjörný eftir samtal við Beggu er samstarf við hestaleigur í uppnámi eftir fréttir og umræður á samfélagsmiðlum um erlent vinnuafli.

HH : Farið yfir bréf sem HH hefur samið til þess að senda á samgönguráðherra. Ákveðið að HH og VÓ skrifi undir bréfið og Hjörný sjái um að senda bréfið í ráðuneytið. Þegar búið er að senda þetta bréf er lítið annað hægt að gera til þess að ná sambandi við ráðherra.

Það sem hægt er að gera næst ef ekki verður komið til móts við óskir hestamanna um aukið fé til reiðvegamála er að gera athugasemdir við Samgönguáætlun þegar hún verður lögð fram.

Sagt frá merkingum á Kili sem unnið er að í samvinnu við Bláskógabyggð. Settir verða upp fimmtán vegprestar með fjórtíu og tveimur vegvísum á leiðinni frá áningagerði við Gullfoss og til Hveravalla. Einnig verða sett upp fjögur fræðsluskilti við skálana Fremstaver, Árbúðir, Gíslaskála og í Sóleyjardal þar sem reiðleiðin greinist austur fyrir Þjófafell eða í Þjófadali.

VÓ : Hvað er það sem starfshópur á að taka fyrir næst ?

HH : Næst væri að huga að umsóknum í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. HH mun fyrir hönd LH sækja um styrk til merkinga á Kili sem rætt var um áðan.

SE : Á fundi reiðveganeftndar SV-svæðis var rætt um að Hörður og Adam mundu sækja um styrk til lagfæringa á reið- og gönguleiðinni um Leggjabrátt milli Svartagils í Þingvallasveit og niður í Hvalfjörð.

Ekki er búið að opna fyrir umsóknir í sjóðinn þetta árið en í fyrra var opnað fyrir umsóknir 25. sept 2017 og lokafrestur var til 25. okt 2017.

Um kl. 14.30 kom Sveinn Atli á fundinn og las upp póst frá Beggu Rist :

“Á þinginu í Borgarnesi talaði Begga um það að hestamenn ættu að taka því fagnandi að hestatengd ferðaþjónusta sé sí vinsælli því þá skila hestatengd fyrirtæki meira inn til samfélagsins í formi skatta, launatengdra gjalda og útsvars til bæði ríkis og sveitarfélaga. Þetta styrkir stöðu hestamanna í að óska eftir reiðvegum og að það verði gert ráð fyrir reiðvegum og viðhaldi þeirra með almennilegri summu á fjárlögum.

Begga óskaði eftir fundi með SAF (samtaka aðila í ferðaþjónustu) til að tala um mörg atriði er snerta hestatengda ferðaþjónustu þar á meðal viðhald og merkingar reiðvega. Fundurinn var haldinn í mars og tveir fulltrúar frá SAF sátu fundinn ásamt Beggu. Fundurinn gekk vel, Fulltrúar SAF tóku öllum hugmyndum vel og var áformað að hittast aftur og gera meira innan SAF þar sem nánar væri farið í saumana á þessum atriðum og hestatengd fyrirtæki innan ferðaþjónustunnar yrðu styrkari hópur.

Örfáum dögum síðar kom út grein í blöðunum sem sýndi fram á það gífurlega svindl sem á sér stað innan hestatengdrar ferðaþjónustu. Það eru aðeins örfáir aðliar sem reka fyrirtæki sín þannig að þau taki fullan þátt í samfélaginu. Stærsti kostnaður allra fyrirtækja er launakostnaður. Mesta svindlið í hestatengdri ferðaþjónustu á sér stað þar sem starfsmenn fá ekki greidd þau laun sem þeim ber heldur setur eigandinn peninginn í eigin vasa.

Launaþjófnaður þessi, sem hleypur á tugum milljóna, verður til þess að fyrirtækin borga ekki þá skatta og opinbergjöld sem þeim ber og því skila þau ekki inn til samfélagsins eins og fyrirtæki sem er rekið á heiðarlegan hátt.

Þetta veikir stöðu allra hestamanna og það þurfa allir hestamenn að fara að átta sig á því að þetta grefur undan hestamenskunni.

Þetta eyðileggur uppbygginguna því hestamenn geta ekki farið fram með tromp á hendinni þegar þeir fara á fund ráðamanna og óska eftir að meira fé verði varið í reiðvegi og annað tengt hestamenskunni á meðan hestamenn taka ekki þátt í samfélaginu. Þessi mórall innan hestamenskunnar verður að breytast - það er ekki lengur áætlanlegt að það ríki sérstakt hagkerfi innan hestamenskunnar. Það veikir okkur öll - nema einstaka svindlara sem græða á tó og fingri við að stela af starfsfólki sínu með nútíma þrælahaldi. Það ríkir þöggun innan hestamenskunnar varðandi svindlið - en hinn almenni hestamaður þarf að fara að átta sig að þessi þöggun hjálpar bara þeim aðilum sem svindlið stunda en grefur undan hestamenskunni almennt á meðan.

Allt varðandi þetta innan SAF var sett á ís þangað til hestamenn finna út úr að hreinsa til hjá sér. Það eru nálægt 200 hestaleigur á landinu og því miður örfáar sem eru reknar sómasamlega. Móralinn þarf að breytast heiðarleikanum í hag þangað til erum við ómarktækur hópur.”

VÓ : Lagt er til að næsti fundur verði í ágúst og að þá verði farið yfir hugmyndir um umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og farið verður yfir umsóknarferlið.

Skráð Sæmundur Eiríksson



Erindi til samgönguráðherra:

**Samgönguráðherra
Sigurður Ingi Jóhannsson
Samgönguráðuneyti
150 Reykjavík**

Reykjavík 30. júní 2018

Efni:

Samgönguáætlun 2018 - 2022

Landssamband hestamannafélaga (LH) fer þess á leit við samgönguráðherra að hann beiti sér fyrir verulega auknu framlagi ríkisins til reiðvegamála á samgönguáætlun 2018 i 2022 frá því sem hefur verið í gildandi samgönguáætlunum.

Árið 2001 er reiðvegafé á vegaáætlun 41.8 m.kr. árið 2006 52.0 m.kr. árið 2009 70.0 m.kr. fjárframlög til reiðvega höfðu nokkurn vegin fylgt verðlagsþróunum. Árið 2010 er reiðvegafé hins vegar lækkað í 60.0 m.kr. og hefur haldist svo síðan óbreytt.

Þrátt fyrir þetta hefur LH tekist á hendur aukin verkefni sem eru greidd af ofangreindu reiðvegafé vegaáætlunar þar má m.a. nefna skráningu og flokkun reiðleiða í kortasjá, útgáfa og uppfærsla reiðvegahandbókar og merkingar reiðleiða í samstarfi við sveitarfélög. Allur tilkostnaður LH vegna þessa kemur af reiðvegafé vegaáætlunar og þar af leiðandi verður minna fjármagn eftir til viðhalds og uppbygginga reiðvega.

Í október 2017 stóð LH fyrir vel heppnuðu málþingi um úrbætur í reiðvegamálum þar voru mörg góð erindi flutt m.a. um öryggismál, reiðvegi í þjóðgöðum, gamlar götur ofl. í þinglok var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Málþing um úrbætur í reiðvegamálum
Haldið í Borgarnesi 14. október 2017

Ályktar:

- 1) Að reiðvegafé verði að lágmarki tvöfaldað frá því sem nú er og fylgi verðlagsþróunum.
- 2) Að reiðvegir verði skilgreindir í umferðarlögum og að réttarstaða ríðandi umferðar verði tryggð.
- 3) Að veghald reiðvega verði hjá ríki og sveitarfélögum.
- 4) Að tryggja öryggi ríðandi umferðar gagnvart annarri umferð.
- 5) Að reynt verði með öllum ráðum að hafa ríðandi umferð eins fjarri akandi og hjólandi umferð eins og kostur er.
- 6) Að ekki verði þrengt frekar að reiðleiðum á hálendinu en orðið er.
- 7) Að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrki reiðvegagerð og aðstöðu í tengslum við hestatengda ferðaþjónustu.

Einnig var í lok málþingsins skipuð samstarfsnefnd um úrbætur í reiðvegamálum.

Sem fyrr getur þá vinnur LH að skráningu reiðleiða í kortasjá, skráningin er unnin í samstarfi við Loftmyndir ehf. Einungis þær reiðleiðir sem eru á staðfestu aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags eru settar í kortasjána. Reiðleiðirnar skiptast í þrjá flokka, þéttbýlis-, stofn- og héraðsleiðir. Allar reiðleiðir í kortasjónni fá ákveðin númer og kaflanúmer, númerakerfið er unnið í samstarfi við Vegagerðina.

Búið er að skrá 12437 km. af reiðleiðum í kortasjána á svæðinu frá Lómagnúpi í austri, um Suðurland, Vesturland og Norðurland að Jökulsá á Fjöllum. Kortasjain er til mikilla hagsbóta og öryggis fyrir skipulag hestaferða, hægt er að hlaða niður GPS ferlum af hverri reiðleið fyrir sig. Einnig kemur fram heiti hverrar reiðleiðar og lengd í km. Það að geta hlaðið niður ferlum af reiðleiðinni stuðlar að miklu öryggi hestaferðamanna sem og gangandi manna sem einnig geta nýtt sér reiðleiðirnar. Skráning og kortlagning reiðleiða og gott aðgengi að þeim upplýsingum stuðlar að því að beina umferð hestamanna inn á samþykktar reiðleiðir og vernda þar með viðkvæm svæði á landinu.

Markmið með kortasjónni er að safna öllum reiðleiðum á landinu í einn kortagrunn sem er öllum aðgengilegur.

Í kortasjónni er hægt að skoða yfirlit reiðvegaframkvæmda árána 2011i 2017 undirrituðum er til efs að aðrir aðilar hafi eins gagnsæa notkun á almannafé og hestamenn.

Verið er að skoða þessa dagana hvort að í kortasjána verði möguleiki á að bæta lýsingum eða upplifun hestaferðamanna af reiðleiðunum, einnig að bæta við myndgallerýi eða myndbandi af reiðleiðum í kortasjónni.

Bein leið á kortasjána er: <http://www.map.is/lh> einnig er hægt að fara á heimasíðu LH <http://lhhestar.is> þar til hægri er gluggi merktur Kortasjá, einnig eru tengingar frá heimasíðum flestra hestamannafélaga í landinu.

Hvað merkingar reiðleiða varðar þá er LH í samstarfi við Bláskógabyggð um uppsetningu vegpresta og fræðsluskilta við reiðleiðir á Kili. Um er að ræða 15 stk. vegpresta með 42 stk. vegvísnum sem verða uppsett við reiðleiðir á Kili. Einnig 4 stk. upplýsinga- og fræðsluskilti sem eru bæði á íslensku og ensku og verða þau staðsett við skála, Fremstaver, Árbúðir, Gíslaskála og í Sóleyjardal.

Þessar merkingar eru að frumkvæði LH sem sýnir ábyrgð í því að beina ríðandi umferð í rétta farvegi og vernda viðkvæma náttúru hálendisins sem kostur er.

Umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé til LH hafa numið milli 300 i 350 m.kr. á ári undanfarin ár og ljóst að hvergi er hægt að uppfylla óskir hestamannafélaga um framlög til reiðvega. Þau fjárframlög sem ætluð eru til reiðvega af vegaáætlun duga engan vegin til viðhalds þeirra reiðvega sem fyrir eru og hvað þá til nýbygginga reiðvega.

LH bendir á að hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta er að skapa þjóðarbúinu tuga milljarða tekna á ágrundvelli. LH hvetur samgönguráðherra til að beita sér fyrir að framlag til reiðvega verði að lármarki tvöfaldað frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Virðingarfyllst

Halldór H Halldórsson
f.h. Landssambands hestamannafélaga
Ferða- og samgöngunefnd

Vilhjálmur Ólafsson
f.h. nefndar um úrbætur í reiðvegamállum
Formaður



4. fundur starfshóps um úrbætur í reiðvegamálum 7. september 2018 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Frá fundi Starfshóps um úrbætur í reiðvegamálum föstudaginn 7 september 2018,
kl. 15.00 til kl. 16.00, fundarstaður Íþróttamiðstöðin Laugardal salur A.

Mættir: Vilhjálmur Ólafsson, Halldór Halldórsson, Sæmundur Eiríksson, Steingrímur Victorsson
og Eggert Hjartarson.

Fjarverandi: Guðrún Fjeldsted, Ása Hólmarsdóttir, Sveinn Atli Sveinsson, Begga Rist.

VÓ : Fundað var með ráðherra í síðasta mánuði og bið ég Halldór að segja frá fundinum.

HH : Með símtali frá ráðuneyti þann 21. ágúst var boðað til fundar daginn eftir kl. 10.00.

Halldór og Villi mættu á fundinn með Sigurði Inga Jóhannssyni og tveimur aðstoðamönnum hans.

- fundargerð frá þeim fundi sjá fylgiskjal með þessari fundargerð -

Næst er að bíða eftir nýrri samgönguáætlun og sjá hverju fundur með ráðherra hefur skilað.

Búið er að setja saman drög að nýjum umferðalögum, þar sem reiðvegir eru skilgreindir.

Verður vonandi lagt fram óbreytt í frumvarpi á næsta þingi.

Opnað verður fyrir umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða um mánaðarmót sept/okt.

Búið er senda út póst á alla reiðvegfulltrúa landssvæða til þess að minna á umsóknir í sjóðinn.

VÓ : Nú verður Landsþing í október, á þar að koma eitthvað fram um störf þessarar nefndar ?

HH : Þetta kemur allt fram í skýrslu Ferða - og Samgöngunefndar.

VÓ : Hvað með samstarf LH og hestaferðafyrirtækja ? Begga ætlaði að reyna að koma á einhverju samstarfi milli þessarra aðila , en það hefur ekki gengið vel. Væri hægt að fá þessa aðila á fund og óska eftir samstarfi ?

SE : Það hafa verið samþykktar tillögur og ályktanir þar sem því hefur beint til stjórnar LH að kalla eftir samstarfi við hestaferðafyrirtækin en lítið eða ekkert hefur verið gert í þeim málum.

SV : Það var góður pistill sem kom fram frá Beggu á síðasta fundi, væri ekki rétt að koma honum inn á síðu sem Jens Einarsson heldur úti og skrifa með hugleiðingar um þessi mál ? allir sammála.

HH : Lagt til að Villi sendi póst á hestaferðafyrirtækin og athugi hvort grundvöllur og áhugi sé fyrir því að mynda umræðuhóp um stöðu reiðvega og aukið fjármagn til reiðvega.

Næsti fundur i athuga stöðuna eftir Landsþing.

Skráð Sæmundur Eiríksson.

Fundur LH með samgönguráðherra Sigurði Inga Jóhannssyni 22.08.2018.

Fundarstaður Samgönguráðuneytið Sölvhólsgötu 7 skrifstofa ráðherra á 4. hæð. Viðstaddir; frá Samgönguráðuneyti; Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra (SIG), Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður ráðherra (SM) og ?, frá LH voru Vilhjálmur Ólafsson formaður nefndar um úrbætur í reiðvegamállum (VÓ) og Halldór H. Halldórsson formaður Ferða-og samgöngunefndar LH (HHH). Fundartími kl. 10:30 í 10:55.

SIJ, bauð fulltrúa LH velkomna, þið senduð mér bréf og ég hafði áhuga á að hitta ykkur, nefndi einnig málþingið sem haldið var í Borgarnesi, þið hafið orðið.

HHH, opnaði á umræður um stöðu reiðvegamála. Reiðvegafé hefði staðið í stað frá 2010 og í þeim samgönguáætlunum sem kynntar hafi verið sé sú staða óbreytt allt til 2026. Dugir engan veginn til viðhalds þeirra reiðvega sem fyrir eru og hvað þá til nýframkvæmda. Reiðvegafé þyrfti að tvöfalda til að komast í fyrra horf. Ráðherra kynntar umsóknir og úhlutun reiðvegafjár til hestamannafélaga.

Þjóðarúið nýtur gífurlegra tekna af hestamennsku og hestatengdri ferðaþjónustu svo að hleypur á milljörðum á ársgrundvelli (skýrsla nefndar samgönguráðherra 2003 um aukið fjármagn til reiðvega).

SIJ, vandamálið er þessi neðanjarðar starfsemi sem á sér stað í hestamenskunni, leggja hestaferðafyrirtækin eitthvað til reiðvega, eða nota þau sér bara það sem þið eruð að byggja upp?

HHH, VÓ, kannski hefur það einhverntíma verið en það er liðin tíð amk. hefur dregið verulega úr þannig starfsemi. Því hefur verið varpað fram að í sumum hestaleigum eða hestaferðafyrirtækjum sé starfsfólki greidd lág laun. Hestaferðafyrirtæki hafa ekkert lagt til reiðvega, en ákveðin hestaferðafyrirtæki hafa kostað áningagerði.

LH í samstarfi við Vegagerðina hefur fylgt eftir ýmsum tillögum sem nefndir skipaðar af samgönguráðherrum hafa lagt til.

LH hefur tekið að sér mörg aukin verkefni frá því sem áður var, má þar nefna m.a. flokkun og skráningu reiðleiða í kortasjá. Halda úti gagnvirkum vef um reiðleiðir, KORTASJÁ. Útgáfa reiðvegahandbókar árið 2006, sem nú er í endurskoðun og aðlögun að breyttum aðstæðum.

Samstarf við hestamannafélög og sveitarfélög um merkingar reiðleiða með uppsetningu á vegprestum og fræðsluskiltum. Öll þessi verkefni hafa í för með sér mikinn aukin kostnað sem tekin er af reiðvegafé vegaáætlunar.

HHH, sagði frá skráningu reiðleiða í kortasjá www.map.is/lh hjá Loftmyndum ehf í samstarfi við Vegagerðina. Þar koma m.a. fram nafn reiðleiðar og lengd í km. Hægt er að sækja gps hnit fyrir reiðleiðir og skála í kortasjána og hlaða niður í gps tæki. Gerð er grein fyrir reiðvegaframkvæmdum í kortasjánni. Samningur hefur verið gerður við Neyðarlínuna um afnot af reiðleiðaferlum í kortasjánni.

HHH, ræddi samkomulag milli Vegagerðarinnar og LH frá 1982, las fyrstu grein samkomulagsins og sagði frá samskipum við Vegagerðina um túlkun á samkomulaginu sem væri sjaldnast hestumferð í vil. Sagt frá nýju dæmi um Grafningsveg þar sem lagt er bundið slitlag á kafla frá Nesjavöllum og um Hagavík án þess að úrbætur séu gerðar fyrir ríðandi umferð.

HHH, sagði frá samstarfi við Bláskógabyggð, einkum Guðrúnu S. Magnúsdóttur í Bræðratungu um merkingar reiðleiða á Kili með uppsetningu Vegpresta og fræðsluskilta, kostnað þar að lútandi og nefndi sem dæmi merkingar Ferðafélagsins á Fimmvörðuhálsi.

SIJ, Ég var á ferð um Kjöl fyrir í sumar þessar merkingar hefðu komið sér vel þá. HHH, það verður byrjað að setja þær upp fyrir haustið, en ekki víst að það klárast fyrir en næsta vor.

Eftirfarandi gögn lögð fram til kynningar og afhent ráðherra :

- ✓ Umsóknir og úthlutun reiðvegafjár 2018, exel skjal.
- ✓ Reiðvegafé, þróun frá 1995 í 2017, exel skjal.
- ✓ Íslandsmynd með reiðleiðum í kortasjá, A4.
- ✓ Yfirlitsmynd með aðgerðum í kortasjá, A4.
- ✓ Samkomulag Vegagerðarinnar og LH frá 1982, ljósrit.
- ✓ Vegprestur með fjórum vegvísum, ljósmynd A4.
- ✓ Fræðslu- og upplýsingaskilti á íslenska og ensku, pdf skjal A4.

SIJ, það er ljóst að þið gerið mikið fyrir litla fjármuni, við í ráðuneytinu erum öll af vilja gerð til að bæta úr. Virkilega fræðandi og ánægjulegt að ræða við ykkur.

HHH, VÓ, þökkum fyrir góðan fund, sem ykkur er ljóst þá erum við að fara fram á aukið fjármagn til reiðvega og vonumst til að svo verði í samgönguáætlun 2019 í 2026.

Ritun HHH.



Samstarf við Bláskógabyggð um merkingar reiðleiða:

Við skoðun á aðalskipulagi Bláskógabyggðar kom í ljós að reiðleið um Þjófadali var felld út af skipulagsuppráttum. Haft var samband við fulltrúa hmf. Loga Einar Á Sæmundsen sem einnig á sæti í Ferða- og samgöngunefnd LH, benti hann undirrituðum á að hafa samband við Guðrúnu S. Magnúsdóttur sem situr í sveitarstjórn Bláskógabyggðar. Tölvusamskipti, símtöl og fundir áttu sér stað við Guðrúnu Svanhvíti Magnúsdóttur sveitarstjórnarmann í Bláskógabyggð vegna málsins.

Tölvupóstur sent: 27. janúar 2018
To: 'Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir'

Sæl verið þið

Ég hef verið í Cc.. í tölvupóstsamskiptum ykkar Sæmundar og vil gjarnan blanda mér í umræðuna f.h. Ferða- og samgöngunefndar LH. Því miður var það svo að kynning á aðalskipulagstillögum Bláskógabyggðar fóru framhjá mér, ella hefðu mótmæli borist frá LH vegna niðurfellingar reiðleiða um Þjófadali af aðalskipulagsupprætti sem og fleiri reiðleiðir á Kili. Hestamenn hafa gefið eftir reiðleiðir um viðkvæm svæði vegna náttúruverndar, það átti við m.a. um Þjófadali þar sem samkomulag var um að hestamenn mættu fara einhesta um en rekstrar færu austur fyrir Þjófafell. Nú er sem sagt verið að loka fyrir þetta samkomulag án samtals við

hestamenn. Hinn almenni hestamaður er að líða fyrir ágang stórra hópa hestaferðafyrirtækja sem eru með um eða yfir hundrað hesta hópa, það náttúrulega gengur ekki. Það sem vantar eru reglur, merkingar og upplýsingagjöf til hestamanna um umgengni á viðkomandi svæðum. Það eru engar leiðbeiningar til hestamanna sýnilegar í skálum s.s. Árbúðum, Fremstaveri eða á Hveravöllum né skilti við viðkvæmustu reiðleiðirnar þar sem stærri hópum er vísað á aðrar leiðir, hér gæti komið til samstarfs sveitarfélags og samtaka hestamanna.

Varðandi það að um tímabundna ákvörðun sé að ræða þá er ljóst að innan fárra ára verður Kjölur hluti af Miðhálandis þjóðgarði og þá tel ég ekki aftur snúið með þá ákvörðun að loka Þjófadölum fyrir hestamönnum, vonandi endurskoðar Bláskógabyggð ákvörðun sína hið fyrsta og setur reiðleiðina á aðalskipulag aftur, setur upp reglur um umgengni þar sem þær eru sýnilegar hestaferðafólki.

*Með kveðju í Tungurnar
Halldór Halldórsson
Ferða- og samgöngunefnd LH*

Komið þið sælir Halldór og Sæmundur.

Tilfni þessa skrifa minna til ykkar eru umræður sem fram fóru á málþinginu í Borgarnesi í haust um reiðvegamála, þó einkum varðandi erindi sem Gústaf M. Ásbjörnsson, fulltrúi Landgræðslunnar hélt. Í erindi sínu tók hann Svartártorfunar sem dæmi reiðleið sem hefði verið lokað og eins og hann virðist setja málið upp þá var sú aðgerð óþörf, frekar hefði átt að bera í göturnar og laga jarðvegsrofið.

Nú sat ég ekki þingið, en mér bárust fregnir af því frá Logafélögum sem þingið sátu, þeim Freydísi Örlygsdóttur og Einari Á.E. Sæmundsen. Það kom mér verulega á óvart að Gústaf skyldi setja þetta upp eins og þau segja frá þ.e. að ekki hefði þurft að loka og að heimamenn hefðu tekið þessa ákvörðun. Hið rétta er að Landgræðslan fór í skoðunarferð um torfunar 12. júlí 2016, í samráði við heimamenn og skilaði inn minnisblaði til sveitarstjórnar um málið, sjá viðhengi. Við heimamenn hér í Tungunum höfum rætt þetta við Landgræðsluna og Gústaf vill meina að hann hafi ekki sett þetta upp á þann hátt sem til okkar eyrna barst og að hans orð hafi verið rangt túlkuð og slitin úr samhengi. Nú get ég ekki fullyrt neitt um hvernig hann setti fram sinn fyrirlestur eða hvernig menn túlkuðu hann en ljósmynd af glæru, sjá viðhengi, sem hann birti vakti upp spurningar hjá okkur og er í algjöri andstöðu við það sem fram kemur í minnisblaði Landgræðslunnar og þess ber að geta að Gústaf sjálfur gerði útektina við annan mann. Ástæða þess að ég er að senda ykkur þessar upplýsingar eru fyrst og fremst að ítreka að við heimamenn hér í Biskupstungum eru ekki í einhverri herferð gegn hestamönnum eða viljum hefta för þeirra um hálendið nema sýður sé. Ég sat í stjórn Loga í 14 ár þar af formaður í 6 ára og ber hagsmuni hestamanna mjög fyrir brjósti. Nú sit ég í sveitarstjórn Bláskógabyggðar og veit að fram undan eru veruleg átök um hálendið, hverjir eigi að fara þar með skipulagsvaldið og hvernig megi alment fara um það. Við höfum verið að vinna að nýju reiðvegakorti fyrir Biskupstungnaafrétt. Þar erum við að reyna að draga þungaumferð hestamanna, stórir flotar hestaleigu hópa upp undir 100 hross fara vikulega um Kjöl, frá viðkvæmustu stöðunum á minna viðkvæm svæði. Engum leiðum hefur verið lokað nem Svartártorfunum, enda eru þær og hafa aldrei verið merkt reiðleið.

Við teljum að með því að sýna frumkvæði í ábyrgri reiðleiðastjórnun á hálendinu geti samtök og stofnanir t.d. Landvernd eða Landgræðslan ekki farið fram á lokanir á reiðleiðum á þeim forsendum að við sýnum enga ábyrgð í verndun landsins og að eftir okkur liggji aðeins sviðin jörð.

Að lokum, ég myndi gjarnan vilja heyra hvernig þið túlkuðuð framsetningu Gústafs og ég er alveg til í frekari umræður um reiðleiðir á hálendinu.

*Bestu kveðjur úr Tungunum
Guðrún S. Magnúsdóttir*

Sumarið 2016 fóru fulltrúar Landgræðslu ríkisins í skoðunarferð inn á Kjöl, niðurstöður eftir þá ferð fara hér á eftir. Eins sést á eftirfarandi minnisblaði og myndum frá þeirri ferð sést vel hvernig óheftur ágangur hesta og svo regn og úrrennsli getur leikið svæði sem eru viðkvæm fyrir átroðningi. Reyndar hefur reiðleið um Svartártorfur aldrei verið á aðalskipulagi Biskupstungna eða Bláskógabyggðar á síðari tímum. Segja má að hefð hafi verið komin fyrir því að riðið hafi verið með Svartá um Svartártorfur, en fullur skilningur er fyrir því að lokað sé á hestaumferð um þetta svæði. Reiðleið á skipulagi liggur frá Hvítárbrú um gamla Kjalveg að Árbúðum.

Skoðunarferð um Svartártorfur á Biskupstungnaafrétti

Minnisblað 12. júlí 2016

Gústav M. Ásbjörnsson og Magnús Þór Einarsson, héraðsfulltrúar Landgræðslu ríkisins á Suðurlandi.

Mánudaginn 11. júlí sl. fóru undirritaðir í skoðunarferð á Biskupstungnaafrétt, nánar tiltekið á Svartártorfur. Veður var bjart og stillt og aðstæður til vettvangsskoðunar hinar bestu. Tilgangur ferðarinnar var að skoða ástand reiðslóða sem liggur í gegnum gróðurorfur á milli Baldurshaga og Árbúða. Slóðinn er um 5,3 km á lengd og farið var frá sitthvorum enda hans og ástandið kannað.

Niðurstaða

Við athugun kom í ljós að slóðin er víðast illa farinn, djúpar götur byrjaðar að myndast og allt upp í fimm götur samhliða á kafla slóðans. Greinilegt var að á hluta svæðisins er talsvert vatnsrof sem veldur því að götur verða dýpri og mikið af jarðvegi að skolast í burtu. Sumstaðar hefur jarðvegur alveg skolast í burtu og myndað ljót sár í umhverfið.

Með áframhaldandi notkun á leiðinni má búast við því að göturnar eigi eftir að versna til muna, verða dýpri, fleiri og dreifðari. Leggja undirritaðir til að eftirfarandi slóði verði lokaður fyrir allri umferð hestahópa til þess að verja land það sem er nú þegar byrjað að láta verulega á sjá. Jafnframt þyrfti að grípa til aðgerða til þess að hindra vatnsrennsli eftir slóðunum þar sem svo háttar til og græða upp slóðina, t.d. með því að tæta rúllur í hana. Heppilegra væri ef hestahópar myndu fara gamla Kjalveginn vestan við Svartá.



Mynd 1. Víða liggja orðið fimm götur um torfurnar. Sjá má á dýpt þeirra að þær eru mismuglar. Ný slóð er að myndast lengst til vinstri á myndinni.

MPÉ



Mynd 2. Vatnsrennsli hefur sorfið niður götuna þannig að hún hefur lagst af. Þegar hestagötur myndast verða kjöraðstæður fyrir söfnun og rennsli yfirborðsvatns eftir þeim sem hefur mikinn rofmátt, ekki síst þar sem jarðvegur er vikurblandaður og með litla samloðun líkt og á Svartártorfunum.



Mynd 3. Djúpar götur með innrennsli vatns rétt við Árbúðir. Sjá má hvernig nýjar götur eru að myndast beggja vegna við elstu göturnar. Allar líkur eru á að við þessar aðstæður dugi ekki að taka umferðina af torfunum, einnig þurfi að grípa til uppgræðsluáðgerða til þess að koma í veg fyrir frekara rof.

Gunnarsholt 18.7.2016

Magnús Þór Einarsson

Sæl Guðrún

Þakka þér fyrir erindið til okkar Sæmundar, alltaf gott að vera í beinu sambandi við aðila. Það var aldrei skilningur okkar að Bláskógarbyggð væri í stríði við hestamenn a.m.k. ekki hinn almenna hestamann. Hvað varðar hestaferðafyrirtæki og þessa stóru hópa á þeirra vegum þá er nokkuð ljóst að þeir eru að skemma fyrir hinum almenna hestamanni sem vill ferðast um á hestum sínum og njóta náttúru landsins.

Hestamenn eru í eðli sínu náttúruverndarsinnar og vilja láta líta á sig sem slíka, hestamenn hafa áður gefið eftir reiðleiðir um viðkvæm svæði s.s. Þjófadali, Arnarfellsmúla o.fl. En við gerum kröfu um aðgengi að náttúruperlum til jafns við aðra útivistarhópa.

Spurningar vakna um stýringar inn á ákveðin svæði, í Vatnajökulsþjóðgarði þarf t.d. að tilkynna sig inn ef um stærri hópa en tuttugu hesta er að ræða. Með því fyrirkomulagi mætti t.d. beina stærri hópum inn á aðrar leiðir en þær sem eru viðkvæmar fyrir miklum átroðningi.

Skilningur okkar Sæmundar á erindi Gústafs var á þann veg að það væri spurning hvort ekki væri hagkvæmara að lagfæra og byggja upp illa farna reiðleið frekar en að byggja upp nýja reiðleið á öðrum stað. Tel reyndar ástæðulaust að velta meira fyrir sér hvað hann sagði og hvað hann átti við.

Öll erindi ásamt glærum sem flutt voru á Málþinginu verða aðgengileg á heimasíðu LH.

LH og reiðveganefndir hestamannafélaga óska eftir samvinnu og fá að vera í samráði við sveitastjórnir um skipulag reiðleiða um sveitarfélög landsins.

Bestu kveðjur

Halldór H Halldórsson

Samgöngunefnd LH

From: Einar [mailto:einar@thingvellir.is]

Sent: 27. febrúar 2018 22:01

To: Bílamálun Halldórs; 'Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir'

Cc: 'Sæmundur Eiríksson'

Subject: RE: Reiðleiðir kjölur

Það er að styttest í að skila inn umsóknum um reiðleiðir. Ég sit einmitt hér og nú að fylla út og kem þá að Ferðaleiða liðnum og hugsa til fundar okkar vegna Kjalarmálsins. Búinn með allt nema ferðaleiðirnar.

Þú nefndir Halldór að þú værir með einhverja lausn eða tillögu í Kjalarmálinu. Við þurfum að hittast sem fyrst en Gunna hefur verið mjög upptekin. Ég velti fyrir mér hvort að lausnin geti tengst eitthvað inni ferðaleiða umsókn hjá okkur. Ég hef rætt við Gunnu og nefnir hún að merkingum sér stórlega ábótavant og því er spurning hvort við ættum að sækja þannig pening fyrir merkingar á leiðum. Ég verð í bænum á þriðjudagsmorgun núna og veit ég að það hentar Gunnu best að hittast fyrri part dags. Því spyr ég ykkuré .

Viljið þið hittast á þriðjudagsmorgun í Nethyl?

Kv - Einar

■

Sæl öll

Takk fyrir góðan fund í morgun, set í viðhengi uppkast að texta um Þjófadali (tekið af netinu og úr árbók Ferðafélagsins) ef við setjum eitthvað um Þjófadali á fræðsluskilti. Einnig fræðsluskiltin Gjármót og Vatnsvík og mynd sem sýnir Vegvísi og gömlu kallana, og vegprest. Vinn í því að semja erindi til sveitastjórnar.

Með kveðju í Tungurnar

Halldór H.

Sælir.

Afsakið seinaganginn en hér koma smá pælingar.

Varðandi leiðina í gegnum Þjófadalinu sættumst við á að hún verði merkt inn á kortasjána og það verði gert með þeim hætti sem við ræddum á fundinum um daginn. Leiðin frá Svartárbugum inn í Gránunes er ekki á reiðleiðakorti sveitarfélagsins sú leið er viðkvæm og Gránunesið sjálft ekki síður. Við sættumst þó á að setja leiðina inn á kortasjána á sama hátt og Þjófadalaleiðina.

Vegprestar inn í Svartárbugum verða að sína skýrt að aðalleiðin/rekstrarleið úr Bugum og inní Gíslaskála liggur fyrir austan Svartá. Varðandi leiðina frá Múlum og þvert yfir í Gránunes þá er það ekki aðalreiðleið og er sýnd sem brotalína á korti sveitarfélagsins, ekki má sýna hana sem rekstrarleið á vegpresti.

Svo varðandi Hvítárnesið ég held að við ættum ekki að vísa ríðandi umferð þangað enda er engin reiðleið merkt þangað og þar er engin aðstaða lengur fyrir hestamenn.

Hvað segið þið um þessar pælingar.

Bestu kveðjur úr Tungunum. Guðrún S.



Formlegt erindi var sent til sveitarstjórnar Bláskógabyggðar í mars sl.

Valtýr Valtýrsson **Sveitarstjóri Bláskógabyggðar**

Reykjavík 3 mars 2018

Landssamband hestamannafélaga (LH) hefur áhyggjur af því að ákveðnar reiðleiðir á Kili eru felldar út af skipulagsuppráttum Bláskógabyggðar, má þar nefna reiðleið um Þjófadali ofl. Við hestamenn höfum fullan skilning á að með þessum aðgerðum er fyrst og fremst verið að vernda náttúruna sem er sérlega viðkvæm í þessari miklu hæð. LH hefur af því áhyggjur að komi til þess að Miðhálandisþjóðgarður verði stofnaður og viðkomandi reiðleiðir séu ekki á staðfestu skipulagi viðkomandi sveitarfélaga þá verði ekki leyfð hestaumferð um þau svæði frammar. LH hefur á undanförunum árum staðið fyrir skráningu reiðleiða í Kortasjá í samstarfi við Vegagerðina og Loftmyndir ehf. Allar reiðleiðir sem skráðar eru í kortasjána eru samkvæmt skipulagi viðkomandi sveitarfélaga, einnig gamlar þjóðleiðir. Reiðleiðirnar eru hnitsettar og hægt er að hlaða einstökum reiðleiðum í tölvur eða Gps tæki.

Undirritaður ásamt Sæmundi Eiríkssyni, sem sér um skráningu reiðleiða fyrir LH, hafa átt í samskiptum og fund með Guðrúnu Svanhvíti Magnúsdóttur og Einari Á. Sæmundssen vegna þessa. Tillaga okkar hjá LH er að reiðleiðir verði áfram sýndar í Kortasjá, í kortasjá eru reiðleiðirnar sýndar rauðar á lit og grænar þar sem eru sýndar reiðleiðir samkvæmt skipulagi viðkomandi sveitarfélags en eru ekki orðnar færar eða tilbúnar. Þriðja lit á reiðleiðum mætti hafa á þeim leiðum sem má eingöngu fara um einhesta eða með hesta í taumi. Þá er LH tilbúið að koma að merkinu reiðleiða á Kili sem er mjög ábótavant. Fræðsluskilti mætti setja við alla skála þ.e. Fremstaver, Árbúðir, Gíslaskála og Hveravelli. Auk fræðsluskilta má setja upp vegpresta með vegvísunum þar sem reiðleiðir greinast, á fundi með Guðrúnu og Einari kom fram að þörf væri fyrir ellefu vegpresta með um þrjátíu og fimm vegvísunum. Hestamannafélögin Sprettur í Kópavogi og Garðabæ ásamt Herði í Mosfellsbæ hafa sett upp vegpresta á sínum svæðum og horfir LH til þess að koma sambærilegum merkingum upp á Kili. LH er tilbúið að kosta skiltagerðina gegn því að Bláskógabyggð sæi um uppsetningu skilta og vegpresta. Vegvísar (Vegprestar) og fræðsluskilti eru fest á 2ñ galvanhúðuð rör sem eru 3 m löng, um 1 m grefst í jörðu eða niður fyrir frost. Fræðsluskiltin eru 100 x 100 cm með reiðleiðakorti, helstu

upplýsingum um viðkomandi stað og leiðbeiningum til hestamanna, vegvísarnir eru 15 x 75 cm, vegvísar og skilti eru úr 5 mm áli. Á vegvísa má koma uppl. um hvar má fara einhesta og hvar er rekstraleið. Kostnaðaráætlun LH fyrir fjögur fræðsluskilti og ellefu vegpresta hljóðar upp á um 2.0 m.kr.


Vegprestar hafa ákveðin númer og eru hnitsettir í kortasjánni, þess má geta að Neyðarlínan, 112, hefur hnit af öllum reiðleiðum og vegprestum í sínum gagnagrunnum sem er mikið öryggisatriði fyrir hestaferðafólk.

Meðfylgjandi eru myndir af fræðsluskilti úr Búrfellsgjá í Heiðmörk og af vegpresti.

Með kveðju

Halldór H Halldórsson

Ferða- og samgöngunefnd LH



Formlegt svar og staðfesting á samstarfi um merkingar reiðleiða á Kili barst frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar þann 16. apríl sl.

BLÁSKÓGABYGGÐ



Landssamband hestamannafélaga

Engjavegi 6

104 Reykjavík

❖ Reykholti, 16.04.2018

❖ 1804010 VV

❖ **Efni: Tölvuskeyti Ferða- og samgöngunefndar Landsambands hestamanna, dags. 3. mars 2018; merkingar reiðleiða á Kili**

❖ Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 23. mars 2018 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu þess:

❖ **Tölvuskeyti Ferða- og samgöngunefndar LH, dags. 3. mars 2018; merkingar reiðleiða á Kili.**

- ❖ Lagt fram tölvuskeyti Ferða- og samgöngunefndar Landssambands hestamanna þar sem kynntar eru hugmyndir að uppsetningu fræðsluskilta á skálastöðum, 11 vegpresta með um 35 vegvísum. LH er tilbúið að kosta skiltagerðina gegn því að Bláskógabyggð sæi um uppsetningu skilta og vegpresta.
- ❖ Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir að taka þátt í verkefninu á þeim forsendum sem fram koma í erindinu.
- ❖ Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 5. apríl 2018.
- ❖
- ❖ Virðingarfyllst,



- ❖ Valtýr Valtýsson
- ❖ Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Aratunga

• 801 Selfoss •

Sími 4803000 • Netfang valtyr@blaskogabyggd.is




Þá var eftir að sækja um fjárframlög frá Vegagerðinni í verkefnið, fjárframlag fékkst staðfest með tölvupósti frá Vegagerðinni.

Farið var í að fá Loftmyndir til að útbúa reiðleiðakort með örnefnum á fræðslu- og upplýsingaskilti 4. stk. Þau skyldu staðsett við skála, Fremstaver, Árbúðir, Gíslaskála og í Sóleyjardal þar sem reiðleið greinist í Þjófadali og austur fyrir Þjófafell. á þessum skiltum er sem fyrr getur reiðleiðakort um næsta umhverfi þess staðar þar sem skiltið er staðsett. Saman mynda reiðleiðakortin á fræðslu- og upplýsingaskiltunum fjórum eina heild sem nær frá byggð við Geysi og norður fyrir Seyðisá að Svörtutungum.

Í texta á skiltunum eru leiðbeiningar til hestaferðamanna ásamt upplýsingum um nærumhverfi staðarinnis. Á reiðleiðakortunum eru almennar reiðleiðir sýndar rauðar, þær reiðleiðir sem eru rauð- gul köflóttar þýða að rekstur lausra hrossa sé bannaður. Skiltin sem eru frístandandi eru með enskan texta á bakhlið.

Vegprestarnir eru samtals 15. stk. með 42. stk. vegvísu. Vegprestarnir eru staðsettir við vegamót, krossgötur, milli Gullfoss og Hveravalla. Þeir eru allir númeraðir og hnitsettir í kortasjá LH. Númerin sem eru 801. 01 ì 15. 801 er póstrn. viðkomandi svæðis og svo hlaupandi nr. frá 01 við Gullfoss o.s.frv. Ef að hestamenn muna nr. þeirra vegpresta sem þeir fara hjá og ef eitthvert óhapp eða vá verður á að nægja að gefa upp það nr. því Neyðarlínan (112) er með öll hnit úr kortasjánni hjá sér.



Reiðleiðakort á fræðslu- og upplýsingaskilti í Sóleyjardal.




*Fræðsluskilti og vegprestur komið upp við Árbúðir.
Egill og Ólafur Jónassynir frá Kjóstöðum við uppsetningu skiltanna.*

Upplýsings- og fræðsluskilti, annars vegar á íslenska og hins vegar á ensku.



Staðsetningar vegpresta og fræðsluskilta á Kili.



Kortasjá:

Samgöngunefnd LH vinnur að skráningu reiðleiða í kortasjá, skráningin er unnin í samstarfi við Loftmyndir ehf. Einungis þær reiðleiðir sem eru á staðfestu aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags eru settar í kortasjána. Reiðleiðirnar skiptast í þrjá flokka, þéttbýlis-, stofn- og héraðsleiðir. Allar reiðleiðir í kortasjónni fá ákveðin númer og kaflanúmer, númerakerfið er unnið í samstarfi við Vegagerðina.

Búið er að skrá 12437 km. af reiðleiðum í kortasjána á svæðinu frá Lómagnúpi í austri, um Suðurland, Vesturland og Norðurland að Jökulsá á Fjöllum. Kortasjain er til mikilla hagsbóta og öryggis fyrir skipulag hestaferða, hægt er að hlaða niður GPS ferlum af hverri reiðleið fyrir sig. Einnig kemur fram heiti hvernar reiðleiðar og lengd í km. Það að geta hlaðið niður ferlum af reiðleiðinni stuðlar að miklu öryggi hestaferðamanna sem og gangandi manna sem einnig geta nýtt sér reiðleiðirnar. Skráning og kortlagning reiðleiða og gott aðgengi að þeim upplýsingum stuðlar að því að beina umferð hestamanna inn á samþykktar reiðleiðir og vernda þar með viðkvæm svæði á landinu.

Markmið með kortasjónni er að safna öllum reiðleiðum á landinu í einn kortagrunn sem er öllum aðgengilegur.

Hægt er að teikna inn reiðleiðir og senda þær til umsjónarmanns skráningar reiðleiða, en ath. þarf að reiðleiðin skal vera á samþykktu skipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Sérstök táknu eru nú til staðar í kortasjónni fyrir vegvísa.

Hægt er að leita í kortasjónni að vegvísunum, áningum og skálum, (sem stendur eru einungis vegvísar komnir upp á félagssvæðum hestamannafélaganna Sprettis og Harðar, en til stendur að LH í samvinnu við Bláskógabyggð setji upp 15 stk. vegpresta með 42 stk. vegvísa við reiðleiðir um Kjöl. Vonast er til að unnt verði að hefjast handa við uppsetningu þeirra um eða upp úr nk. mánaðamótum, einnig 4 stk. fræðslu- og upplýsingaskiltir sem verða staðsett við Fremstaver, Árbúðir, Gíslaskála og í Sóleyjardal. Allir vegvísar verða númeraðir og hnitsettir í kortasjónni sem mun auka á öryggi vegfarenda. Allir reiðleiðaferlar í kortasjónni hafa verið afhentir Neyðarlínunni (112) til afnota ef vá ber að.

Farið í leitarglugga og skrifið í reitinn t.d. Ávegvisirni og ýtið á vegvísir 5 í vallista undir glugga. Þá fer kortasjain á þann stað og píla sem merkir staðinn. Með því að fara með örina yfir táknid fyrir vegvísinn, þá opnast gluggi (eins og fyrir reiðleiðirnar og áningastaðina). Hér er hægt að sækja GPS staðsetningu fyrir vegvísinn og hlaða niður í tölvu eða í GPS tæki.

Sama á við um Áningastaði, Girðingarhólf, Skála, Ferðapjónustu, Fjárréttir og Neyðarskýli.

Í glugganum efst til hægri er þessi gluggi þar sem hægt er að haka við það sem hver og einn vill láta birtast á kortasjónni, einnig er hægt að velja um hvort haft sé kort eða loftmynd undir.

Í kortasjónni er hægt að skoða yfirlit reiðvegaframkvæmda árána 2011i 2017 og er til efs að aðrir aðilar hafi eins gagnsæa notkun á almannafé og hestamenn.

Verið er að skoða þessa dagana hvort að í kortasjána verði möguleiki á að bæta lýsingum eða upplifun hestaferðamanna af reiðleiðunum, einnig að bæta við myndgallerýi eða myndbandi af reiðleiðum í kortasjónni.

Bein leið á kortasjána er: <http://www.map.is/lh> einnig er hægt að fara á heimasíðu LH <http://lhhestar.is> þar er gluggi merktur Kortasjá, einnig eru tengingar frá heimasíðum flestra hestamannafélaga í landinu á kortasjána.

Nýjustu upplýsingar um kortasjána er ávallt að finna í fréttatilkynningum á heimasíðu LH og á Facebook síðu Samgöngunefndar; Kortasjá / Samgöngunefnd LH, í dag erum við með 1260 fylgjendur. Bein leið er <https://facebook.com/lhhestar.is> .



Umferðaröryggi:

Hestamenn verða að vera vel á varðbergi er kemur að umferðaröryggi, ekki síst þegar hrossahópar eru reknir meðfram og á þjóðvegum landsins. Eins og við vitum þá leita hross oft upp á þjóðvegina í þessum rekstrum sem getur haft alvarlega afleiðingar fyrir menn, hross og ökutæki. Það er ástæða að vekja athygli á grein um þessi mál sem birtist í Bændablaðinu þann 11. ágúst 2016 „**Hrossastóð í rekstri geta skapað mikla hættu á vegum**“. Greinina ritar Ólafur Kr. Guðmundsson tæknistjóri EuroRAP „European Road Assessment Programme“n eða Umferðaröryggisráð Evrópu. Ekki getum við hestamenn látið ýta okkur frá eða loka þessum reiðleiðum þegar annað býðst ekki, Grein Ólafs fer hér á eftir.

Rekstur lausra hrossa eftir og meðfram vegum getur skapað talsverða hættu jafnt fyrir hrossin og ökumenn sem þurfa að keyra framhjá hrossum í rekstri. Ólafur Kr. Guðmundsson, tæknistjóri EuroRAP, var nýlega í gagnaöflun á Suðurlandi og ók fram á fjögur stóð í slíkum rekstri við Laugarvatn og á Biskupstungnabraut. Í öllum tilfellum urðu umferðartafir, hættuástand og fullt af erlendum ferðamönnum á bílaleigubílum sem vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið. - Ólafur segist ekki skilja af hverju það viðgengist að vera með stóð af lausum hestum í rekstri á og við helstu ferðamannaleiðir á háannatíma. Nær væri gera þetta á kvöldin, snemma á morgnanna eða nóttunni. Hann sagði eðlilegast að fá leyfi fyrir þessum rekstri og æskilegt að gera þetta í samráði við lögreglu. - Við búum við það hér á landi að sumt í lögum og reglum fylgir ekki breyttri tækni, samgöngum og samfélagsþróun. Meðal þess er hestaumferð eftir þjóðvegum og á vegsvæðum þeirra. Á sumum landsvæðum er lausaganga búffár ekki bönnuð og víða girðingar ekki fjárheldar eða ekki til staðar. Almenna reglan er sú að hestaumferð eftir þjóðvegum er heimil, með undantekningum, utan þéttbýlis. Með vaxandi umferð, bundnu slitlagi á þjóðvegum og auknum ferðahraða bíla má hins vegar segja að útilokað sé að riðandi umferð og rekstur hrossa sé á og við akvegi. “ - Ólafur segir að hross á ferð innan um umferð ökutækja hafi í för með sér óeðlilega áhættu fyrir dýr og menn. „Bundið slitlag á vegi hentar ekki fyrir umferð hesta, bæði út frá velferð dýranna og einnig vegna endingar slitlagsins. Þarna geta ákvæði laga um dýravernd og meðferð dýra átt við. Almenn ákvæði um að gæta varúðar og að gæta þess að valda ekki skemmdum á vegamannvirkjum gilda um hestaumferð eins og aðra umferð um vegi og brot á lögunum geta varðað sektum og skapað bótaábyrgð. – „Umferð hestamanna um þjóðvegi sætir almennum takmörkunum og telja verður heimilt samkvæmt umferðarlögum að takmarka eða banna umferð hestamanna um tiltekin þjóðveg vegna umferðaröryggis,“ segir Ólafur.

Í sama blaði er grein eftir Hjört L. Jónsson þar sem er fjallað um að umferð á flestum þjóðvegum sé komin yfir þölmörk, hann kemur einnig inn á að hestaumferð fari ekki saman með akandi umferð. Hann nefnir einnig hættu af því þegar hrossum er beitt á vegkanta og einungis mjó snúra milli umferðar og hrossa.

Full ástæða er fyrir hestamenn að vera vel á tánum vegna þessa þrýstings sem er að myndast um að við víkjum með okkar umferð af vegsvæði þjóðvega. Hæstiréttur með sinni niðurstöðu í Munkaþverármálinu beinlínis vísar hestaumferð að þjóðvegunum „, já það er orðið vandlifað ñ.

Hestamenn á Kjalarnesi fengu með fulltingi Reiðveganeftdar SV svæðis framlag úr reiðvegasjóði kr. 500.000,- til að girða öryggisgirðingu milli reiðvegar og akvegar á Kjalarnesi á um eins km. kafla, haust 2017.

Getum við hestamenn bætt öryggi hestaumferðar gagnvart akandi umferð með einhverjum hætti. Reiðvegir eru oftast en ekki á vegöxlum akvega, flestir kjósa sér reiðvegi eins fjarri akvegum og kostur er. Reynt hefur verið að taka lönd eignarnámi undir reiðvegi, en yfirvöld og hestamenn verið gerð afturreka með þær aðgerðir af dómstólum landsins. Þó almannaðörf hafi verið viðurkennd af dómstólunum þá var það ekki í nægjanlega ríku mæli til að eignarnám næði fram að ganga. Í máli Munkaþverár benti Hæstiréttur á að aðrar leiðir væru í boði fyrir reiðvegi, eða vegaxlir akvega.



Athugasemdir voru sendar til Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vegna draga að útgáfu rits um hönnunarleiðbeiningar fyrir hjóltreiddar, þar sem einskis er getið um þveranir hjólastíga við reiddstíga.

Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

ssh@ssh.is

Reykjavík 14. maí 2018

Efni:

Drög að hönnunarleiðbeiningum fyrir hjóltreiddar.

Landssamband hestamannafélaga (LH), Ferða- og samgöngunefnd bendir á að í drögum að Hönnunarleiðbeiningum fyrir reiddhjól, sem nefnd á vegum SSH hefur unnið að og er í kynningu, er ekkert getið um þveranir hjóltreiddastíga við reiddstíga.

LH bendir í því tilliti til handbókar , **Reiddvegir gerð og uppbygging**, leiðbeiningar Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga. Reiddvegahandbókin er aðgengileg á vef Vegagerðarinnar.

[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Reidvegir/\\$file/Rei%C3%B0vegir.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Reidvegir/$file/Rei%C3%B0vegir.pdf)

Í kafla 4.4 Þverun gatna og stíga á bls. 17 í reiddvegahandbókinni eru leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að framkvæmd við þverun göngu- og hjólastígs við reiddstíg. Benda má á dæmi þessu lútandi m.a. við Rauðavatn.

Hesturinn er lifandi vera og getur brugðist misjafnlega við hættum eða áreysi sem að honum steðjar. Knapar eru oft mislangt komnir á veg í sinni hestamennsku og oft eru börn eða unglingar ein á ferð á hestum sínum í nágreppi hesthúsabyggða

Það er því ófrávikjanleg krafa LH að þar sem göngu- og hjólastígur þverar reiddstíg verði framkvæmdin með þeim hætti sem um getur í reiddvegahandbókinni.


Virðingarfyllt

Ferða- og samgöngunefnd LH
Halldór H. Halldórsson formaður

4.4 Þverun gatna og stíga


Öryggisgrindur við akveg

Með því að setja upp þverslár eins og sýnt er á myndinni kemur reiðmaður alltaf þannig að akvegi að hann horfir á móti aðkomandi umferð.



Öryggisgrindur gefa einnig knöpum möguleika á að draga úr ferð eða stöðva hross áður en komið er að umferðagötu.

Göngu- og/eda hjólréiðastígur við reiðveg



Athugið, að auk öryggislína þarf einnig að setja upp viðeigandi skilti við þveranir og hafa í huga minnstu fjarlægð skiltis frá vegi.

Besta lausnin er þó alltaf að forðast þveranir.



LH þing var haldið í Stykkishólmi 14 – 15. október 2016.

Fyrir Ferða- og umhverfisnefnd þingsins lágu þrjú þingskjöl, þ.e. þingskjöl nr. 8. frá stjórn LH, nr. 18. frá hestamannafélaginu Fákí og nr. 35. frá hestamannafélaginu Spretti. All nokkrar umræður urðu um þessi þingskjöl í nefndinni og voru þau samþykkt samhljóða en þingskjal nr. 18. með breytingarum. Að auki lagði Ferða- og umhverfisnefnd þingsins fram ályktun til stjórnar LH, þingskjal nr. 39. Allar þessar tillögur voru samþykktar á þinginu og fara þær hér á eftir.

Þingskjal nr. 8 Flytjandi: stjórn LH

Ályktun:

60. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að LH taki upp eftirfarandi umhverfisstefnu.

LH; leitast við að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og fylgir lagalegum kröfum á sviði umhverfismála.

LH; leggur áherslu á að auðlindir landsins séu nýttar á sjálfbæran hátt í þágu landsmanna og komandi kynslóða til efnahagslegs og félagslegs ábata, án þess að ganga á höfuðstól auðlindanna.

LH; vill jafnframt stuðla að sjálfbærum vexti auðlinda svo sem kostur er með skynsamlegri nýtingu þeirra og leggur áherslu á uppgræðslu landsins þar sem tekið er tillit til fjölbreytileika í náttúru þess.

LH; beinir því til hestamanna að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála og stuðla að sjálfbærri þróun í starfi sínu

LH; leggur áherslu á að hestamenn þekkji umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitast við að lágmarka þau áhrif. Til þess að ná stöðugt betri árangri á þessu sviði eru þýðingarmiklir umhverfisþættir vaktaðir og markvisst unnið að umbótum.

LH; beinir því til hestamanna og annarra ferðamanna að sýna náttúru landsins virðingu og leitast við að valda sem minnstu raski í umhverfinu á ferðum sínum um landið.

LH; vill stuðla að góðri umgengni hestaferðamanna og vernd náttúru landsins, m.a. með samstarfi við umhverfis- og náttúruverndaraðila.

LH; leggur áherslu á að uppbygging skála á hálendi Íslands vegna öryggis og þjónustu við ferðamenn skuli vera einföld og umhverfisvæn.

LH; leggur áherslu á að uppbygging samgangna á hálendi Íslands vegna öryggis og þjónustu við ferðamenn skuli falla vel að landinu, vera einföld og umhverfisvæn.

LH; tekur tillit til umhverfismála í allri starfsemi félagsins og stuðlar þannig að betra umhverfi í náttúru Íslands.

LH; leggur áherslu á að starfsfólk og aðrir sem vinna fyrir LH, hafi hæfni og þekkingu til að framfylgja umhverfisstefnu samtakanna.

LH; kynnir stefnu sína í umhverfismálum opinberlega og gerir grein fyrir árangri félagsins í umhverfismálum og stuðlar þannig að opinni og málefnalegri umræðu.

Landssamband hestamannafélaga (LH) telur nauðsynlegt að standa vörð um náttúru landsins jafnframt því að þjóðin vinni ótrauð að bættum lífskjörum sínum. Markmiðið er að hver kynslóð skili landinu og auðlindum þess í betra horfi til þeirrar næstu.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 18

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Ferða- og umhverfisnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 beinir því til stjórnar LH að fundin verði leið til að mæta auknum kostnaði við viðhald reiðvega vegna mikillar fjölgunar ferðamanna á hestum.

Greinargerð

Mjög mikil aukning hefur orðið í hestatengdri ferðaþjónustu og er útlit fyrir áframhaldandi vöxt í þeirri grein. Reiðvegir eru viðkvæmir í eðli sínu og þar sem hestamannafélög, ríki og sveitarfélög hafa lagt ómælda vinnu og fé í uppbyggingu og viðhald reiðvega í gegnum tíðina. Nefndin telur brýnt að stjórn LH setji málið í forgang. Framlög til reiðvegagerðar hafa dregist saman að raunvirði og eru úr öllum takti við þörfina. Í þessu samhengi vísar nefndin í þingskjal nr. 46 frá 59. Landsþingi LH sem samþykkt var samhljóða á því þingi.

Samþykkt með eftirfarandi breytingum:

Þingskjal nr. 46

Flytjandi: Hestamannafélagið Sprettur

Lagt fyrir: Ferða- og umhverfisnefnd

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október, 2014 hvetur stjórn Landssambands hestamannafélaga til að beita sér af öllum mætti til þess að fá reiðvegafé aukið verulega frá því sem ætlað er í samgönguáætlun (vegaáætlun) 2011-2022.

Greinargerð:

Í samgönguáætlun (vegaáætlun) 2011 í 2022 eru framlög til reiðvega ætluð á 1. tímabili þ.e. 2011 í 2014 230. m. kr. á 2. tímabili 2015 í 2018 235. m. kr. þ.e. 59. m.kr á ári og á 3. tímabili 260. m. kr. þ.e. 65. m.kr. á ári.

Umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé fyrir árið 2014 nema nær 310. m. kr. Heimild LH til úthlutunar reiðvegafjár nam 50. m.kr. í ár. Með vilyrðum fyrir viðbótarframlögum að upphæð 52. m.kr. frá sveitarfélögum þá nemur ráðstöfunarfé um 102. m. kr. í ár. Þessar fjárhæðir duga ekki til viðhalds þeirra reiðvega sem fyrir eru né heldur til uppbyggingar nýrra reiðvega. Óhætt er að segja að umsóknir hestamannafélaganna um reiðvegafé séu faglega unnar.

Áætlað er að um 35 þúsund Íslendingar stundi hestamennsku að staðaldri. Þar af eru um 12 þúsund skráðir í 45 hestamannafélögum. Ferðir á hestum hafa margfaldast bæði í byggð og í óbyggðum, fjöldi hesta sem fer um reiðvegi landsins er umtalsverður.

Um 300 þúsund erlendir ferðamenn komu til landsins á árunum 2001-2003. Kannanir Ferðamálaráðs sýndu að um 20 % þeirra sem komu að sumarlagi fóru í hestaferðir. Að vetrarlagi er hlutfallið lægra en þó á bilinu 8-14%. Hestaferðir geta verið allt frá stuttum reiðtúrum í nágrenni hestaleiga til margra daga ferða. Samkvæmt niðurstöðum Ferðamálaráðs og Hagstofunnar þá námu gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum árið 2001 37,7 ma.kr. þar af voru tekjur vegna hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu 7,5 ma.kr. (Skýrsla nefndar um viðbótarfjárflestun til reiðvega, febrúar 2003).

Séu þessar niðurstöður framreiknaðar til árs 2014, þegar stefnir í að ein milljón erlendra ferðamanna sækir Ísland heim, þá er ljóst að tekjur af hestamennsku og hestatengdri ferðaþjónustu nema amk. 25 ma.kr. á ársgrundvelli.

Árið 2003 var reiðvegafé af vegaáætlun 39. m.kr. Í ár er reiðvegafé af vegaáætlun 60. m.kr. hefði reiðvegafé fylgt þróun byggingarvísitölu á tímabilinu þá væri reiðvegafé af vegaáætlun 101,5 m.kr. Þessi þróun hvað reiðvegafé í samgönguáætlun varðar verður ekki eingöngu skýrð með efnahagshruni í þjóðfélaginu árið 2008 og afleiðingum þess.

Því er afar brýnt að stjórn LH hlutist til um að snúa þessari þróun við og leiti leiða til að reiðvegafé verði aukið verulega frá því áætlað er í samgönguáætlun 2011-2022.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr: 35

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir Ferða- og umhverfisnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að LH hafi forgöngu um að láta hanna og framleiða sérstakt öryggistákn eða öryggismerkingu sem fólk sem er í almennum útreiðum geti auðkennt sig með í þeim tilvikum þegar um óvana er að ræða eða riðið er á lítt tömdum eða viðkvæmum hrossum á reiðgötum í þéttbýli.

Greinagerð

Mikilvægt er að forysta hestamanna hlutist til um almennar aðgerðir til að draga úr hættu á slysum í hestamenskunni. Flestir kannast við hversu óþægilegt það er ef riðið er hratt afturundir hrossið sem riðið er á eða gassalega riðið á móti hrossinu. Vitaskuld er meiri hættu á slíkum atvikum eftir því sem fleiri eru á reiðvegum og geta og tilgangur útreiðanna ólík.

Merki það sem hér um ræðir gæti verið borði sem lagður er yfir aðra öxlina og undir hinn handarkrikann. Hann yrði í áberandi lit og framleiddur í mismunandi lengdum.

Beri riðandi maður slíkan borða er öðrum þeim sem um reiðvegina fara skylt að slá af ferð niður á fet þegar mest er og ríða venju fremur varlega framúr.

Stjórn LH tekur um það ákvörðun eftir að hönnun og reglusetningu varðandi þessa öryggisborða er lokið, hvort samtökin sjálf láti framleiða borðana eða feli það öðrum en borðarnir yrðu í öllum tilvikum seldir og keypti fólk það sem áhuga hefði á að hagnýta sér þá, borðana rétt eins og hvern annan reiðbúnað sinn.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 39

Flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins

Ályktun:

60. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að beina því til stjórnar LH að standa fyrir málþingi um reiðvegi.

Greinagerð:

Tímabært er að fulltrúar hestamanna, hestaferðafyrirtækja, landeigenda (bænda), Vegagerðarinnar, innanríkisráðuneytisins og sambands íslenskra sveitarfélaga hittist og ræði um reiðvegi, stöðu þeirra og hvert stefni.

Sextán á eru liðin frá því að haldið var málþing um reiðvegi, á Hólum í Hjaltadal árið 2000, og því orðið löngu tímabært að kalla eftir umræðum um reiðvegamáli.

Samþykkt samhljóða



Þjóðgarðar:

Þingvallapjóðgarður:

Opnuð var ný reiðleið um Þingvallapjóðgarð vorið 2017, Bláskógaleið, rekstrarleið frá Ármannsfelli að Gjábakka. Hvergi þarf að þvera akvegi á þessari leið eins og er á Hrauntúns- og Skógarkotsleið, sem er til mikilla bóta og öryggisatriði fyrir hesta og menn. Í tillögum að sefnumörkun fyrir Þingvallapjóðgarð 2018 í 2038 eru hjólreiðar heimilar á reiðstígum með fyrirvara um að hjólandi víki fyrir ríðandi umferð, sem er áhyggjuefni.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stefnumörkun 2018-2038

Eftirfarandi eru tillögur til stefnumörkunnar í Þingvallapjóðgarði er varða reiðleiðir og áningastaði fyrir hesta 2018 í 2038.

B5 Skógarhólar

Hlutverk:

☐ Áningarstaður fyrir hestamenn.

Aðstaða:

☐ Afgirt beitar- og áningarhólf með vatni til að brynna hestum. Gera þarf ráð fyrir aðfluttu heyi.

6.4.3 Reiðstígar


Um þjóðgarðinn liggja reiðstígar sem sýndir eru á uppdrætti 7.

Reiðleið liggur frá Sandskeiði undir Ármannsfelli að Gjábakka (meðfram gamalli girðingarslóð). Lausir hestar og rekstur fari þessa leið en aðrar reiðleiðir verði aðeins til útreiða. Rekstur lausra hesta á reiðleiðum um Skógarkot og Hrauntún eru bannaðar. Áningarstaðir eru í Gjábakka, Skógarkoti, Hrauntúni og Skógarhólum.

6.4.4 Hjólastígar

Gestum þjóðgarðsins er heimilt að fara um á reiðhjóli á göngustígum og reiðstígum með því skilyrði að hjólríðamenn víki fyrir göngufólki og hestum og sýni tillitssemi.

Hjólríðar eru því heimilar á öllum leiðum innan þjóðgarðsins nema sérstakar ástæður gefi tilefni til annars og það þá gefið skýrt til kynna á vettvangi.



Kaflí : S9: Öxará að Ármannsfelli

Svæðið nær aðallega til lands vestan Kaldadalsvegar upp í 400 metra hæð yfir sjó. Á láglendi innan svæðisins vex móagróður og kjarr en fjallshlíðar eru rofnar. Svæðið hentar vel til útivistar enda er svæðið allvel aðgengilegt. Nokkrar ræktaðar spildur setja svip á svæðið, í Svartagili og Skógarhólum.

Svartagil er fyrrverandi hjáleiga frá Þingvallastað og er í eyði. Þar er töluvert rof sem hefta þarf í samvinnu við Landgræðslu. Þar eru einnig námur fyrir efnistöku.

Í Skógarhólum eru sléttir vellir frá náttúrunnar hendi og þar er hlaðin fjárrétt frá 1925,

áður skilarétt Þingvallamanna. Hestamenn hafa haft aðstöðu í Skógarhólum samkvæmt samningi milli Þjóðgarðsins og Landsambands hestamanna.

Gamlar þjóðleiðir um Leggjabrjót, Langastíg og Kjósarheiði liggja um svæðið.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Stefnt er að því að efnistaka verði áfram úr sömu námum í Svartagili og verið hefur en hún takmarkist við þarfir Þjóðgarðsins. Efnistaka verður skipulögð þannig að hún hafi sem minnst áhrif á umhverfið og þannig gengið frá efnistökusvæðinu að það falli að núverandi umhverfi.

Gert er ráð fyrir því að áfram verði áningarstaður hestamanna við Skógarhóla og að hestamenn geti riðið þaðan um Þjóðgarðinn á skilgreindum reiðleiðum. Rekstrarforsendur áningarstaðar verða með sama hætti og önnur slík starfsemi innan Þjóðgarðsins.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Á svæðinu skal stuðlað að verndun og viðgangi náttúrulegs gróðurs.

S11: Uppland

Uppland Þjóðgarðsins á Þingvöllum er óraskað og óbyggt land að frátöldum Kaldadalsvegi (550) og vegum í grennd við Gjábakka.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Svæðið verði áfram óbyggt og með óbreyttu yfirbragði. Göngu- og reiðleið yfir sigdældina liggur þvert frá Ármannsfelli að Gjábakka. Gönguleiðir fylgja meðal annars gömlum smalagötum og kindastígum.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Engin mannvirki verði á svæðinu að frátöldum Kaldadalsvegi.



Miðhálandisþjóðgarður:

Sem áður hefur verið nefnt þá er unnið að stofnun miðhálandisþjóðgarðs í

Umhverfisráðuneytinu, undirritaður ásamt Sæmundi Eiríkssyni voru boðaðir á fund með Birni H Barkarsyni í ráðuneytinu vegna reiðleiðaferla innan væntanlegs þjóðgarðs.

Fundur hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Fundargerð:

Frá fundi hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti Skuggasundi 1 fimmtudaginn 17. nóv 2016, kl.09.00 í 09.45.

Mættir til fundarins voru :

Björn Helgi Barkarson sérfræðingur á Skrifstofu Landgæða Umhv., Halldór H. Halldórsson formaður Ferða- og samgöngunefndar LH og Sæmundur Eiríksson formaður reiðveganefndar SV-svæðis.

BB : Sigrún Magnúsdóttir skipaði nefnd (sjá hjálagt) í júlí til þess að fara yfir hugmyndir um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og er verið að safna saman gögnum sem til eru á þessu svæði. Landmælingar hafa sett upp vefsíðu þar sem allar þessar upplýsingar eru aðgengilegar fyrir nefndarmenn og ráðgjafa nefndarinnar (sjá hjálagt). Reiðleiðir sem sýndar eru á Kortasjá LH eru mjög góð gögn sem gott væri að hafa þarna inni.

HH/SE : Sagt frá forsögu þess að lagt var til og byrjað að safna saman gögnum um reiðleiðir. Nú eru reiðleiðir hnitsettar inn á Kortasjá LH í samvinnu við Vegagerðina. Inn í Kortasjá eru settar allar reiðleiðir sem koma fram á aðalskipulögum sveitarfélaga og gamlar þjóðleiðir.

Í Kortasjá eru reiðleiðir sýndar ofan á loftmyndagrunni Loftmynda ehf. Loftmyndir ehf sjá um rekstur á Kortasjánni og þeir hafa jafnframt séð um alla forritunarvinnu við Kortasjánni. Reiðleiðaferlar eru eign LH og það þarf að gera fyrirvara um birtingu og notkun þeirra inn á vefsíðu um þjóðgarðinn.

Rætt um afstöðu hestamanna til þjóðgarðs. Hestamenn eru ekki á móti þjóðgarði, en vilja hafa leyfi til þess að ferðast um hann.


BB : Skoðuð vefsíða sem sett hefur verið upp fyrir hálendisþjóðgarð. Ytri mörk þjóðgarðs eru miðuð við þjóðlendur eins og þær liggja fyrir núna, frekari útfærsla verður unnin í samráði við þau sveitarfélög sem eiga land að þjóðgarðinum en þau er alls 22. Gert er ráð fyrir að ljúka áfangaskýrslu um þjóðgarðinn fyrir árslok og lokaskýrslu 1. mars 2017.

Rætt um reiðleiðir og akstur vélknúinna ökutækja. Spurt um kortagrunn sem kveðið er á um í Náttúrverndarlögum þar sem merkja skal vegi og vegslóða þar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum ?

BB : Verið er að vinna reglugerð þar sem fram kemur að sveitarfélög skulu í endurskoðun á aðalskipulögum skilgreina vegi og vegslóða og notkun þeirra og útbúa vegaskrá. Vegagerðin heldur utan um vegaskrár og umræddur kortagrunnur verður í umsjá Landmælinga.

Skráð Sæmundur Eiríksson

Útlínur væntanlegs miðhálendisþjóðgarðs:



Reiðleiðaferlar vegna Hálendisþjóðgarðs :


Á fundi þann 17. nóvember 2016 hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti óskaði Björn Helgi Barkarson eftir því að fá afhenta reiðleiðaferla Landssambands Hestamannafélaga sem hluta af upplýsingaöflun vegna undirbúningsvinnu við Hálendisþjóðgarð.

Reiðleiðaferlar eru eign LH og skulu aðeins notaðir við þessa undirbúningvinnu. Reiðleiðaferlar skulu aðeins birtast á vefsíðu sem Landmælingar Íslands hafa sett upp vegna undirbúningsvinnu fyrir Hálandisþjóðgarðinn og skal koma fram að reiðleiðferlar og tengd gögn eru frá LH. Ekki er heimilt að birta reiðleiðaferla eða tengd gögn á öðrum vefsíðum eða að gefa út kort með þeim.



Vatnajökulsþjóðgarður:

Samþykkt hefur verið ný stjórnunar og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Við fyrstu skoðun virðist sem að reiðleiðir og áningastaðir séu ásættanlegir í verndaráætlun þjóðgarðsins að undanskildu Vonarskarði. Óásættanlegt er að ekki skuli leyfð hestaumferð í austanverðu Vonarskarði. Gönguleiðin er í vestanverðu skarðinu, ríðandi umferði austanverðu skarðinu ætti alls ekki að trufla upplifun gangangi vegfarenda. Í austanverði Vonarskarði er land þurrt gróðursnauðir sandar og melar sem vart marka spor. Hér á eftir eru tillögur og rökstuðningur SAMÚT fyrir ríðandi og akandi umferð um Vonarskarð í Vatnajökulsþjóðgarði.



Tillaga SAMÚT að aksturs- og reiðleið um Vonarskarð.

SAMÚT.

LH er aðili að SAMÚT samtökum útivistarfélaganna, formaður SAMÚT er Sveinbjörn Halldórsson frá Ferðaklúbbnum 4X4. Formaður SAMÚT á sæti í undirbúningsnefnd um stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Ljóst er að útivistarhópar þurfa að halda vöku sinni gagnvart hinu opinbera til að lenda ekki utangarðs í undirbúningsvinnu við stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Talsvert hefur verið um lestur skýrsla og athugasemdir gerðar.

Einnig hefur talsverð vinna verið í að fá opnað á reið- og akstursleið um Vonarskarð í Vatnajökulsþjóðgarði.

Tillaga að leið fyrir ökutæki og hesta um Vonarskarð. Lögð fram af SAMÚT 01.11.2016.

Ekið verði um Vonarskarð austanvert frá vaði yfir Köldukvísl sunnan Svarthöfða og eftir slóð sem liggur í austurátt þar til komið er inn á leið sem valin var af starfsmönnum þjóðgarðsins sumarið

2014 fyrir hesta. Sú leið liggur í norðurátt á móts við Hnífla, þaðan verði valin leið vestur yfir Skjálfafljótið sem lægi milli Hnífla í suðri og Tindafells í norðri.

Þessi leið hefur verið farin um áratugi og er enn ekin af vísindamönnum sem sinna mælitækjum á svæðinu. Á þessari leið er stórbrotið landslag og hún liggur um gróðursnautt svæði. Opin ökuleið myndi gefa aukna möguleika á að njóta ferða um svæðið án þess að hætta sé á að náttúru landsins verði fyrir óafturkræfum áhrifum.

Lagt er til að stjórn VJÞ samþykki að þessi leið verði opin og að nánari lega leiðarinnar verði valin í vettvangsskoðun á staðnum.

Athugasemdir SAMÚT og viðbætur vegna rannsóknarskýrslu um Vonarskarð.

31.05.2017

Svokölluð Ánnsóknarskýrsla var gerð um Vonarskarð 2013 en gerðar hafa verið alvarlegar athugasemdir við hana. Þrátt fyrir það er skýrslunni enn haldið á lofti í stjórnkerfi Vatnajökulsþjóðgarðs og valdhafar þar skýla sér ítrekað á bakvið hana.

Nokkrar mikilvægar staðreyndir koma ekki fram í Ánnsóknarskýrslunni en þær skipta máli varðandi ákvörðun um að hætta við akstursbann um Vonarskarðið.

- Í kafla 1. Ánnangur kemur hvergi fram að svæðisráð Vestursvæðis vildi ekki loka ökuleiðinni um Vonarskarð. Tillaga þeirra um stjórnunar og verndaráætlun sem lögð var fyrir stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs var með opna ökuleið gegnum Vonarskarðið. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs gekk þvert á vilja svæðisráðsins og lokaði leiðinni.
- Hvergi kemur fram að SAMÚT lagði fram sáttatillögu um að akstur yrði einungis heimill eftir september ár hvert en því var hafnað.
- Í skýrslunni er ekki minnst á reiði- og mótmælaöldu í framhaldi af þessu. Ekki er minnst á fjölmenn mótmæli þegar hundruð manna frömdu gjörninginn Árdarför ferðafrelsis á Íslandið og reistu táknrænan kross á Kistuöldu sumarið 2011. Í skýrslunni er í staðinn notað lágstemmt orðalag eins og Ánókkur gagnrýni kom fram og Ánnst nokkrum hagsmunahópum að sér vegið.
- Í kafla 4. Ferðir og ferðaleiðir kemur hvergi fram að ökuleiðin sem var lokað við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs liggur austan við Deili milli Svarthöfða og Gjóstu. Hvorki er minnst á þessa slóð né sýnt á korti hvar hún liggur. Ekki er heldur minnst á aðra leið sem hefur verið ekin austast í Vonarskarðinu.
- Í kafla 4.1 Leiðangrar og rannsóknir í Vonarskarði er þess ekki getið að leiðin um Vonarskarð hefur verið vinsæl ferðaleið þeirra sem ferðast á eigin ökutækjum um hálendið, sérstaklega seinni part sumars og á haustin.
- Ekki kemur fram að með ökuleið um Vonarskarð er hluti af samfelldri ökuleið frá Jökulheimum um svokallaða Bárðargötu norður með Vatnajökli norður að Gæsavatnaleið sem liggur svo áfram að Holuhrauni og áfram í Dreka. Með lokun á ökuleið um Vonarskarð er þessi einstaka ferðaleið slitin í sundur.
- Ekki kemur heldur fram að gangandi ferðamenn gefast gjarnan upp á Bárðargötu vegna þess hversu erfið hún er vegna stórra vatnsfalla. Björgunarlið hefur þurft að aka langar leiðir utan vega innan Vatnajökulsþjóðgarðs eftir þeim sem hafa reynt að krækja fyrir árnar upp á jökul en gefist upp.
- Ekki kemur fram að með lokun gömlu ökuleiðarinnar um Vonarskarð lengdist ökuleiðin milli Svarthöfða og Gjóstu úr 12 km í yfir 100 km. Ökuleið fyrir trúss fyrir göngufólk milli Svarthöfðaskála og Gjóstuskála yrði svo löng að rætt var í alvöru um að leggja nýjan og styttri

veg frá Svarthöfða um sunnanverðan fjallgarðinn yfir í Nýjadal.

- Ekki kemur fram að vegna þessarar lengingar er frekar óhentugt fyrir fólk sem ferðast á eigin vegum að ganga milli fyrirhugaðra gönguskála, selflytja þarf bíla yfir 100 km í stað 12 km.
- Ekki kemur fram að kostnaður vegna eftirlits vísindamanna með skjálftamælum sem eru nyrst og syðst í Vonarskarði er talsvert meiri eftir að ökuleiðinni gegnum Vonarskarð var lokað. Rúmlega 5 km eru milli mælanna í loftlínu og auðvelt að aka stystu leið milli þeirra ef það væri leyft. Í staðinn þarf að aka yfir 100 km sem lengir vinnuferðir á svæðið um einn dag.
- Hvergi kemur fram að í miðju Vonarskarði eru stórir varnargarðar sem Landsvirkjun lét ýta upp í tengslum viðvirkjunarframkvæmdir á áttunda áratugnum. Með þessum varnargörðum átti að færa vatnaskilin sem liggja um Vonarskarðið þannig að vatn frá upptökum Skjálfafljóts færu til suðurs en ekki norðurs. Tilraunin mistókst og skörð komu fljótt í varnargarðana. Leifar af þeim sjást vel í Google Earth á um 3,5 km kafla. Nyrst er heill stíflugarður um 200 mtr. langur og nokkura metra hár. Ökuleiðin um Vonarskarð lá um hluta þessara varnargarða. Í skýrslunni er fjallað um svæðið eins og það sé ósnert víðerni.
- Þeir sem ekki þekkja staðhætti fá á tilfinninguna við lestur skýrslunar að viðkvæmu svæðin nái yfir allt Vonarskarðið og þegar ekið er gegnum skarðið þurfi að fara um þessi viðkvæmu svæði. Hið rétta er að viðkvæmu svæðin eru einungis á tiltölulega litlu svæði í Vonarskarði, í Snapadal og austurhlíðum Tunafellsjökuls. Gamla ökuleiðin sem lokað var liggur austan við Deili og liggur hvergi um viðkvæm svæði. Áður var stundum ekið um Snapadal og enn sjást ummerki um það. Slíkur akstur var aflagður fyrir áratugum og auðvelt er að koma í veg fyrir að hann hefjist aftur með merkingum. Í skýrslunni eru þessi ummerki eftir akstur sýnd á myndum en þess ekki getið að þau eru fjarri ökuleiðinni sem var lokað. Gamla ökuleiðin kemst viðkvæmum svæðum við norðurenda Snapadals. Þar myndi henta að merkja bílastæði fyrir akandi ferðalanga sem hefðu hug á að ganga um viðkvæmu svæðin. Gönguleiðin um Vonarskarð liggur nálægt þessum stað en auðvelt væri að færa hana vestar þannig að gangandi ferðalangar þyrftu ekki að verða varir við ökuleiðina. Aðskilnaður í tíma myndi einnig tryggja að gangandi ferðalangar yrðu aldrei varir við ökutæki á þessari leið.

Rökstuðningur SAMUT fyrir akstri um austanvert Vonarskarð, sáttaleiðin.

31.05.2017

Reynt hefur verið eftir megni að hrekja rangfærslur þess efnis að lokunin á gömlu ökuleiðinni hafi verið nauðsynleg til að vernda viðkvæm svæði. Þar er þó við ramman reip að draga þar sem öflugt stjórnvald eins og Vatnajökulspjódgarður stóð að þessum rangfærslum. Nú hefur loks tekist að sýna fram á þetta. Enn heyrast þó áhyggjuraddir í stjórnkerfi Vatnajökulspjódgarðs um að svæðið myndi ekki þola aukinn ágang sem myndi fylgja akandi umferð í námunda við þau. Holur hljómur er í þessum rökum vegna þess að á sama tíma og ökuleiðinni var lokað stikaði þjóðgarðurinn gönguleið um viðkvæmustu svæðin án nokkurra varnaðarmerkinga eða leiðbeininga og stefnir að byggingu skála fyrir göngufólk við báða enda Vonarskarðsins. Þetta opinberar fyrirætlanir um að beina þúsundum manna gangandi á hverju ári um viðkvæmustu svæðin. Einungis fjárskortur hefur komið í veg fyrir þessar fyrirætlanir og þær er enn að finna í stjórnskjöllum þjóðgarðsins

SAMUT telur hafið yfir allan vafa að ökutæki á ferð eftir 1. september myndi ekki trufla göngufólk sem væri á ferðinni um mitt sumarið. Seinni hluta ágúst er farið að hausta á svæðinu og varasamt að vera þarna gangandi. Akandi haustumferð myndi örugglega ekki valda of miklu álagi umfram það álag sem fyrirhuguð fjöldaumferð gangandi veldur. Þess vegna væri einfaldast og eðlilegast að leiðrétta upphaflegu lokunina sem var gerð á sínum tíma í trássi við stjórnskipulag Vatnajökulspjódgarðs.

Af tillitssemi við áhyggjuraddir vegna viðkvæmu svæðanna í Snapadal hefur SAMUT þó lagt fram

sáttatillögu um að ekið verði austast í Vonarskarði en ekki eftir gömlu ökuleiðinni austan við Deili.

Sáttaleiðin yrði fjarri öllum gönguleiðum. Syðsti hluti hennar yrði eftir leið sem liggur í austur frá Svarthöfða og er aðkomuleið að Köldukvíslarjökli. Farið yrði útaf þeirri leið í 2 til 3 km fjarlægð frá gönguleiðinni og fjallið Svarthöfði er á milli. Um miðbik Vonarskarðs yrði leiðin í 5 til 6 km fjarlægð frá gönguleiðinni og stóran hluta gönguleiðarinnar væri fjallið Deilir á milli. Nyrst væri hún næst gönguleiðum í um 3 km fjarlægð. Þar yrði fjallið Valafell á milli.

Ökuleið um austanvert Vonarskarð yrði sannkallað torleiði og sambærileg leiðinni suður í Jökulheima um Bárðargötu. Að sunnanverðu yrði farið inn á leiðina á vaði yfir Köldukvísl við Svarthöfða. Að norðanverðu yrði farið inn á leiðina á vaði yfir Skjálfandafljóð norðan við Hnífla. Þannig væri tryggt að ferðalangar færu ekki inn á þessa leið nema treysta sér yfir framangreind vöð.

Í miðju Vonarskarðs eru vatnaskil milli norður- og suðurlands. Þetta eru mjög blautir sandflákar sem þýðir að ekki er fært á ökutækjum milli gömlu ökuleiðarinnar við Deili og sáttaleiðar SAMUT austast í Vonarskarðinu. Það þýðir að engin leið er að komast á ökutækjum af sáttaleiðinni nær viðkvæmu svæðunum heldur en með núverandi vegakerfi.

Sáttaleiðin byrjar að sunnanverðu við Svarthöfða. Farið er yfir Köldukvísl á vaði og þaðan haldið til austurs eftir leið sem liggur að Köldukvíslarjökli. Áður en komið er að jökulröndinni er sveigt til norðurs og farið sömu leið og reiðleiðin sem starfsmenn þjóðgarðsins könnuðu og ferluðu sumarið 2014. Þetta er miðhluti leiðarinnar og samkvæmt þeirra lýsingu er auðvelt að aka þessa leið. Leiðin liggur í stórum dráttum með brekkurótum þar sem land hækkar austan við blautu sandana í miðju skarðinu. Engin gróin svæði eru á þessari leið.

Reiðleiðin liggur yfir Skjálfandafljót rétt norðan við Hnífla en gert er ráð fyrir að sáttaleið SAMUT fari nokkur hundruð metrum norðar yfir Skjálfandafljótið. Allt þetta svæði eru þéttir áraurar og hafa oft verið eknir á bílum. Velja þarf endanlegt leiðarval á staðnum og velja þarf heppilegan stað til að fara upp á veginn norðan Hnífla.

Við teljum að fáfarin slóð á þessum stað geti ekki truflað víðernisupplifun göngufólks í Vonarskarði. Ekki þarf að gera neinar vegaframkvæmdir og slóðin sjálf verður vart sýnileg. Hún mun alls ekki sjást frá gönguleiðunum. Mögulega verður hægt að sjá bíla í sjónaukum úr austurhlíðum Túnafellsjökuls ef svo ólíklega vill til að einhver verður gangandi og ekið verur þarna síðsumars. Útilokað er að vélarhljóð berist þessa leið.

Staðháttarkunnugir segja þessa leið sé stórkostleg ferðaleið. Þetta er ógróið land og mun grófara en sandarnir um miðbik skarðsins og grónu svæðin vestantil. Ökuleið þarna myndi opna ferðafólki leiðir að fjölmörgum áhugaverðum jarðmyndunum. Vart er raunhæft fyrir venjulegt fólk að ferðast um þetta svæði fótgangandi vegna þess að vaða þarf bæði Köldukvísl og Skjálfandafljót. Dæmi um hrakfarir göngumanna á Bárðargötu styðja það.

LH er aðili að SAMÚT samtökum útivistarféлага, formaður SAMÚT er Sveinbjörn Halldórsson frá Ferðaklúbbnum 4X4. Formaður SAMÚT á sæti í undirbúningsnefnd um stofnun miðhálendisþjóðgarðs. Ljóst er að útivistarhópar þurfa að halda vöku sinni gagnvart hinu opinbera til að lenda ekki utangarðs í undirbúnings vinnu við stofnun miðhálendisþjóðgarðs. Talsvert hefur verið um lestur skýrslna og athugasemdir gerðar.

Einnig hefur talsverð vinna verið í að fá opnað á reið- og akstursleið um Vonarskarð í Vatnajökulsþjóðgarði.

•

Í stjórnar og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs hvað varðar reiðleiðir og áningastaði segir:

Reiðleiðir í Vatnajökulspjóðgarði.
Stjórnunar og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.

Í kafla 7.7.10 bls. 89 Reiðleiðir og áningastaði segir.

Umferð á hestum um þjóðgarðinn er heimil á þeim reiðleiðum sem nefndar eru hér fyrir neðan og koma fram á útgefnum kortum þjóðgarðsins. Leyfi þjóðgarðsvarðar þarf fyrir hópferð um þjóðgarðinn þar sem fleiri en tuttugu hestar eru í för. Helstu afmarkaðir áningastaði fyrir hesta eru skilgreindir en einnig er heimilt að slá upp tímabundnu aðhaldi á skilgreindum áningastöðum fyrir hesta. Þjóðgarðsverðir veita upplýsingar um þessa staði. Umferð á hestum er einnig leyfð á þeim vegum sem tilgreindir eru í kafla 7.7.1 enda er ekki um aðra reiðleið að ræða. Fylgt sé greinilegu yfirborði vegar, stikum eða slóð vélknúinna ökutækja þar sem því verður viðkomið. Gæta þarf ýtrustu varúðar á fjölfarnari vegum, einkum þar sem vegur er greiðfær og búast má við hraðri umferð ökutækja. Fylgja ber merktum reiðleiðum þar sem þær eru fyrir hendi. Á ferð um hálendi þjóðgarðsins og önnur lítt gróin svæði skulu hestamenn sjálfir hafa tiltækt nægjanlegt fóður fyrir hesta sína. Óheimilt er að beita hestum innan þjóðgarðsins nema sérstaklega sé gert ráð fyrir því á áningarstöðum fyrir hesta. Innan Vatnajökulspjóðgarðs er umferð á hestum heimil á eftirtöldum reiðleiðum:

- Um Sprengisand, Bárðardalur austan Skjálfandafljóts, um Nýjadal/Jökuldal og Tómasarhaga.
- Um Sprengisand, Bárðardalur vestan Skjálfandafljóts, um Nýjadal/Jökuldal, Tómasarhaga og Fjórðungaöldu.
- Um Sprengisand, Nýjidalur/Jökuldal – Tómasarhaga
- Jökulsárgljúfur – Mývatnssveit.
- Mývatnssveit – Möðrudalur, um Herðubreiðarlindir og Upptýppinga.
- Milli skeiðvallar í Ásbyrgi og íþróttavallar í botni Ásbyrgis. Einungis einhesta.
- Fljótsdalur – Sauðárkofi, um laugafell, Þjófadall, Snæfellsskála og Fjallaskarð inn á Vesturöræfi.
- Með Morsá áleiðis að Bæjarstaðaskógi, leiðin fylgi aflagðri ökuslóð. Samráð skal haft við þjóðgarðsvörð um hestaferðir eftir þessari leið.
- Hrossatungur – Blágil – Blængur, leiðin fylgi aflagðri ökuslóð.
- Með Fjallabaksleið nyrðri, grafgötur á núverandi leið verði lagfærðar. Í samstarfi verði stefnt að því að leggja nýja reiðleið vestan núverandi Fjallabaksleiðar.

Áformaðar reiðleiðir:

- Reiðleið frá Fossgili v/Hólmatungur um Svínadal og Vesturdalí Ás. Einungis einhesta.
- Um Heinabergssvæðið frá Haukafelli að brúnni við Heinabergsvötn.

Áningastaðir fyrir hesta eru skilgreindir svo:

- **Næturhólf:** Varanlega afmarkað svæði með vatni og aðkomu fyrir fóður.
- **Áningarhólf:** Varanlega afmarkað svæði með vatni en án aðkomu fyrir fóður.
- **Skiptihólf/Áningagerði:** Varanlega afmarkað svæði án vatns og aðkomu fyrir fóður.
- **Aðhald:** Skilgreint svæði þar sem tímabundið er leyfilegt að slá upp öruggri hestagirðingu.

Innan Vatnajökulspjóðgarðs eru helstu áningastaðir sem hér segir:

- Ofan Hólmatungna; aðhald
- Í Svínadal; aðhald.
- Við Langavatnshöfða; næturhólf.
- Við Skeiðvöll í Ásbyrgi; næturhólf.
- Mynni Ásbyrgis og Ás; áningagerði.
- Botn Ásbyrgis; áningagerði.
- Við brú á Jökulsá á Fjöllum við Upptýppinga; aðhald.
- Við Kreppubrú; aðhald.
- Við nyrðri brún Upptýppinga þar sem beygt er að Vatnamælingaskúr; aðhald.
- Við Snæfellsskála; næturhólf.
- Við Sauárkofa; næturhólf.
- Við Skuggafjallakvísl á Fjallabaksleið nyrðri; áningagerði.
- Við vegamót F208 og F223 (mynni Eldgjár) á Fjallabaksleið nyrðri; áningagerði.
- Á þjónustusvæði við suðvesturenda Langasjávar; aðhald.
- Við Blautulón; aðhald.
- Í Nýjadal / Jökuldal; næturhólf.

Stefnt er að því að fjölga í áföngum áningarstöðum fyrir hesta á skilgreindum reiðleiðum.

Þjóðgarðsvörður getur tímabundið sett skilyrði um ferðamáta til að tryggja að ekki verði spjöll á náttúru og menningarminjum þjóðgarðsins.

Þjóðgarðurinn gefur út yfirlit um reiðleiðir og áningastaði fyrir hesta og sýnir á útgefnum kortum þjóðgarðsins.

•

Rétt er að fram komi einnig skoðanir þeirra sem vilja friða Vonarskarðið fyrir annarri umferð en fótgangandi, þessi grein Snorra Baldurssonar birtist í Morgunblaðinu 30. nóv. 2017.

MCC 30/11 2017

40 | UMRÆÐAN

Um Vonarskarð og svarta náttúruvernd

Eftir Snorra Baldursson

Viðtal við Snorra Ingimarsson í Mbl. 18.10 sl. og fleiri skrif hans um svarta náttúruvernd og Vonarskarð hafa vakið athygli. Snorri situr sem áheyrnarfulltrúi í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir Samtök útivistarfélaga, SAMÚT. Þar hefur hann beitt sér fyrir því að ökuslóð um Vonarskarðsöskjuna verði opnuð aftur fyrir vélvæddri umferð, en undirritaður, þá þjóðgarðsvörður á vestursvæði þjóðgarðsins, lokaði slóðinni árið 2011 í samræmi við ákvörðun stjórnar þjóðgarðsins þá.

Áður en lengra er haldið má benda á að hugtakið „svört náttúruvernd“ snýst ekki um ferðamáta fólks heldur um viðhorf þess til verndar óbyggðanna. Hugtakið er áratuga gamalt og var upphaflega notað í niðrandi merkingu um þá sem börðust gegn lagningu háspennulína yfir víðernin norðan Vatnajökuls og suður yfir Sprengisand.

Þá er líka rétt að taka fram að SAMÚT er ekki fulltrúi allra útivistarfélaga landsins. Ferðafélag Íslands, eitt stærsta og elsta útivistarfélagið, á t.d. ekki sæti í SAMÚT. Ferðafélagið deilir ekki skoðun SAMÚT um að leyfa vélvædda umferð um Vonarskarð að því ég best veit. Fjölmargin einstaklingar sem ég þekki eru líka ósammála SAMÚT að þessu leyti. Fólki skiptist einfaldlega í tvö horn með og á móti og allir hafa eitthvað til síns máls.

Rök með lokun

Sjálfur vil ég ekki leyfa vélvædda umferð um Vonarskarð af eftirfarandi ástæðum:

- Mjög algengt er að þjóðgöörð um sé skipt upp í svæði með misstrangri friðun allt frá þjónustusvæðum með öllum helstu innviðum og þægindum yfir í hrein víðerni og náttúruvæð þar sem um-



Snorri Baldursson

svif og áhrif manna eru lítil sem engin. Fjölbreytni af þessu tagi eykur gildi þjóðgarða.

- Vonarskarð er afskekk – í miðju landsins. Að því liggja erfðir fjallvegir og um það hafa fáir farið hvort sem er gangandi, ríðandi eða akandi.

Skarðið er því enn svo til ósnortið af þeirri nýtingu sem svo víða hefur sett mark sitt á landið; undanskilin eru nefnd ökuleið sem er nánast horfin og varnargarðar sem Landsvirkjun ýtti upp á sínum tíma og þyrfti að fjarlægja.

- Í Vonarskarði skiptast á svartir, þurrir sandar, sandbleytur, fjölbreytt háhitavæði og mýrlandi í yfir 900 m hæð yfir sjávarmáli; vaxtartími er stuttur og allar skemmdir á gróðri og hveraumhverfi alvarlegar og langvarandi. Náttúrufræðingar telja verndargildi Vonarskarðs vera mjög hátt og leggja til að verndarstigi verði breytt til að endurspegla það mat.

- Meirihluti svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, sem gætir hagsmuna sveitarfélaga og félagasamtaka vestan jökuls, leggur til að Vonarskarð verði áfram lokað fyrir vélvæddri umferð og að vernd þess verði tryggð enn frekar.

- Akstursleið um öskjubotninn bætur vissulega aðgengi að helstu djásnum Vonarskarðs en um leið rýrir hún víðernisgildi svæðisins og eykur hættu á fjöldaferðamennsku. Það er óþarfa áhætta þegar þess er gætt að aðeins 4-5 tíma auðveld gönguferð er fram og til baka frá bílastæði við Svarthöfða að hverasvæðinu í hjarta öskjunnar; til sam-
anburðar leggja fjölmargin á sig 14-16 tíma erfiða gönguferð á Hvannadalshnjúk.

- Þörfin fyrir landvörslu ykist með fleiri ferðamönnum en vegna þess hve leiðir frá Nýjadal að Vonarskarði eru seinfarnar er landvarsla í Vonarskarði erfið og dýr.

» Fullgild náttúruverndarrök, öryggisrök og sanngirnismörk, íslensk og alþjóðleg, eru fyrir því að halda Vonarskarði lokaðu áfram fyrir vélvæddri umferð.

- Þótt botn öskjunnar í Vonarskarði sé víðast sléttur sandur lá akstursleiðin yfir vatnsmikla jökulá, Köldukvísl, að sunnanverðu, sandbleytur í Rauða og snarbratt klif, Gjóstukliff, að norðanverðu. Ökuleiðin um Vonarskarð var því varasöm og alls ekki á færi allra. Jafnvel þótt ný leið yrði valin austar í skarðinu, þyrftu ökumenn að fara yfir Köldukvísl og ála Skjálfaðanfjöt.

- Vatnajökulsþjóðgarður spannar yfir 14.000 ferkílómetra lands. Um hann liggja yfir 900 km af vegslóðum sem má aka og akstur á frosinni, snævipakinni jörð utan vega er leyfður á líklega um 90% garðsins, þ.m.t. í Vonarskarði.

- Meðan stöðugt gengur á víðerni jarðar er erfið að réttlæta lagningu nýs vegslóða um algerlega ósnortið land austan til í Vonarskarðsöskjunni.

Lokaorð

Fullgild náttúruverndarrök, öryggisrök og sanngirnismörk, íslensk og alþjóðleg, eru fyrir því að halda Vonarskarði áfram lokaðu fyrir vélvæddri umferð. Þeir starfshópar og ráð sem skoðað hafa þessi mál hafa jafnan klofnað í afstöðu sinni, með og á móti slíkri umferð. Snorri nefnir að áhugamenn um akstur í þjóðgarðinum hafi endurheimt Vikrafellsleið og að fyrir þeirra orð hafi hættulegum leiðum um norður-
bakka Langasjávar og Blautulón verið haldið opnum. Er þá ekki sanngjarnt að Vonarskarð verði áfram gríðland göngufólks?

Höfundur er áhugamaður um vernd Vonarskarðs.
sbaldursson@gmail.com

Snorri Ingimarsson fulltrúi SAMÚT í sjórn Vatnajökulsþjóðgarðar bregst við grein Snorra Baldurssonar í mbl. þann 22. sept. sl.

Verið að misnota UNESCO skráninguna“



Færunestindar í Skaftafellsfjöllum. mbl.is/RAX

Ávið skiljum UNESCO skráninguna þannig að það þurfi að ríkja sátt í samfélaginu um verndun og stjórnun og því miður er sú sátt ekki til staðar. Við erum dálítið undrandi á því að menn ætli að reyna að fara í gegn með þessa skráningu án þess að reyna að leita sáttarinnar, þá segir Snorri Ingimarsson verkfræðingur í samtali við mbl.is um tilnefningu til skráningar Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO.

Snorri er fulltrúi Samtaka útivistarfélaga í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og telur hann að tilnefningin til heimsminjaskrárinnar hafi verið misnotuð í áralöngu deilumáli, um enduroppnun á umdeildri lokun Vonarskarðs fyrir bíla- og hjólaumferð innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Sakar hann svæðisráð Vestursvæðis í þjóðgarðinum um að hafa notað heimsminjaskráninguna sem rök fyrir áframhaldandi lokun slóðanna.



Frétt af mbl.is

Vatnajökulsþjóðgarður verði á heimsminjaskrá

Ávið studdum þetta upphaflega því þetta er svo sem voðalega flott að fá þessa skráningu. En síðan gerist það eftir að farið er að skrifa umsóknina að eitt svæðisráðið, svæðisráð Vestursvæðis, ber fyrir sig UNESCO skráninguna þegar þau vilja ekki opna Vonarskarðið, sem við höfum barist fyrir síðan því var lokað, þá segir Snorri.

Ákvörðun um lokun tekin í andstöðu við samtökin

Á heimsminjaskrá UNESCO eru staðir sem teljast hafa gildi ekki einvörðungu fyrir viðkomandi land heldur fyrir allt mannkyn. Ísland á þegar tvo staði á heimsminjaskránni, Þingvelli (2004) og

Surtsey (2008). Nú eru komnir hingað til lands tveir úttektaðilar á vegum UNESCO sem munu kanna svæðið og funda með starfshópi ráðherra og hagsmunaaðilum vegna heimsminjaskráningarinnar.

Snorri sagði í samtali við mbl.is í fyrra að ákvörðunin um lokun Vonarskarðs í kjölfar nýrra náttúruverndarlaga árið 2013 hafi verið verulega umdeild á sínum tíma og tekin í andstöðu við útivistarsamtök. Í hópnum ÁFerðafrelsið á Facebook hefur, allt frá lokun slóðanna fyrir bílaumferð og hjóltreiddaumferð, verið umræðuvettvangur fyrir stuðningsmenn enduropnunar slóðanna í Vatnajökulspjóðgarði.



Frétt af mbl.is

Svört náttúruvernd valdi sundrunu

Æ ekki sáttir við þetta

Ávið töldum okkur nú hafa tíma fram á næsta sumar til þess að leysa það mál áður en það yrði gerð þessi úttekt sem að þarf að gera áður en að skráningin er tekin til umfjöllunar hjá UNESCO. En nú eru komnir tveir menn, til þess að taka út þjóðgarðinn, og verða með fundaröð næstu viku. Við erum náttúrulega ekki sáttir við þetta, að það sé hreinlega verið að misnota UNESCO skráninguna í erfiðum deilumálum, þá segir Snorri.



Frétt af mbl.is

Jeppamenn telja að sér sótt

Þar til á föstudag leit út fyrir að úttektaðilar UNESCO myndu aðeins funda með svæðisráðunum í Vatnajökulspjóðgarði og stjórnvöldum en ekki með hagsmunasamtökum líkt og samtökum útivistarfélag. Fallist var á að halda fund í Reykjavík með Samtökum reykvískra útivistarféлага eftir harða gagnrýni þeirra.

Ávið fáum núna að hitta þessa fulltrúa og höfum hugsað okkur að upplýsa þá um þessar deilur sem hafa verið, því samkvæmt okkar heimildum hafa þeir aðilar ekki verið upplýstir. Þeir sem standa að skráningunni kalla þetta smávægilegt álitamál, stóru deiluna um Vonarskarð, þannig að við neyðumst til að upplýsa þá um þetta, þá segir Snorri.

Snorri Ingimarsson.

Hvert stefnir með þjónustu við hestamenn á hálendinu?

Af fornum ferðaleiðum – dýrmætum menningararfi og hindrun af mannavöldum á Kjalvegi hinum forna.

Kristín I. Pálsdóttir, Vera Roth, Ib Göttler, Andri Stefánsson, Guðný Guðlaugsdóttir, Hörður Finnbogason, Unnur Rut Rósinkransdóttir

Sunnudagur 16. september 2018 14.52 GMT

Fornar ferðaleiðir og vörður sem vegvísar eru merkur minnisvarði um ferðamáta og erfið lífsskilyrði fyrri kynslóða. Fornar alfaraleiðir, svonefndar **þjóðleiðir**, teljast nú með okkar dýrmætustu menningarminjum og heyra undir lög um minjavernd og óheimilt er að hindra för um þær. Benda má á **Kjalveg hinn forna** sem magnað dæmi en þar má enn sjá samfelldar og skýrar reiðgötur og þar standa geysimiklar vörður enn, hvorutveggja áhrifamiklir minnisvarðar um fyrri tíma - og rekja ferðaleiðina, nánast óslitið milli byggða, norðanlands og sunnan.

Margir eiga sér draum um að fara ríðandi yfir Kjöl. Á síðastliðnu sumri létum við, lítill hestaferðahópur (sjö manns) þann draum rætast. Eitt helsta markmið ferðarinnar var að *fara í fótspor forfedra og -mæðra* og ríða hinn forna Kjalveg. Næturhólf og gisting var ákveðin í samræmi við ásættanlegar dagleiðir, fyrir menn og hesta, eða milli 30 og 40 km á dag. Gekk greiðlega að panta hvorutveggja og alls staðar var verðið sambærilegt; svefnpokaplássið kostaði 5.500-6.000 kr., gerðisgjald á hross kr. 80 og heyrúllan á 15.000 kr.

Nema á Hveravöllum.

Þar er eldri gistiskáli með eldunaraðstöðu og rúmar hann um 30 manns. Ekki var mögulegt að kaupa svefnpokapláss fyrir okkur sjö, heldur var aðeins boðið uppá tvo afarkosti; að leigja allan gistiskálann á 150.000 kr. eða kaupa gistingu í yngri skálanum og þá uppábúin rúm og morgunmat. Það þýddi einnig að við vorum í raun neydd til að kaupa kvöldverð í veitingasalnum þar sem eldunaraðstaða fylgir ekki gistingu í uppábúnu rúmunum. Þarna var, auk þessa, heyrúllan seld á 23.000,- krónur, áberandi dýrari en í hinum næturhólfunum. Okkur þótti ljóst að rekstraraðili aðstöðunnar, *Hveravallafélagið ehf.*, væri þarna að nýta einokunaraðstöðu sína til hins ítrasta i og þótti okkur vansi að.

En til að geta farið þann hluta gamla Kjalvegar sem liggur um **Þjófadali** urðum við að fá náttuga/næturhólf fyrir hrossin á Hveravöllum, ekki var um annað að ræða. Eftir talsverðar vangaveltur, ákváðum við að halda næturhólfinu á Hveravöllum en kaupa gistingu í Gíslaskála og keyra á milli.

Við sendum staðarhaldaranum á Hveravöllum upplýsingar um þessa lendingu mála, en þá kom þetta svar:

“Sæl

Bara að þú vitir þá gengur okkar gestir fyrir með aðstöðu fyrir hrossin þannig að kannski verður ekki pláss.

Kveðja / Best regards...”

Nú voru góð ráð dýr. Við gátum sem sagt ekki fengið staðfest næturhólf fyrir hrossin á Hveravöllum umrædda nótt, heldur áttum við að mæta með þreytt og svöng ferðahross, upp á von og óvon, hvort þau fengju næturhólf og hey i eða ekki. Það er trúlega flestum ljóst að slíkum ókosti getur enginn sem ferðast með hross tekið.

Staðan var þá sú að ef við á annað borð ættum að geta upplifað að ríða þann hluta hins forna Kjalvegar sem liggur um Þjófadali var ekki um annað að ræða en að ganga að skilmálum staðarhaldara á Hveravöllum og gengum við að skárri skilmálanum. Sem þó var orðinn langt umfram verð á gistingu og náttuga á öðrum áningarstöðum Kjalvegar.

Það er skemmst frá því að segja að ferðin var farin, hrossin voru teymd um Þjófadali, og alls staðar voru móttökur með sóma, nema á Hveravöllum. Það vakti sérstaka athygli okkar að eldri gistiskálinn reyndist mannlús þá nótt sem við gistum að Hveravöllum.

Það skal skýrt tekið hér fram að ekki var neitt út á starfsfólk staðarins að setja, það vann sína vinnu og var alúðlegt. Hins vegar talaði enginn starfsmanna íslensku og erfitt reyndist að útskýra fyrir þeim að umhirða og sala á heyi hjá þeim væri fyrir neðan allar hellur og með öllu óásættanleg þar sem einungis var til boða myglað, úldið og gjörónýtt hey; frá ysta lagi að því innsta. Og fyrir það máttum við veskú, borga fullt verð.

Það gefur auga leið að við svo búíð má ekki sitja.

Þessir viðskiptahættir hljóta að vera til virkilegrar umhugsunar. Fyrir alla þá er málið varðar og er annað um fornan menningararf, hvernig háttað er arðtekju af þjóðlendum og hvort um er að ræða eðlilegt nátt- og gistigjald á fornum ferðaleiðum eða eru aðilar að nýta sér einokunaraðstöðu og hafa í frammí það sem hreinlega mætti kalla Áollheimtuñ.

Þess má geta að á vef Ferðamálastofu segir í frétt frá 10. júní 2013 að Húnavatnshreppur, aðaleigandi Hveravallafélagsins ehf., hafi samið við Iceland Excursions, Allrahanda ehf., um uppbyggingu ferðaþjónustu á Hveravöllum og selt fyrirtækinu meirihluta í Hveravallafélaginu ehf sem hafi þar lóðaleigusamning um nýtingu 50 ha lands næstu áratugina: <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/allrahanda-tekur-yfir-ferdathjonustu-a-hveravollum>.



Á síðasta ári fékk ég símtal frá konu sem hafði lent í samskonar hremmingum í samskiptum sínum við staðarhaldara á Hveravöllum og sá hópur er ritaði greinina í Fréttablaðið, það mál var rætt á fundi Ferða- og samgöngunefndar í mars sl.

Ég bað konuna um að setja frásögn sína á blað og senda til LH, frásögn hennar fer hér á eftir:

Sæl Hilda

Ég hringdi í Halldór formann samgöngunefndar og hann óskaði eftir að ég setti erindið á blað og að þú kæmir því áfram til sín.

Þannig er að ég ætlaði að bóka gistingu á Hveravöllum fyrir 10-12 hestamenn og 40 hross, eina nótt á leið okkar norður Kjöl þann 13. júlí. Gistihúsið uppbókað en laust var í skála.

Pétur staðarhaldari upplýsti þá um að vegna kvartana erlendra ferðamann um lykt af hestamönnum, yrði að gera ráðstafanir til að draga úr líkum á kvörtunum. Okkur var því boðið að annaðhvort:

A) Leigja allan skála fyrir kr 170.000 eða

B) Gistingu í skála, með kvöldverði og morgunverð fyrir 12 manna hóp á 144.000 þannig að ekki þyrfti að nota eldunaraðstöðu með öðrum ferðamönnum.

Vegna þessa pantaði ég gistingu annars staðar en ákváðum að halda okkur við þá áætlun að koma við á Hveravöllum og fá að geyma hesta þar. Við þeirri beiðni kom það svar að ekki væri hægt að staðfesta að pláss yrði fyrir hrossin þessa nótt að svo stöddu.

Í símtali mínu við Einar sveitarstjóra Húnavatnshrepps í morgun, sagðist hann í fyrria, hafa orðið var við stefnubreytingu Hveravallafélagsins á þjónustu við hestahópa, með þeim afleiðingum að þeir eru farnir að sneiða hjá Hveravöllum og velja aðrar leiðir og gististaði á leiðum sínum norður Kjöl.

Ég tel rétt að upplýsingar um þetta verði aðgengilegri til að auðvelda skipulag hestaferða um Kjöl í framtíðinni.

Bkv Hrönn Hákansson.

Að sögn fjallkóns Biskupstungnamanna er nú svo komið að gangnamenn úr Biskupstungum gista ekki lengur á Hveravöllum.

Að mati undirritaðs er hér um græðgisvæðingu sumra aðila í ferðaþjónustuað ræða.



Ferða- og samgöngunefnd hefur kallað eftir að aðilar í hestaferðaþjónustu myndi með sér samtök, sem gætu rúmast innan Landssambands hestamannafélaga s.s. félag Tamningamanna, félag Járningamanna og Dómarafélögin. Okkur veitir ekki af að allir sem koma að hestamennskunni myndi ein heildarsamtök, aðeins þannig getum við myndað öflugan þrýstihóp. Nefnd um úrbætur í reiðvegamállum vinnur að því að kanna hug helstu hestaferðaþjónustuaðila til þess að mynda umræðu eða samstarfshóp með Ferða- og samgöngunefnd LH. Starfshópur um úrbætur í reiðvegamállum var sett á laggirnar í kjölfar málþings um úrbætur í reiðvegamállum, hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir ályktunum málþingsins, formaður starfshópsins er Vilhjálmur Ólafsson hmf. Sörla.

Áhrifaríkast að sinni tel ég að þeir sem lenda í þeirri stöðu sem ofangreindir aðilar lentu í á Hveravöllum, og telja á sér brotið, láti óánægju sína í ljós við staðarhaldara og kvarti til eiganda aðstöðunnar, sem geta verið sveitarfélög, ferðafélög, upprekstrarfélög, einkaaðilar eða aðrir þeir sem leigja út þessa aðstöðu til rekstrar.

LH gæti t.d. sent Húnavatnshreppi erindi vegna endurtekinna kvartanna hestamanna vegna rekstraraðila Hveravalla.



Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:

Undirritaður hefur fengið staðfest frá Ferðamálaráði að opnað verður fyrir umsóknir til úthlutunar 2019 í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða þann 1. október nk. Hér er upplagt fyrir hestamannafélög, reiðveganeindir, LH eða hvern sem er að sækja um til góðra verkefna t.d. áningastaða, merkingar reiðleiða, reiðvega, upplýsinga- og fræðsluskilta.

Slóð á Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða:

<https://www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/framkvaemdaskodur-ferdamannastada>

Slóð á kynningarmyndband vegna umsókna úr sjóðnum:

<https://www.youtube.com/watch?v=vwhqKTuhNyA&feature=youtu.be>



Reiðvegaframkvæmdir 2018:

Þegar þessar línur eru ritaðar í lok september kemur í ljós sem oft áður að hestamannafélögin fara ákaflega seint í reiðvegaframkvæmdir sem er slæmt, komið haust og vetur handan við hornið. Af þeim 50. m.kr. sem LH úthlutaði í mars sl. er einungis búið að framkvæma fyrir 6.3 m.kr. Af 10 m.kr. sem Vegagerðin úthlutar fóru 5.5 m.kr. til LH þ.e. 3.5 m.kr. í kortasjána og 2 m.kr. til merkinga reiðleiða og fræðslu/upplýsingaskilta á Kili.

Samgönguáætlun 2019 – 2024:

Samgönguáætlun 2019 í 2024 hefur verið lögð fram, kynnt þingflokki stjórnmálaflokkanna og nú almenningi. Fram kemur hér fyrir í skýrslunni að fundað hafi verið með samgönguráðherra í ágúst sl. vegna málsins og gætti nokkurrar bjartsýni eftir þann fund. Farið var fram á tvöföldun reiðvegafjár frá því sem verið hefur allt frá árinu 2010 sem verið hefur 60.0 m.kr.

Það veldur því nokkrum vonbrigðum að reiðvegafé í samgönguáætlun árin 2019 í 2024 er einungis 75.0 m.kr. á ári. Eftirfarandi tafla er úr samgönguáætlun 2019 -2024, sem sjá má er enn bætt í hjóla- og göngustíga.

Sameiginlegt

Vegnr.	Vegheiti		Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar kostnaðar 1. 1. 2019	2019	2020	2021	2022	2023	2024+
	Kaflanr.	Kaflaheiti		millj. kr.						
		Tengivegir, bundið slitlag			800	900	900	900	900	+
		Breikkun brúa			405,0	463,0	480,0	441,0	431,0	+
		Hjóla- og göngustígar			250	265	265	265	265	+
		Samgöngurannsóknir			20	20	20	20	20	+
		Héraðsvegir			110	110	110	110	110	+
		Landsvegir utan stofnvegakerfis			120	120	120	120	120	+
		Styrkvegir			50	50	50	50	50	+
		Reiðvegir			75	75	75	75	75	+
		Smábryr			50	50	50	50	50	+
		Girðingar			60	60	60	60	60	+
		Sameiginlegur jarðgangakostnaður			10	10	10	10	10	+
	Samtals sameiginlegt			1950,0	2123,0	2140,0	2101,0	2091,0		
Samtals nýframkvæmdir					13545,0	13488,0	13350,0	7846,0	7846,0	



Tengir saman stíga við Búrfell

Landsvirkjun áformar að byggja göngu- og reiðbrú við Búrfellshólma • Bætir aðgengi að Búrfellsskógi og tengir við reiðleiðir austan Þjórsár • Auknir útivistarmöguleikar í Búrfellsskógi

Fimmtudagur, 27. september 2018



Þjórsá: Slóðar hafa verið lagðir austan Þjórsár að Þjófafossi. Fyrirhuguð göngubrú er ofar á ánni en litla viðbót þarf til að tengja slóðakerfið við brúna.

Helgi Bjarnason í helgi@mbl.is

Landsvirkjun hyggst byggja göngu- og reiðbrú yfir Þjórsá við Búrfellshólma. Tilgangurinn er að bæta aðgengi að Búrfellsskógi sem hefur versnað vegna framkvæmda við Búrfellsstöð 2. Brúin mun tengja saman kerfi reiðvega og göngustíga sem eru beggja vegna Þjórsár, það er að segja í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Bygging brúarinnar er liður í mótvægisáðgerðum vegna framkvæmda við Búrfellsstöð 2 sem var gangsett í sumar. Leiðin í Búrfellsskóg að vestanverðu lá yfir frárennisskurð sem ekki var vatn í fyrr en Búrfellsvirkjun 2 var tekin í notkun.

Breytt áform

Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Landsvirkjunar, kynnti áform um brúargerð á fundi með fulltrúum sveitarstjórna Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra fyrr í mánuðinum. Óli Grétar segir að áformin hafi breyst vegna óska Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem fram komu í rannskipulagi Þjórsárdals frá árinu 2013. Nú sé ætlunin að byggja brú á gamla farveg Þjórsár, ofan við Þjófafoss, á milli Bjarnalóns og Búrfellsstöðvar. Með þessu móti verður aðgengi að Búrfellsskógi auðveldað til muna fyrir gangandi umferð og ríðandi. Þetta þýðir að reiðvega- og göngustígakerfi Rangárþings ytra tengist við Búrfellsskóg með smá viðbót frá Þjófafossi og jafnframt við reiðleiðir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Auknir útivistarmöguleikar


Ávið erum mjög jákvæð fyrir þessu, en segir Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, um brúaráformin. Hann segir að þessi umræða hafi vaknað þegar ákveðið var að stækka Búrfellsvirkjun. Sveitarstjórn hafi viljað að Landsvirkjun kæmi til móts við íbúa sveitarfélagsins vegna þess rasks sem fylgdi framkvæmdinni en tók þó fram að Landsvirkjun hefði haldið því í lágmarki og gengið vel frá eftir sig. Þess má geta að stöðvarhús Búrfellsstöðvar 2 er grafið djúpt inn í Samsstaðaklif. Ofanjarðar eru aðrennisskurður sem leiðir vatnið úr lóninu og frárennisskurður sem tekur við vatninu úr stöðvarhúsinu og leiðir út í Fossá. Kristófer segir að útivistarmöguleikar batni mjög við betra aðgengi að Búrfellsskógi og þar skapist einnig tækifæri til að planta trjáum til að kolefnisjafna verkefni.

Óli Grétar segir að þeir sem nauðsynlega þurfa að aka í Búrfellsskóg geti áfram farið fyrir frárennisskurð Búrfells 2 og eftir slóða inn í Búrfellsskóg. Hestamenn geti einnig farið þá leið.

Kostar 300-400 milljónir

Sú útfærsla á brú sem nú er rætt um yrði 45 metra löng og 2,5 metrar að breidd. Kostnaður er áætlaður 300-400 milljónir.

Breyta þarf aðalskipulagi sveitarfélaganna, gera jarðfræðirannsóknir, hanna brú og bjóða út. Talið hefur verið raunhæft að miða við að byggja brúna sumarið 2020. Óli Grétar segir að vinna við breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna sé á lokastigi og texti um þessa breytingu verði settur þar inn. Því sé hugsanlegt að hefja framkvæmdir fyrr, eða haustið 2019.



Það verður til mikilla bóta fyrir ríðandi og gangandi umferð að fá reið- og göngubrú yfir Þjórsá á þessum stað.

Hér á eftir eru umsóknir og úthlutun á reiðvegafé til hestamannafélaga.

*Fh. Ferða- og samgöngunefndar
Halldór H Halldórsson.*



Erlendir bakpokaferðalangar við fræðslu- og upplýsingaskilti í Sóleyjardal.

Ljósmynd Guðrún S Magnúsdóttir